



ÚTIVERUBLAÐIÐ

Sérblað um skotveiði, heilsu og útivist fylgir Fréttablaðinu í dag.

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Fylgir blaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. september 2005 - 255. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 5...

FIMMTUDAGUR

Semur námsefnið sjálfur

Ólafur Gaukur stofnaði gítarskóla fyrir 30 árum. Honum er það jafn eðlilegt að spila og kenna eins og að anda og ganga.

TÍMAMÓT 28



Í höndum óhæfra

Össur Skarphéðinsson alþingismaður segir að örlög ákærunnar í Baugsmáliinu sýni að embætti Ríkislögreglustjóra sé í höndum óhæfra manna. Í öllum réttarrikjum „væru þeir nú settir til hliðar og í önnur verkefni meðan reynt er að tjásla því saman sem eftir er af embættinu“.

UMRÆÐAN 24

Ástarsaga í kirkjugarði

Leikstjórinn Tim Burton fylgir velgengni Kalla og súkkulaðiverksmiðjunnar eftir með frumlegri brúðuteiknimynd sem hefur alla burði til að slá í gegn.

KVIKMYNDIR 44



Frábær endurkoma Guðmundar

Guðmundur Guðmundsson er kominn aftur í íslenska boltann og strákarnir hans í Fram byrjuðu á því að leggja Íslandsmeistara Hauka að velli.


ÍPRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA SLYDDA á Vestfjörðum og norðan til á landinu. Skúrir eða slydduél austan til, annars úrkomulítið. Hiti 0-6 stig, mildast syðst. Viðast næturfröst.

VEÐUR 4



Einn hefur látist og fjórir veikst af hermannaveiki

Fimm hafa veikst af hermannaveiki það sem af er þessu ári, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Af þeim lést einn úr veikinni. Nýjasta tilfellið kom upp í ágúst. Hann segir bakteríuna lúmska og að hún geti leynst hvar sem er.

HEILBRIGÐISMÁL Fimm Íslendingar hafa veikst af hermannaveiki það sem af er þessu ári, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis hjá Landlæknisembættinu. Einn af þessum fimm lést af völdum veikinnar. Síðasta tilfellið sem kom upp var í ágústmánuði.

Mun fleiri hafa veikst á þessu ári en verið hefur undanfarin ár. Í fyrra veiktust tveir, árið þar áður greindist einn, þrír árið 2002. Þeir sem greinst hafa í ár hafa komið úr hinum ýmsu landshlutum.

„Þessi baktería er alls staðar,“ segir Haraldur um aðstæður sem eru fyrir hendi við sýkingu hermannaveikinnar. Hann segir að fjórir af þessum fimm einstaklingum sem veiktust á árinu hafi smitast hér heima. Einn hafi sýkst erlendis. Hermannabakter-



BAKTERÍAN ALLS STAÐAR Bakterían sem veldur hermannaveiki getur leynst í sturtuhausum og krönum sem hafa ekki verið notaðir lengi.

ían sé til að mynda algeng í Suður-Evrópu.

„Kjöraðstæður hermannaveikibakteríunnar eru 20-30 gráðu heitt vatn. Hún getur verið í sturtuhausum, krönum og vatni sem er kyrrstætt um tíma. Hún getur verið í því sem kallað er lífhúðir, sem

myndast oft í vatni og þá sem sleipt lag, til að mynda á steinum í pollum. Yfirleitt veikist fólk sem veikt er fyrir. Útbreiðslan er því tilviljanakennd. Þessi veiki smitast ekki á milli manna,“ segir Haraldur. Hann bendir á að fólki eigi að láta renna um stund úr krönum og sturtum sem ekki hafa verið notuð lengi. Með því móti skolist bakterían burt, sé hún á annað borð fyrir hendi. Svo drepist hún í 60 til 70 gráðu heitu vatni.

„Það má vel vera að það sé talsvert meira um smit á þessari bakteríu en greint er. Fólk veit þá bara ekki af því að það gengur með hana. Það fær einhverja „flensu“. Síðan myndar viðkomandi mótefni gegn bakteríunni þannig að hún drepst og er þar með úr sögunni.

- jss

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn:

Fálkanum gefið frelsi

DÝRALÍF Grænlandsfálka, sem dvalið hefur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum frá því í sumar, var sleppt við Hengil fyrripartinn í gær.

„Fálkinn sem er kvenfugl kom í garðinn eftir að hafa fundist grútarblautur á Snæfellsnesi. Grúturinn var þveginn af fuglinum en til þess þurfti tvo þvotta. Að þeim loknum fékk hún að jafna sig í útibúrum í garðinum og náði fyrir þreki,“ segir í tilkynningu frá garðinum. Vonir standa til að fuglinn nái að að spjara sig í íslensku umhverfi, en haft er eftir Ólafi Nielsen, vistfræðingi á Náttúrufræðistofnun, að flestir Grænlandsfálkar séu farnir af landi brott til vetrarstöðva.



GRÆNLANDSFÁLKINN Fálkanum sem dvalið hefur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var í gær sleppt við Hengil.

- óká

Mótmæli við Ráðhúsið:

Unglingur handtekinn

MÓTMÆLI Fjórtaán ára piltur var handtekinn við Ráðhús Reykjavíkur í gærkvöld þar sem Náttúruvaktin, baráttusamtök fyrir náttúruvernd, stóð fyrir mótmælum. Mótmælendinn ungi beraði á sér afturendann og færði lögregla hann á lögreglustöð þangað sem foreldrar sóttu hann.

Í ráðhúsinu stóð yfir móttaka gesta á ráðstefnu um skautsmíðju fyrir áliðnað.

Lögregla segir mótmælin hafa farið friðsamlega fram og áætla að um fimmtíu manns hafi tekið þátt í þeim. Mótmælendur telja þó að þarna hafi verið hátt í 150 manns. Einnig var mótmælt við Nordica hótél í gærmorgun, en þar er ráðstefnan haldin.

- saj



ÁLIÐNAÐI MÓTMÆLI Félagar í Náttúruvaktinni komu saman við Ráðhús Reykjavíkur í gær og mótmæltu virkjanaframkvæmdum og álverum. Í Ráðhúsinu var móttaka vegna ráðstefnu sem haldin er í Reykjavík þar sem rætt er um skautverksmíðju fyrir áliðnað.

F...



ÆFINGAR ELDRI BORGARA Myndin er frá 20 ára afmælishátíð Íþróttafélags aldraðra fyrr á árinu.

eru þeir frá 63 og upp í 86 ára. Leikfimiæfingar af ýmsum toga verða sýndar en einnig aðrar íþróttagreinar, til dæmis boccia. Hópurinn ráðgerir að leika listir sínar á Íslandi 5. nóvember áður en haldið verður utan.

- bps

TÍSKU DAGAR

15.-25. SEPTEMBER

TÍSKUVIÐBURÐIR Á MILLI 19 OG 21

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Kringlan

MEÐ ALLT Á EIGNUM STÓÐ



SPURNING DAGSINS

Kjartan, er þetta steinrunnin umræða?

„Spurðu Steinunni.“



Á SLYSSTAÐ Þrír voru fluttir undir lækni-hendur eftir harkalega aftanákeyrslu á Njarðarbraut í Reykjanesbæ nokkru eftir klukkan sex í gærðag.

Reykjanesbær:

Þrír slasaðir eftir árekstur

LÖGREGLA Laust eftir klukkan sex í gærðag var fólksbifreið ekið aftan á flutningabifreið við hraðahindrun sem nýbúið er að setja upp á Njarðarbraut í Reykjanesbæ.

Þrír voru fluttir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eftir slysið, ökumaður og farþegi fólksbílsins, auk ökumanns flutningabifreiðarinnar. Nokkur viðbúnaður var vegna slyssins, en á vettvang för bæði lögregla og sjúkrabifreiðar frá Brunavörnum Suðurnesja. Ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um meiðsl fólksins hjá lögreglu í Keflavík, en þau voru þó talin allnokkur.

Fólksbíllinn var fluttur af vettvangi með dráttarbífreið, mikið skemmdur.

HVALFJARÐARGÖNG

FIKT KOM AF STAÐ ÚTKALLI Slökkvibílar voru sendir bæði frá Akranesi og Reykjavík þegar viðvörunarkerfi fór í gang í Hvalfjarðargöngunum í gær. Ekki var þó hætt á ferðum heldur hafði einhver losað handslökkvitæki í göngunum, en þau eru tengd kerfinu.

SJÁVARÚTVEGUR

STEINBÍTSVEIÐAR BANNAÐAR Sjávarútvegsráðuneytið hefur bannað veiðar á steinbít á ákveðnum svæðum á Látragrunni frá og með laugardeginum 24. september til loka marsmánaðar 2006.

Ríkislögreglustjóraembættið svarar gagnrýni vegna Baugsmálsins:

Dylgjur stjórnmálamanna eru óþolandi

BAUGSMÁLID Embætti Ríkislögreglustjóra hafnar því alfarið að lagt hafi verið upp í rannsóknina á Baugi á öðrum forsendum en faglegum. „Lög og reglur gilda um hvernig rannsóknir byrja og eftir þeim hefur verið farið nákvæmlega,“ segir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra.

Hann gagnrýnir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, sem enn segist þeirrar skoðunar að rætur Baugsmálsins liggi meðal annars í andrúmslofti sem ráðamenn hafi átt þátt í að skapa.

Arnar segir gagnrýni af hálfu

sakborninga og verjenda eðlilega og ekki við öðru að búast frá þeim. „En við gerum mikinn greinarmun á því þegar einhverjir ráðamenn eru farnir að hoppa upp í þann vagn. Sérstaklega þegar fram koma órókstuddar dylgjur um að við séum handbendi spilltra stjórnmálamanna í svona stóru og alvarlegu máli. Undir því finnst okkur óþolandi að sitja,“ segir Arnar.

„Að sjálfsögðu er mjög slæmt að leggja fram ákæru sem dómáram telja gallaða, en verður þó að skoða í því samhengi að saksóknari skrifar ákæruna meðvitað á ákveðinn hátt og lætur reyna á



FRÉTTABLAÐIÐ/E. OL

fyrir dómi. Þarna eru saksóknarinn og dómariinn bara ósammála,“ segir hann og telur mikilvægt að biða úrskurðar Hæstaréttar en þangað verður málinu áfrýjað.

„Vandinn felst kannski í að reynt var að gera þremur tegundum brota skil í einni verknaðarlýsingu,“ segir hann.

Arnar segist ekki geta svarað hvað verði taki Hæstiréttur undir með héraðsdómi. „Saksóknari ákveður það, en ég tel hann nú hafa gefið í skyn, að ákæru verði gefnar út að nýju.“

- óká

ARNAR JENSSON
AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Stærra og dýrara en ráðgert var í fyrstu

Fyrirtækið Portus Group var í gær valið til þess að hanna, reisa og reka tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og hótél við Austurhöfnina í Reykjavík. Þetta var niðurstaða matsnefndar Austurhafnar-TR ehf. Austurhöfn-TR er í eigu borgar og ríkis.

TÓNLISTARHÚS „Þetta varð hörku vítaspyrnukeppni að lokum,“ sagði Björgólfur Guðmundsson, bankastjóri Landsbankans, þegar niðurstöður útboðs um hönnun, byggingu og rekstur tónlistarhúss við Austurhöfnina í Reykjavík voru kynntar í gær. Það var fyrirtækið Portus Group sem hreppti hnossið og var tilboð þeirra valið sem vænlegasti kosturinn. Portus Group er í eigu Nýsis hf., Íslenskra aðalverkataka og Landsafls, en Landsafl er í eigu Landsbankans.

Tilboð Portus Group hljóðar upp á tólf milljarða en upphafleg kostnaðaráætlun Austurhafnar-TR miðaðist við 8,5 milljarða króna. Tilboðið er þannig 3,5 milljörðum yfir áætlun. Byggingin verður um það bil 6000 fermetrum stærri upphaflega var gert ráð fyrir. Árlegt framlag vegna kostnaðar, vaxta og rekstrar er áætlaður 600 milljónir króna eftir sem áður.

Byggingin kemur til með að rúma 1.800 sæta tónleikasal, ráðstefnusal með 750 sætum ásamt



TÓNLISTARHÚS, RÁÐSTEFNUMIÐSTÖÐ OG HÓTEL Hér má sjá tölvugerða mynd af hluta hússins. Arkitektarnir unnu með Ólafi Elíassyni listamanni að hönnuninni og er verk Ólafs notað sem hluti af byggingunni.

sýningaraðstöðu, kammermúsíksal fyrir 450 áheyrendur sem og minni sal sem tekur um 200 manns. Þar verða jafnframt fundarherbergi, forsalir og veitingaaðstaða. Samtengt hótél verður 250 herbergja. Samkomulag hefur verið gert við hótélkeðjuna Starwood Hotels um rekstur á hótelinu, en Starwood

rekur meðal annars Sheraton, Four Points og W-hótél.

Það kom í hlut þeirra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra að afhjúpa líkan af byggingunni og svæðinu við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í gær. Austurhöfn-TR, sem er fyrirtæki í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar, hefur séð um undirbúning verkefnisins síðan árið 2003.

Stefán Baldursson, formaður matsnefndarinnar, sagði í gær að nefnin hafi álitnið einróma að vinningsstillagan væri afar glæsileg. Byggingin kæmi til með að verða áhrifamikil kennileiti í ásjáð höfuborgarinnar.

Hægt verður að skoða líkón og myndir af húsinu ásamt öðrum tilögum í Þjóðmenningarhúsinu fram til fimmta október. Húsið á að verða tilbúið árið 2009.

saj@frettabladid.is



KAMPAKÁT Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Björgólfur Guðmundsson Landsbankastjóri og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

Kárahnjúkaverkefni Slippstöðvarinnar á Akureyri:

Erlendir starfsmenn sendir heim

ATVINNA Allir íslenskir starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri, sem unnu við samsetningu á þrýstípípum í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar, eru farnir af virkjunarsvæðinu en þeir voru innan við tíu talsins. Fimmtán pólskir starfsmenn Slippstöðvarinnar við Kárahnjúkavirkjun fara utan einhvern næstu daga.

Slippstöðin var undirverktaki DSD Stahlbau GmbH við verkið en í kjölfar greiðslustöðvunar Slippstöðvarinnar sögðu Þjóðverjarnir samningi sínum við Slippstöðina upp og hyggst félagið nota sína eigin starfsmenn til að ljúka verkinu.

Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar, segir að þótt starfsmenn Slippstöðvarinnar hafi lent í byrjunarerfiðleikum við verkið, og loks gengið úr skaftinu í síðustu viku, þá sé



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

STARFSMAÐUR SLIPPSTÖÐVARINNAR Allir starfsmenn Slippstöðvarinnar við Kárahnjúka verða sendir heim og störf rúmlega 100 starfsmanna félagsins á Akureyri eru í upplausn eftir að félagið fékk greiðslustöðvun.

verkið enn á tímaáætlun. Skýrist það af því að Fosskraft, sem sá um að grafa aðfallsgöngin, lauk því verki á undan áætlun sem

gerði starfsmönnum Slippstöðvarinnar kleift að hefja vinnu við samsetningu þrýstípípanna fyrr en áætlað var.

- kk

LYSTADÚN
Marco

Glæsilegir amerískir hvíldarstólar, verð frá **kr. 22.450**

RÝMINGA DAGAR

Opíð virka daga: 10-18 & laug: 11-15
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500



Frábær
eriku- og haust-
plöntusýning í
Sigtúni

4^{stk}
erikur
999

erikusýning



Nú er haustlaukatíminn



Heilsársseríur 499


blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 21.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	61,07 61,37
Sterlingspund	GBP	110,57 111,11
Evra	EUR	74,63 75,05
Dönsk króna	DKK	10,004 10,062
Norsk króna	NOK	9,571 9,627
Sænsk króna	SEK	7,997 8,043
Japanskt jen	JPY	0,5486 0,5518
SDR	XDR	89,4 89,94

Gengisvísitala krónunnar

104,741

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ratsjárstofnun:

Lög vantar um stofnunina



ÖSSUR SKARP-
HÉÐINSSON

Ætlar að leggja fram fyrirspurn um rekstur Ratsjárstofnunar.

„Hvað gerist svo þegar verið er að leggja niður störf? Hvaða réttinda njóta þessir menn þá?“ spyr hann og ætlar að kalla eftir svörum á Alþingi.

- óká

Bandaríkin leita stuðnings:

Öryggisráðið stefni Íransstjórn



KAJARNORKUMÁLIN
RÆDD

Gholamreza Aghazadeh talar við fjölmiðla í höfudstöðvum IAEA í Vínarborg í gær.

Það er gólamreza Aghazadeh, varaforseti Írans, sagði í gær að Íranar myndu virða ákvæði alþjóðasamningsins gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna, hver sem niðurstaða atkvæðagreiðslunnar yrði. Hann dró þó enga dul á andúð sína á viðleitninni til að koma málinu í hendur öryggisráðsins.

■

4

FRÉTTABLAÐIÐ

22. september 2005 FIMMTUDAGUR

Síminn hagræðir í rekstri þjónustustöðva:

Lokað á Blönduósi og Siglufirði



BLÖNDUÓS

Lokun þjónustustöðvar Símans á Blönduósi og uppsagnir þar eru sagðar mikild reidarslag fyrir starfsmenn, en tveir hafa unnið þar frá því fyrir 1970, að sögn Jóns Bjarnasonar þingmanns.

asta laugardag, ekki hafa beðið boðanna og ákveðið lokanirnar.

Eva segir ekki hafa verið teknar ákvarðanir um frekari uppsagnir. „En miklar tæknibreytingar hafa orðið til þess að störfum hefur fækkað í þessari ákveðnu deild,“ segir hún og bendir á að fjöldi og staðsetning starfsstöðva Símans hafi verið ákveðinn fyrir mörgum áratugum þegar samgöngur voru lakari og viðhaldi á kerfinu var sinnt með öðrum hætti.

- óká

Ungir sjálfstæðismenn:

Deila um þingsæti

STJÓRNMÁL

Deilt er um hvaða félagar reykvíska félagsins Heimdalls fái að sækja þing Sambands ungra sjálfstæðismanna 30. september.

Um tuttugu, sem fá að sækja þingið sem aukamenn, auk tíu annarra hafa mótmælt mannavali á þingið og segja 50 nýskráða félaga tekna fram yfir fyrrverandi stjórnarmenn í Heimdalli.

Bolli Thoroddssen, formaður Heimdallar, segir þá hafa forgang að þinginu sem hafi verið virkir í starfinu í vetur: „Auk þeirra voru stjórnarmeðlimir Heimdallar og SUS, kjörnir fulltrúar flokksins auk eldri forystumanna Heimdallar settir í forgang.“

-ss

Kraftur Ritu meiri en Katrínar

Fellibylurinn Rita sækir nú í sig veðrið yfir Mexíkóflóa og stefnir á land í Texas í vikulokin. Um milljón íbúar hafa fengið áskorun um að yfirgefa heimili sín vegna hættunnar enda vindhraðinn allt að 240 kílómetrar á klukkustund. Fellibylurinn hefur náð fimm stigum og er því kraftmeiri en Katrín.



FELLIBYLURINN RITA HEFUR ÞEGAR FARIÐ YFIR KÚBU

Hér gengur ung stúlka, frá bænum El Cajio á Kúbu, niður götu í höfuðborginni Havana. Fellibylurinn Rita fór yfir norðurhluta landsins í gær og hefur nú náð fimmta stigi, er kraftmeiri en Katrín var.

fellibylsins Ritu um 420 km vestur af Key West á Flórída, yfir 1200 km aust-suð-austur af Corpus Christi í Texas, en í þá átt stefndi fellibylurinn á um 20 km hraða á klukkustund. Að mati veðurfræðinga gæti hann færst upp á land á laugardag einhvers staðar á bilinu frá Norður-Mexíkó til Louisiana, sennilegast þó í Texas.

Chris Landsea, veðurfræðingur við fellibyljamiðstöðina í Miami, sagði að Rita gæti styrkst upp á land á laugardag einhvers staðar á bilinu frá Norður-Mexíkó til Louisiana, sennilegast þó í Texas.

upp á fimmta stigs fellibyl, með vindhraða yfir 250 km/klst, er bylurinn færast yfir heitan sjóinn í Mexíkóflóa. Sá möguleiki væri hins vegar líka fyrir hendi að það drægi úr styrk hans áður en hann gengi á land.

audunn@frettabladid.is

Rafiðnaðarmenn rafhönnuðir arkitektar



Munið nýja stórglæsilega vörulistann okkar sem sýnir á yfir 500 síðum hið mikla úrval raflagnaefnis og lýsingarþúnaðar sem við höfum á boðstólum.

Komið í heimsókn og fáið eintak.

SMITH & NORLAND

Nóttunni 4 + 105 Reykjavík Sími 920 3060 • www.smithnorland.is

VEÐURSPÁ

um hádegis »



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur


JAFNDÆGUR AÐ HAUSTI Í DAG

Jæja nú eru þau helm-ingaskipt dagurinn og nóttin og á morgun verður dagurinn um 7 mínútum styttri en hann er í dag. Og veðrið staðfestir þetta. Norðanhret með snjókomu eða slyddu og nokkrum vindi nýrðra. Syðra verður úrkomu-minnst suðvestan til.

HORFUR Í HÖF-
UÐBORGinni


Norðlæg átt. Hæg í fyrstu en bætir í eftir hádegis. Skúrir fyrir hádegis en síðan úr-komunna. Hiti 2-6 stig yfir daginn en fyrstir næstu nótt.

» á morgun



Fremur stíf norðanátt

» laugardagur



Stíf norðvestanátt á annesjum norðaustan til.

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	París	23°C hálfskýjað	Alicante	27°C heiðskirt
Oslo	15°C alskýjað	Berlín	21°C hálfskýjað	Milano	23°C léttskýjað
Stokkhólmur	21°C hálfskýjað	Frankfurt	20°C heiðskirt	New York	29°C heiðskirt
Helsinki	16°C hálfskýjað	Madrid	28°C heiðskirt	San Francisco	19°C hálfskýjað
London	21°C hálfskýjað	Barcelona	23°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C þrömuveður

* Sveði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

GH - SM 05 06 002

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

Kannaðu málið!

Bókaðu fund hjá ráðgjafa á www.kbbanki.is,
í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka.
Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við
þínar aðstæður.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík





KJÖRKASSINN

Á að grafa göng um Óshlíð sem er milli Hnífsdals og Bohungarvíkur?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	59,05%
Nei	40,95%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á ákærvaldið að sæta ábyrgð vegna Baugsmálsins?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir efast um hæfi saksóknara Ásakanir án innistæðu

BAUGSMÁL „Mér finnst þetta mjög alvarleg tíðindi fyrir íslenskt réttarkerfi vegna þess að ákæra hefur í för með sér slíka röskun á höfum fólks að það verður að gera kröfu til ákærvaldsins um að skýrt komi fram í hverju brot er falið og gegn hverju og hverjum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Hún segir það grundvallar-mannréttindi að geta varist ákærum ekki síst af hálfu hins opinbera ákærvalds. Þess vegna þurfa rök-in að vera mjög skýr. Það virðist vanta upp á það í þessu máli og það finnst mér mjög alvarlegt eftir þriggja ára rannsókn.

Ingibjörg Sólrún telur verðugt

að skoða þrennt ef niðurstaða Hæstaréttar verður á sama veg og í undirrétti.

„Í fyrsta lagi verður að skoða hvort ekki komi til greina að að-skilja rannsóknarvald og ákæru-vald.

Í öðru lagi þarf að ganga úr skugga um hvort þeir sem unnu að málinu séu til þess bærir eða hæfir að vinna með málið áfram. Þeir hafa sagt að þeir muni gefa út nýja ákæru. Ég dreg í efa að þeir séu til þess bærir.

Í þriðja lagi vakna spurningar um það hver beri ábyrgð á því að farið sé fram með svo þungar ásakanir án þess að fyrir þeim sé nægileg innistæða.“

- jh



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Formaður Samfylkingar segir alvarleg tíðindi fyrir íslenskt réttarkerfi að Baugsmálinu hafi verið vísað frá.

Kaupfélag Eyfirðinga: Fjölgar fólki um 50 prósent

ATVINNA Kaupfélag Eyfirðinga hefur auglýst eftir markaðs- og kynningarfulltrúa.

Um er að ræða nýtt starf hjá félaginu en starfsmönnum KEA mun fjölga úr tveimur í þrjá eða um helming með ráðningunni, en nú eru einungis framkvæmdastjóri og aðstoðarmaður framkvæmdastjóra starfandi hjá félaginu.

Á meðal verkefna markaðs- og kynningarfulltrúa KEA verður þjónusta við félagsmenn, skipu-lagning viðburða auk annars kynningarstarfs og umsjón með heimasíðu félagsins.

- kk



EINAR K. GUÐFINNSSON „En úrskurðurinn er vitanlega neikvæður fyrir lögregluna og saksóknara.“

Einar K. Guðfinnsson: Neikvætt fyrir lögregluna

BAUGSMÁLID „Það hefur verið ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar og ég tel skynsamlegast að biða eftir því,“ segir Einar K. Guðfinnsson, þingflokkssformaður Sjálfstæðisflokksins um Baugs-málið eftir að því var vísað frá dómi.

„Það er með þetta mál eins og önnur að rétt er að láta dómstóla um að kveða upp dóma. En úr-skurðurinn er vitanlega neikvæður fyrir lögregluna og saksóknara málsins.“

Einar vill ekki tjá sig um það hvort rétt sé af löggjafanum að fara yfir vinnubrögð hjá efna-hagsbrotadeild Ríkislögreglu-stjóra. „Ég býst við að þar á bæ sjái menn ástæðu til þess að fara yfir málin,“ segir Einar.

- jh

ÓLAFSEJÖRÐUR

INNRETTAR SJÚKRABÍLA Bifreiða-verkstæðið Múlatindur á Ólafs-firði innréttar átta sjúkrabifreiðar fyrir Rauða kross Íslands fyrir 46 milljónir króna. Fjórar bifreiðar gætu bæst við, að því er dagur.net greinir frá. Alls bárust tólf tilboð frá fimm í verkíð. Múlatindur átti þrjú lægstu til-boðin en fjórða lægsta tilboðið kom frá Try Star í Kanada.

Lögspekingar og áhugafólk velja því fyrir sér nú hvað verði um Baugsmálið ef Hæstiréttur dæmir á sama veg og héraðsdómur og vísar ákærunum í Baugsmálinu frá dómi í heild sinni. Þeir hinir sömu eru að meira eða minna leyti sam-mála um að niðurstaða Héraðs-dóms Reykjavíkur, sem vísaði málinu öllu frá en ekki að hluta, sé meiriháttar áfall fyrir embætti Ríkislögreglustjóra og saksóknara.

Fljótt á litið getur Hæstiréttur staðfest úrskurð héraðsdóms og þar með væri málinu endanlega vísað frá dómi í núverandi búningi.

Lögfræðingar, þeirra á meðal Eiríkur Tómasson prófessor og fleiri, hafa bent á að ekket banni að aftur verði ákært.

Í úrskurðinum frá því á þriðju-dag hefur verið staldrað við það álit dómaraanna í undirrétti að verknaðarlýsing á meintum brot-um sakborninga í Baugsmálinu væru ófullnægjandi af hálfu ákærandra.

Í þessu sambandi er athyglis-vert að skoða dóm Hæstaréttar sama dag í máli Auðar Sveinsdótt-ur Laxness gegn Hannesi Hólms-teini Gissurarsyni um meint brot á höfundarrétti gegn Halldóri Laxness. Undirréttur hafði vísað málinu frá og Auður skaut því til Hæstaréttar.

Í dómi Hæstaréttar í þessu máli segir að enda þótt fallist verði á með héraðsdómara að í stefnu sé lýsing málsástæðna ágripskennd sé þess að gæta að krafa Auðar sé einkarefsikrafa. Verði í því ljósi að telja Auði hafa sett fram nægilega skýrt í hverju ætluð brot Hannesar Hólmsteins felist að hennar mati, en hafa verði í huga að ekki séu gerðar sömu kröfur um framsetningu stefnu í einkarefsimáli og gerðar

séu til ákæru í opinberu máli samkvæmt lögum um meðferð opin-bera mála.

Af þessum sökum þykir dóm-urum ekki næg efni til að vísa frá dómi refsikröfu Auðar enda verði ekki fallist á með Hannesi Hólms-teini að ætlaður óskýrleiki í kröfugerð Auðar sé þess eðlis að hann fái ekki tekið til varna með eðlilegum hætti.

Með ofangreindum hætti tók Hæstiréttur sérstaklega fram – sama dag og Baugsmálið var til úrskurðar í Héraðsdómi Reykja-víkur – að ríkari kröfur séu gerðar í opinberu máli – eins og Baugsmálinu – en einkarefsimáli Auðar Laxness gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni.

Baugsmálinu hefur einnig verið líkt við Hafskipsmálið fyrir 20 árum. Saksóknari í málinu var í Hæstarétti dæmdur vanhæfur til að sækja málið. Það tengdist meðal annars Útvegsbankanum sáluga en þar sat bróðir hans í bankaráði. Dómstólar létu ákærandra ekki í té neinar leiðbeiningar um það hvern-ig bæta eða breyta mætti ákærun-um. Í Baugsmálinu neyddust dóm-ararnir til þess að vekja athygli ákærandra á að verknaðarlýsingar á meintum brotum væru ófullnægj-andi í 18 af 40 ákærum. Því má segja að í Baugsmálinu hafi dóm-stóllinn með þeim hætti gefið ákærandra leiðbeiningar eins og Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ás-geirs Jóhannessonar, hefur þrífaldlega bent á.

Það sem skiptir ekki minna máli er ef til vill það að frá því dæmt var í Hafskipsmálinu hafa Íslendingar lögleitt Mannrétt-indasáttmála Evrópu og breytt mannréttindakafla stjórnarskrár-innar árið 1995.

Í 70. grein stjórnarskrárinnar



GESTUR JÓNSSON VERJANDI JÓNS ÁSGEIRS JÓHANNESSONAR „Það getur ekki verið ætl-unin að ákærvaldið komi fram með ákærum sem ekki standist og fái síðan leiðbeiningar dómstóla um það hvernig gera eigi ákæurnar úr garði.“

er nú kveðið á um að öllum beri réttlát málsmeðferð innan hæfi-legs tíma fyrir óháðum og óhlut-drægum dómstólum.

Í 6. grein Mannréttindasátt-mála Evrópu er algerlega sam-bærilegt ákvæði um réttláta máls-meðferð innan hæfilegs tíma frammi fyrir sjálfstæðum og óvil-höllum dómstóli.

Fari svo að Hæstiréttur stað-festi úrskurð undirréttar og Baugsmálinu verði endanlega ví-sað frá gæti saksóknari ákært á nýjan leik. Málið yrði sett í nýjan búning. En yrði það rannsakað á ný? Yrðu settar fram aðrar eða nýjar ákæru? Hvað um nýja hús-leit?

Ef nýjar ákæru koma aftur fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur

verða dómara í það skipti að fletta upp í stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu. Og þann dag gætu hæglega verið fjögur ár frá fyrstu húsleit hjá Baugi. Og ákærandra væri einnig í raun gefið annað tækifæri til að lagfæra ákæru að kröfum dóm-stólanna.

Yrði þetta dæmi um réttláta málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstólum í skilningi stjórnar-skrárinnar og Mannréttindasátt-mála Evrópu? ■



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



Viltu stofna fyrirtæki?

Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjud. 27. sept., 4. og 11. okt. kl. 17-20 að Hallveigarstíg 1, Reykjavík. Boðið verður upp á léttan kvöldverð í hléi. **Verð 25.000 kr.**

Fyrirlesari er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

Námskeiðið verður haldið á Akureyri 21. og 22. okt. nk.

Sjá námskeiðslýsingu á [www.isjuris.is](#)

Nánari upplýsingar og skráning í sínum

520-5580, 520-5588, 894-6090 eða á alb@isjuris.is

Steingrímur J. Sigfússon um stöðuna í Baugsmálinu Stóraráfall fyrir ákærandra

BAUGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður og formaður vinstri grænna segir það áfall eftir við-tæka og harkalega aðgerð af hálfu lögreglu og ákærandra að uppsker-an skuli ekki vera meiri en raun ber vitni í Baugsmálinu. „Það er ekki hægt annað en að líta á þetta sem stóraráfall fyrir ákærvaldið.“

Hann segir að útreið Baugs-málsins í dómskerfinu gefi tilefni til þess að fara yfir starfsaðferðir og vinnubrögð efnahagsbrotadeild-ar og athuga hvort þau séu í nægi-lega góðu lagi.

Héraðsdómur Reykjavíkur vís-aði ekki aðeins átján ákærum frá heldur öllu málinu sem kunnugt er. „Vera má að héraðsdómur sé að verja sig fyrir mögulegri ofanígjöf frá Hæstarétti minnugur þess að hann hefur rekið mál til baka og sagt að þau hafi ekki verið nógu vel undirbúin.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON „Það er ekki hægt annað en að líta á þetta sem stóraráfall fyrir ákærvaldið.“

Steingrímur telur að réttarríkið hefði virkað ef niðurstaðan hefði verið sú að ekki væri efni til ákæru eftir rannsókn málsins. „Það er allt

annað og verra þegar ákærandi tel-ur sig hafa efni til að ákæra í tug-um liða og ákæru reynast svo ónýtir.“

- jh

Amerískir dagar

í Hagkaupum



eldaður kjúklingur

8 tegundir:

- Southwest Chicken Breast Strips
- Buffalo Style Chicken Strips
- Chicken Breast Strips
- Crispy Chicken Strips
- Fajita Chicken Strips
- Mesquite Breast Fillets
- Chicken Nuggets
- Chicken Enchiladas

Nýtt
í Hagkaupum

40%
afsláttur við
kassa



Hunt's tómátvörur
- heil fjölskylda af tómátvörum



Ben & Jerry's ís
- alvöru amerískur ís á góðu verði

TILBOÐ
499 kr/stk
Verð áður 735,-

Earthbound Farm

Lífrænt ræktað
grænmeti og ávextir



Nýtt
í Hagkaupum



Chicago Town desert kökur
- 2 teg. nýjasta nýtt

Nýtt
í Hagkaupum

Gott verð
399 kr/stk



Carberry's ekta brownie og muffins
- beint frá Ameríku



Lucky Charms með súkkulaði
- frábær njúning

Nýtt
í Hagkaupum



Hersey's súkkulaði
- 6 nýjar tegundir

Nýtt
í Hagkaupum

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

1

Hvern varði Gestur Jónsson í Baugs-
málinu?

2

Í hvaða héraði í Eþíópíu hafa ljón
étið tuttugu manns?

3

Hvaða þætti stjórnar Tyra Banks?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Farsímaeign Íslendinga: Næstum einn sími á mann

FJARSKIPTI Ný samantekt Póst- og fjarskiptastofnunar leiðir í ljós að nærri liggur að sérhver Íslendingur eigi farsíma. Alls eru 273 þúsund slíkir símar skráðir hér á landi. Síminn er með flesta áskrifendur, 64,5 prósent farsímanotenda og 66,4 prósent þeirra sem eru með f y r i r f r a m greidd símkort. Langdrægir NMT-farsímar eru samtals 20.564 talsins og eru allir í áskrift hjá Landsímanum, að því er fram kemur í tölum Póst- og fjarskiptastofnunar.



FARSÍMI Næstum því sérhvert mannsbarn á Íslandi á farsíma.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

22. september 2005 FIMMTUDAGUR

OgFjarskipti og Íslenska sjónvarpsfélagið:

Ræðast við um samskipti

FJARSKIPTI OgFjarskipti og 365 ljósvakamiðlar sendu inn bréf til Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins fyrir helgi þar sem óskað var eftir viðræðum um með hvaða hætti Íslenska sjónvarpsfélagið muni afhenda OgFjarskiptum og 365 ljósvakamiðlum sjónvarpsmerki sitt. Jafnframt var óskað eftir viðræðum um með hvaða hætti Síminn myndi dreifa efni 365 ljósvakamiðla á breiðbandinu. Eiríkur S. Jóhannsson, forstjóri OgVodafone segir að ekkert svar hafi enn borist. „Það hafa gengið á milli bréfaskipti í langan tíma áður en úrskurður samkeppniseftirlitsins kom. Eftir þennan úrskurð, þá höfum við sent bréf, en ekki borist svar. Við trúum því að þeir ættu að geta farið að koma bréfi saman, eða nota símann. Það er vonandi að þessi félög nái að vinna úr þessari niðurstöðu.“ Eiríkur segir að þegar hafi komið beiðni frá Tengi á Akureyri um dreifingu efnis 365 ljósvakamiðla eftir að bráðabirgðaurður samkeppniseftirlitsins barst og þeirri beiðni hafi verið svarað. - ss

EIRÍKUR S. JÓHANSSON Forstjóri OgVodafone segir að vonandi nái OgFjarskipti og Íslenska sjónvarpsfélagið samningum um að félögin skiptist á sjónvarpsmerkjum.



Flughálka á Reykjanesbraut:

Bílvelta í hálkunni

LÖGREGLA Bílvelta varð á Reykjanesbrautinni í gærmorgun. Sautján ára stúlka missti stjórn á bifreið sinni við Grindavíkurfleggjara, en mikil hálka var á þessum slóðum. Bíllinn fór upp á eyju, þaðan á umferðarmerki og endaði á hliðinni. Stúlkann slapp án teljandi áverka. Flutningabíll stoppaði á vettvangi og hlúði bílstjórinn að stúlkunni. Á meðan missti annar bílstjóri stjórn á bifreið sinni og endaði á flutningabílnum. Maðurinn slapp við meiðsli en bíllinn var óökuhæfur eftir.

Rannsókn lögreglu á sjóslysi á Viðeyjarsundi þar skemmtibátur sigldi á Skarfasker heldur áfram:

Ekki upplýst um atvik að sinni

SJÓSLYS Skýrslutökur standa enn í rannsókn Lögreglu í Reykjavík á slysinu sem varð á Viðeyjarsundi aðfaranótt laugardagsins 17. september. Í slysinu fórust maður og kona, en hjón komust af nokkuð slösuð ásamt 10 ára syni sínum lítt meiddum. Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir að ekki verði upplýst um niðurstöður blóðrannsóknar með tilliti til áfengismagns, né heldur nákvæmlega hversu hratt báturinn fór þegar hann rakst á skerið. Í tilkynningu lögreglu fyrir helgi kom fram að áfengi hafi verið haft um hönd og að báturinn hafi verið „á talsvert miklum hraða“ við áreksturinn. Sömu leiðis segir hann ekki verða upplýst fyrr en að rannsókn lokinni hver hafi verið við stýrið þegar áreksturinn varð, en rannsókn lögreglunnar miðar að því að upplýsa með öyggjandi hætti alla þætti slyssins. Gera má ráð fyrir að lögregla styðjist bæði við framburð fólksins sem af komst, auk þess sem áverkar fólksins kunni að gefa vísbendingar um hvar hver var staddur í bátnum þegar hann rakst á skerið. Ekki liggur fyrir hvenær vænta má að rannsókn ljúki. - óká

BÁTURINN FLUTTUR Í LAND Myndin er tekin þegar báturinn sem fórst fyrir rúmri viku á Viðeyjarsundi var fluttur í land, daginn eftir slysið. Rannsókn á tildrögum þess stendur enn og ekki útlit fyrir að henni ljúki á allra næstu dögum.



MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING

Sony Computer Entertainment Europe tilkynnir innköllun ákveðinna AC millistykka sem seld voru með PlayStation 2 slimline

Sony Computer Entertainment Europe (SCEE) hefur staðfest mögulegar öryggisáhyggjur af ákveðnum AC millistykkjum sem seld voru með nýju PlayStation®2 slimline.

Ákveðin AC millistykki sem staðfest er að voru framleidd milli ágúst og desember 2004, og fylgdu með svörtu PlayStation 2 slimline gerðunum SCPH70002, 70003 og 70004 geta offhitnað og valdið neytendum slysaðættu. Líklegt er að nokkrar þessara eininga hafi jafnvel verið til sölu eftir þessar dagsetningar. Engar aðrar PlayStation 2 einingar eru í hættu.

Til að tryggja gæði og öryggi PlayStation neytendavara hefur SCEE tekið þá ákvörðun að afturkalla öll viðkomandi AC millistykki í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Ástralíu.


Neytendur sem bera kennsl á AC millistykkið sitt af skýringarmyndinni hér að neðan óöruggt ættu að gera ráðstafanir til endurnýjunar með því að heimsækja:

www.ps2ac.com

Neytendur geta einnig haft samband við hjálparlínu sem tileinkuð er afturkölluninni í síma 591-5199*. Nýtt AC millistykki verður afhent án endurgjalds. Vinsamlegast farið ekki með AC millistykkin aftur á sölustað.

Sem forvarnaðagerð, og þar til nýtt millistykki hefur verið útvegað, ráðleggur SCEE neytendum sem eiga óöruggt AC millistykki samkvæmt tilkynningu þessari að taka PlayStation 2 úr sambandi og hætta notkun þar til útvegað hefur verið nýtt AC millistykki.

Við viljum biðjast afsökunar á þeim óþægindum sem þetta veldur.



AC millistykki

Power Cord

Black slimline PlayStation®2

1. Aðeins AC millistykki með kóðanum:
HP-AT048H03

2. Aðeins AC millistykki sem innihalda einn af eftirfarandi dagsetningarkóðum:

2004.08

2004.09

2004.10

2004.11

2004.12

*Rafmagnssnúra

Flughálka á Reykjanesbraut:

Bílvelta í hálkunni

LÖGREGLA Bílvelta varð á Reykjanesbrautinni í gærmorgun. Sautján ára stúlka missti stjórn á bifreið sinni við Grindavíkurfleggjara, en mikil hálka var á þessum slóðum. Bíllinn fór upp á eyju, þaðan á umferðarmerki og endaði á hliðinni. Stúlkann slapp án teljandi áverka. Flutningabíll stoppaði á vettvangi og hlúði bílstjórinn að stúlkunni. Á meðan missti annar bílstjóri stjórn á bifreið sinni og endaði á flutningabílnum. Maðurinn slapp við meiðsli en bíllinn var óökuhæfur eftir.

Norðurárdalur:

Rotaðist í bílveltu

LÖGREGLA Ökumaður bíls sem fór út af veginum og valt í Norðurárdal síðdegis í fyrradag var fluttur með sjúkrabifreið á slyshadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi í Reykjavík. Maðurinn sem var einn í bílnum fékk talsvert höfuðhögg og rotaðist. Að sögn vakthafandi læknis á slyshadeild virtist maðurinn ekki hafa orðið fyrir alvarlegum skaða við veltuna, en var þó lagður inn til eftirlits og rannsókna. - óká

Samfylking Kópavogi:

Eingreiðsla vegna álags

KÓPAVOGUR Samfylkingin í Kópavogi krefst þess að strax verði gengið til samninga við leikskóla-starfsfólk í bænum og því tryggð eingreiðsla vegna mikils álags auk þess að kjör þeirra verði ekki lakari en í Reykjavík. Einnig er krafist að starfsfólkinu gefist kostur á gjaldfrjálsri leikskóla-dvöl fyrir börn sín. Þetta segir í ályktun sem Samfylkingin samþykkti í vikunni. Í fréttatilkynningu segir að hvorki sjálfstæðisné framsóknarmenn hafi talið þörf á aðgerðum. - saþ



Við frumsýnum í dag nýtt afkvæmi í stjörnum prýddri fjölskyldu Mercedes-Benz.

Nýr B-Class er engum líkur en svipurinn leynir sér þó ekki. Glæsileg hönnun og einstakir aksturseiginleikar gera hann óviðjafnanlegan. Hann er sportlegur, en hugsaður fyrir fjölskylduna og því mjög rúmgóður. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan B-Class. **Hann kostar frá 2.690.000 kr. og fæst bæði með bensín- og dísilvél.**



Mercedes-Benz



EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.
sjovastrax.is - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

SJÓVÁ 



FÆR VERÐLAUN Á SPÆNSKRI HÁTÍÐ Bandaríski leikarinn Ben Gazzara heldur hér á hundi á 53. kvikmyndahátíðinni í San Sebastian á Spáni. Hann fær heiðursverðlaun fyrir kvikmyndaleik á hátíðinni í dag.

Vilja lágreistan en þéttan og skjólsælan miðbæ á Akureyri:

Miðbæ Akureyrar umbylt

MIÐBÆJARLÍF Frá því í vor hefur verið unnið að nýju miðbæjar-skipulagi á Akureyri en sú vinna byggir á verðlaunahugmyndum í samkeppninni Akureyri í öndvegi og óskum bæjarbúa á fjölmennu íbúðþingi í fyrra.

Verkið er mjög umfangsmikið en ætlunin er að umbylta miðbæ Akureyrar og skapa þar tiltölulega lágreista en þétta miðbæjarbyggð þar sem blandað verður saman íbúðarhúsnæði, verslunum og þjónustufyrirtækjum.

Unnið er að útfærslu síkis sem liggja mun frá Akureyrar-pólli að göngugötunni en jafn-



VASKUR HÓPUR Erlent og innlent skipulagsfólk, auk bæjaryfirvalda, kemur að vinnunni við gerð nýs miðbæjarskipulags á Akureyri undir stjórn ráðgjafafyrirtækisins Alta.

framt verður hugað að þrengingu Glerárgötu frá gatnamótum við Drottningarbraut að íþróttavellinum.

Samhliða verður unnið að tilögum um breytt bílastæðafyrirkomulag í miðbænum, með aukinni áherslu á götustæði og bílageymslur. Í samræmi við óskir íbúa og verðlaunatilögur verður tekið tillit til eldri byggðar á svæðinu og kappkostað að skapa skjólsæla, sólríka og aðlaðandi byggð.

Stefnt er að því að ramma-skipulag um miðbæinn verði lagt fram til kynningar í árslok. - **kk**

Sjúkraflutningamenn:

Slökkviliðin fái sjúkraflutninga

SJÚKRAFLUTNINGAR Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga og heilbrigðisráðuneytið til að semja um framkvæmd sjúkraflutninga á stöðum

þar sem slökkvilið sveitarfélaganna sjá ekki um þá nú þegar.

Í þessu sambandi er bent á yfirstandandi breytingar á sjúkraflutningum á Siglufirði og í Árnes-sýslu. Þar er verið að færa umsjá þeirra frá lögreglu yfir til heilsugæslustöðva.

Sambandið segir að mistök væru að „nýta ekki það tækifæri sem hér býðst til að efla og bæta heildarþjónustu við íbúa á sviði bráðaðþjónustu.“ - **óká**

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktar um Vatnsmýri:

Vilja flugið í borginni

SAMGÖNGUR Verkalýðsfélag Húsavíkur varar við umræðu meðal stjórnmalaafla í Reykjavík um flutning innanlandsflugs frá höfuðborginni.

Félagið segir völlinn gegna veigamiklu hlutverki er varði öryggishagsmuni landsbyggðarinnar.

Bent er á að í Reykjavík séu flestar stofnanir ríkisins staðsett-

ar og þar hafi verið byggt upp hátæknisjúkrahús „fyrir opinbert fé“ sem ætlað sé að þjóna öllum landsmönnum. „Það verður ekki við það unað að innanlandsflug færirst til Keflavíkur,“ segir í ályktun Verkalýðsfélags Húsavíkur sem skorar á alla hlutaðeigandi að standa vörð um framtíð Reykjavíkurflugvallar. - **óká**



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur samþykkti á þriðjudaginn ályktun um að standa beri vörð um Reykjavíkurflugvöll.



REYKJANESBÆR Vaxandi spennu gætir í samskiptum sveitarstjórnarmanna í Garði, Sandgerði og Reykjanesbæ fyrir sameiningarkosningarnar 8. október.

Sameiningarkosningar á Suðurnesjum:

Andstaðan í Garði og Sandgerði hörmuð

SAMEINING Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er sammála niðurstöðu nýrrar skýrslu um að skynsamlegt sé að sameina sveitarfélögin Garð, Sandgerði og Reykjanesbæ

í eina heild. Bókun þessa efnis var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar á þriðjudag.

Skýrslan var samin á vegum nefndar sem skipuð er fulltrúum allra sveitarfélaganna. Í bókun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar er harmað að meirihluti bæjarstjórnar í Garði og í Sandgerði hafi ítrekað lýst andstöðu við sameiningu áður en niðurstöður skýrslunnar voru kynntar. „Það er að okkar mati hluti af lýðræðislegu ferli að íbúar fái að kynna sér rök með og á móti áður en þeir taka afstöðu,“ segir í bókuninni.

Bæjarstjórnir Garðs og Sandgerðis hafa opinberlega lagst gegn sameiningu sveitarfélaganna þriggja en kosið verður um málið þann 8. október næstkomandi. Þær telja að uppbygging í bæjarfélögunum verði greiðari með þeim hætti og íbúar eigi þess frekar kost að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum um sitt nánasta umhverfi. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er annarrar skoðunar og telur tilgangslaut að eyða kröftum í að berjast innbyrðis um íbúa og atvinnutækifæri á Suðurnesjum. - **jh**



ARNI SIGFÚSSON BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR Bæjarstjórnin harmar ótímabærar yfirlýsingar bæjaryfirvalda í Garði og Sandgerði gegn sameiningu.

Banamaður Önnu Lindh:

Réðst á sjúkan mann

STOKKHÓLMUR, AP Mijailo Mijailovic, maðurinn sem stakk Önnu Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, til bana árið 2003, réðst á sjúkling á geðsjúkrahúsi í Sundsvall í Svíþjóð í gær. Mijailovic lagði til mannsins með járnróri og veitti honum höfuðverka.

Mijailovic hafði verið fluttur á geðsjúkrahús frá Kumla-fangelsinu þar sem hann átti við geðræn vandamál að stríða. Á sínum tíma kvaðst hann hafa stungið utanríkisráðherrann að undirlagi radda sem hann heyrði tala til sín. ■



MIJAILO MIJAILOVIC Mijailovic stakk sænska utanríkisráðherrann til bana í september 2003.



MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Á EIGIN VEGUM





FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseginnleikum og búnaði.

STAÐREYNDIR:

Ný 2,0 lítra vél - 158 hð.

Sítengt aldrif (AWD)

Veghæð - 20,5 cm

16" álfelgur

Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR

VERÐ 2.550.000 kr.

30.315 kr. á mán.*

Ingvar Helgason		Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.jh.is	Ópið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00			
Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrralandi 1 530 Hvamstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Hólm í Hornafirði 476-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453
					Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

FRÉTTABLAÐIÐ

GJÖRBBREYTTUR NÝR GRAND VITARA ER KOMINN



Verð frá kr. 2.690 þús.

Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur.

Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



Hugtak Sep 05



SUZUKI

...er lífsstíll!



SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

Njóttu þess að vera í fallegu umhverfi

2006
2005

Flísar & Parket

... gefa híbýlum þínum
hreint og fágað yfirbragð

BYKO leggur heiminn að fótum þér í eiginlegri merkingu með fjölbreyttu úrvali af parketi og flísum sem henta hvaða umhverfi og lífstíl sem er.

Uppgötvaðu ríkulegt úrval BYKO af glerjuðum eða gegnheilum flísum á gólf og veggj eða hágæða parket sem fer vel við flestar innréttingar og húsgögn.

Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í BYKO.





BYGGIR MEÐ ÞÉR

„ORDRÉTT“

Er það ekki bara kallað flug?

„Þetta leit út eins og loftrás, þó án þess að sprengjum væri varpað.“

STEINUNNI JÓHANNESDÓTTIR RIT-
HÖFUNDUR Í MORGUNBLAÐINU
UM BRESKU ORRUSTUPOURNAR
SEM FLUGU YFIR REYKJAVÍK Á
FÖSTUDAG.

Alvarlegt vandamál?

„Vandi Súsönnu er persónulegs eðlis. Henni líkar hvorki stilli Gísla Marteins né röddin.“

HEIMIR ÖRN HERBERTSSON LÖGMADUR UM BAKPANKA SÚSÖNNU
SVAVARSDÓTTUR Í FRÉTTABLAÐINU.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL STYTTUR BÆJARINS



HILDIGUNNUR SVAVARSDÓTTIR
SKÓLASTJÓRI

Nóg komið

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt til að reist verði stytta af Tómasi Guðmundssyni skáldi. Borgarstjóri telur hugmyndina góða gjalda verða, en telur að gera eigi konum hærra undir höfði í þessum málum þar sem 22 af stytum borgarinnar séu af nafngreindum körlum en aðeins þrjár af konum. „Þar sem ég bý á Akureyri hef ég ekki stærkar skoðanir á styttsmíði í Reykjavík,“ segir Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskóla FSA. Hildigunnur telur stytur geta verið til mikillar þrýði séu þær vel úr garði gerðar, en oftast en ekki vekir þær litla eftirtekt. „Ég strunsa yfirleitt rakleiðis framhjá þeim,“ segir hún og telur að nóg sé komið af stytum. „En ég tek vissulega undir þau sjónarmið að það eigi að gæta jafnræðis milli kynjanna í þessum efnum vilji menn endilega reisa stytur í gríð og erg.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HILDUR HERMÓÐSDÓTTIR FORLEGGJARI

Skreppur til Skotlands á háannatíma

„Það er heilmikið að gera enda er þetta er hábjargæðistíminn,“ segir Hildur Hermóðsdóttir annar eigandi bókaútgáfunnar Sölu. Hildur slær ekki slóku við þessa dagana; er mætt klukkan átta á morgnana í vinnu og fer oftast en ekki heim fyrr en á miðnætti. „Við vorum að koma tveimur bókum í prentun í þessari viku: Þær eru *Ný trúarbragðasaga* eftir Þórhall Heimisson og hin heitir *Já, ég þori, get og vil*. Þar er þess minnst að 30 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídegnum. Hildur viðurkennir að stundum verði hún að gefa sér svigrúm til að ná áttum þegar álagið er svona mikið. „Þá

fer ég út úr bænum yfir eina helgi, til dæmis fór ég í réttir á Snæfellsnesi um síðustu helgi. Maðurinn minn á ættir að rekja þangað og við reynum að fara á hverju ári.“ Um næstu helgi ber þó svo við að Hildur ætla að taka sér fri og skella sér til Skotlands með fjölskyldunni. „Við fljúgum til Glasgow og keyrum þaðan upp í fjöllin um kring. Þetta er í fyrsta sinn sem ég fer til Skotlands og ég hlakka mikið til enda mun vera gullfallett þar.“

HILDUR
HERMÓÐSDÓTTIR



Var tággrönn áður en hún fékk sér bíl

Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir hélt sér í formi með því að ferðast fótgangandi og með strætó. Hún segist nú þræll bílsins en fær sér stundum göngutúr – út í sjoppu.

Helga Braga flutti stutta framsögu á fundi sem efnt var til í hádeginu í gær vegna samgönguviku í Reykjavík. Þar lýsti hún því að móðir hennar hefði aldrei átt bíl og væri tággrönn fyrir vikið. „Og þannig var ég áður en ég fékk mér bíl,“ sagði Helga Braga og uppskar hlátrasköll. Vinnu sinnar vegna þurfti hún að kaupa sér bifreið en áður ferðaðist hún um í strætó og á tveimur jafnfljótum og sameinaði þannig að komast á milli staða og halda sér í formi. Nú fer hún allra sinna ferða á bílnum; „nema um daginn þegar ég tók mig til og fór í göngutúr – út í sjoppu,“ sagði hún og aftur var hlegið.

Á fundinum var meðal annars fjallað um mismunandi samgöngumáta og áhrifin á heilsuna. Björn Leifsson líkamsræktarfrömuður sagði Íslendinga duglega að hreyfa sig og benti á að um tíu þúsund manns stundi lík-



JEPPINN OG KARLMENNSKAN Framsögumenn á fundi um samgöngur og lífsstíl: Helga Braga Jónsdóttir, Sverrir Björnsson og Björn Leifsson. Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri stýrði umræðunum.

amsrækt í Laugum, þar sem fundurinn var haldinn. „En hér vilja allir leggja við dyrnar,“ sagði Björn og fannst það skjóta skökku við að fólk sem kæmi í húsið til að hreyfa sig setti fyrir sig að ganga svolíttinn spöl. Ástæða þess væri hins vegar einföld – veðrið. „Fólk fer inn í sólskinu en kemur út í haglé og hárgreiðslan fýkur út í veður og vind.“

Björn hefur löngum hvatt til hreyfingar og hollra lífshátta og

horfir lengra en í eigin rann í þeim efnum. Á fundinum ítrekaði hann fyrri hugmynd sína þess efnis að Orkuveitan og Reykjavíkurborg hiti upp göngu- og hjóleiðastíga borgarinnar svo um þá megi fara allan ársins hring. Veit hann sem er að eitthvað kostar slík framkvæmd og stakk hann upp á að Orkuveitan hætti tilraunum sínum við risarækjueldi og verði peningum fremur til hitunar stíganna.

Sverrir Björnsson, auglýsinga-

gerðarmaður í Hvíta húsinu, sagði samfélagið hannað fyrir bíla og þar réði hinn hraði lífsstíll landsmanna mestu. Hann rifjaði upp þjóðsöguna um að eigendur stórra jeppa væru ekki síst að ýta undir karlmennskuímynd sína og að samhengi væri á milli stærðar jeppans og limsmæðar viðkomandi. Sjálfur viðurkendi hann jeppaeign en skýrði hana með skíðaáhuga.

bjorn@frettabladid.is

2 fyrir 1 til
Síkileyjar
29. september
frá **kr. 24.990**

Aðeins 23 sæti laus

24.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 29. september.

Gisting frá
4.980

Verð á mann pr. nótt (gist er 3 nætur á 3* hóteli í Palermo og 4 nætur á 4* hóteli í Giardino Naxos). Ath. bókunargjald vegna gistingar er ekki innifalið, l.r. 2.000 á mann.

Heimsferðir bjóða nú allra síðustu sætin í beinu flugi til Sikileyjar á frábærum kjörum. Þetta er yndislegur tími á Sikiley, kjörinn til sólbaða og til að skoða þessa stórbrötnu eyju. Sikiley býður blöndu af því helsta sem ferðamenn óska sér. Menningar-saga, náttúrufrægur, fornminjar, fallegar byggingar, söfn, einstök matarmenning og mannlíf. Spannandi kynnisferðir í boði með íslenskum fararstjórum.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



KOMA SVO Ásdís Halla Bragadóttir hvetur konur til dáða og yddar leiðtogahefileika þeirra.

Gríðarleg aðsókn að námskeiði í Garðabæ:

300 konur rækta með sér leiðtogahefileika

Um 300 konur sitja nú leiðtoga-námskeið á vegum Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ. Námskeiðið, sem stendur í fjórar kvöldstundir, hófst á þriðjudag og lýkur með hátiðarkvöldverði á fimmtudaginn í næstu viku.



HLÝTT Á Í ANDAKT 300 konur sitja námskeiðið í Garðabæ.

Hliðstætt námskeið var haldið í apríl og bjuggust aðstandendur við tuttugu þáttakendum. Raunin varð önnur. Tvö hundruð konur tóku þátt og margar voru skráðar á biðlista.

Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, er í fararbroddi á námskeiðinu en ásamt henni koma fram Sigríður Snævarr sendiherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur, Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri hjá Actavis, og Inga Linda Karlsdóttir sjónvarpskona.

Góður rómur var gerður að fyrsta kvöldinu og eftirvænting

Íslandsmót í Carcassonne:

Af riddurum og ræningjum

Íslandsmótið í spílinu Carcassonne verður haldið í sal Taflfélags Reykjavíkur í Faxafeni 12 á laugardag.

Carcassonne er sérstakt að því leyti að í stað þess að spílinu sé raðað upp í byrjun er aðeins lagður niður lítill ferningur. Þátttakendur leggja síðan niður ferninga sem móta landslagið í kringum Carcassonne-kastala í Frakklandi, einn frægasta kastala Evrópu. Leikmenn spila svo út svokölluðum förunautum sem geta verið bændur, riddarar eða ræningjar og safna stigum.

Sigurvegari á Íslandsmótinu fær möguleika á að taka þátt í heimsmeistaramótinu í Carcassonne sem haldið verður um miðjan október í Essen í Þýskalandi.

Áhugasamir geta skráð sig til keppni í síðasta lagi í dag á vefsíðunni spil@spil.is.

- sgi



LAGT Á RÁÐIN Frá Íslandsmótinu í fyrra.

www.peugeot.is

Komdu og prófaðu sprækan 138 hestafla Peugeot 307 SW. Láttu hann færa þig inn í nýja veröld á strætum borgarinnar. Hlaðinn búnaði og á einstaklega góðu verði býður Peugeot þér rými fyrir allt að sjö manns undir glæsilegu glerpaki til að allir sjái meira af heiminum. Komdu og ræddu við okkur um hvernig tilboð hentar þér til að sjá meira fyrir peninginn. Komdu í Vatnagarða og upplifðu bjartasta ljónið á veginum á þínu verði.

307



SJÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN



H&E & NÚ / SIA



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 307 á tilboði sem öllum líkar.

Allt mögulegt til í Nettó

og verðið lokkar

pú sparar
659 kr/kg



40%
afsláttur við kassa

Öfnsteik með rauðvinsblæ
Mérkt verð kr. 1648,-

pú sparar
400 kr/kg



50%
afsláttur við kassa

Dönsk grísbógsteik
Mérkt verð kr. 799,-

pú sparar
204 kr/kg



Matfugl

199
kr/kg

Kjúklingalæri

Matfugl



395
kr/kg

Kjúklingavængir



Kalkúnastrimlar

199
kr/stk

Sólurkaðir tómatar

pú sparar
639 kr/kg



40%
afsláttur við kassa

Gourmet léttreyktar hunangs grísakótilettur
Mérkt verð kr. 1598,-



Old El Paso
tortillakökur
fylgja frítt með



199
kr/pk

Focaccini smápízzur



199
kr/pk

Piccolinis pízzur



59
kr/kg

Gular melónur



172
kr/pk

Mýlihvítlaufsbrauð, fin og gróf


allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 22. sept til 25. sept eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

ÚTGJÖLDIN > KÍLÓ AF KJÚKLINGI Á VERÐLAGI NÓVEMBER HVERS ÁRS



neytendur

hagur heimilanna

■ HVÆÐ KOSTAR... VEIÐILEYFI?

Veiðikortið þarf að endurnýja á hverju ári

Skotveiðimenn þurfa að sækja námskeið og borga ýmis gjöld áður en hægt er að leggjast í veiðar. Boðið er upp á tvenn námskeið hjá umhverfisstofnun. Annars vegar skotvopnánámskeið sem kostar 18.000 krónur og hins vegar veiðikortánámskeið sem kostar 7.000 krónur.

Til að stunda fuglaveiði þarf að hafa bæði skotvopnaleyfi og veiðikort. Hins vegar geta menn veitt til að mynda lunda í háf með veiðikorti og skotið á leirdúfur með skotvopnaleyfi. Ef námskeiðin eru tekin saman kostar það 25.000 krónur.

Lögregluumdæmin hafa umsjón með útgáfu skotvopnaleyfa. Um leið og nauðsynlegum gögnum er skilað inn þarf að greiða fyrir sakavottorð og A-réttindi krónur 4.650. Veiðikortið kostar 2270 krónur og þarf að endurnýja á hverju ári.

Ef allur pakkinn er tekinn í einu kostar það því 31.920 krónur.

■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Ókeypis lögfræðiaðstoð Orators

Orator veitir ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga í vetur milli klukkan 19.30 og 22.00 í síma 551-1012. Þar er tekið við fyrirspurnum um öll svið lögfræðinnar og reynt er að svara eftir bestu getu. Í lögfræðiaðstoðinni eru að jafnaði laganemar af fjórða og fimmta ári í Háskóla Íslands en reyndir lögmennt eru með í ráðum og aðstoða ef þörf er á.

Lögfræðiaðstoð Orators hefur jafnframt umsjón með vefnum www.islog.is þar sem hægt er að senda inn fyrirspurnir um lögfræðileg álitaefni.

Þessi þjónusta var fyrst í boði árið 1933 og var ætluð þeim sem ekki höfðu efni á að leita til lögmanns. Þjónustan lagðist af um tíma en var endurreist um 1960 og hefur starfað síðan. Dómsmálaráðuneytið styrkir starfið.

■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Framkvæmdatilboð í Seating concept

Húsgagnaverslunin Seating concept við Laugaveg 95 býður viðskiptavinum upp á sérstakan afslátt af völdum vörum vegna framvæmda í götunni, en beint á móti versluninni er verið að reisa bílastæðahús.

Að sögn kaupmannsins er með þessu verið að koma til móts við viðskiptavinum gera sér ferð niður á Laugaveg og verða fyrir hugsanlegum óþægindum af völdum framkvæmdanna. Afsláttur af völdum vörum á bílinu 10 til 60 þúsund krónur.

Tilboðið stendur þar til langt verður liðið á framkvæmdir, en búist er við að þeim ljúki í nóvember.

Nú þarftu bara eiða ...

Servíettur fyrir kaffistofuna, veitingastaðinn og mötuneytið



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



NEYTANDINN: MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR ÞINGKONA

Arinninn lengir sumarið

Bestu kaupin sem ég hef gert hin síðari ár voru í mexíkóskum arni til að hafa úti á verönd," segir Margrét Frímansdóttir Þingkona en hún og maður hennar kveikja á honum nánast á hverju kvöldi yfir sumarið og langt fram á haust. „Það er svo rosalega notalegt að sitja við eldinn. Hann ásamt hitara lengir sumarið og veru okkar úti," segir hún og bætir við að nágrannarnir viti alltaf hvenær þau séu heima því þá leggur viðarlykt yfir nágrennið. Þá komi þeir oft til að sitja með þeim og spjalla. Margrét er enn með samvisku-bit yfir verstu kaupum sínum. Fyrir mörgum árum langaði hana mikið í myndavél sem kostaði hér heima um fimmtíu þúsund krónur. Þegar hún var eitt



sinn stódd í Bandaríkjunum kom hún í búð og sá þar svipaða myndavél á mun betra verði. „Afgreiðslumaðurinn sagði að ég væri að gera mjög góð kaup og hann fullyrta að þetta væri sama vél og ég var að spyrja um," segir Margrét sem fljótlega komst að því að hún hefði keypt köttinn í sekknunum. „Það var ekki bara að þetta væri gamalt módel heldur var búið að fíka það mikið í innvolsinu að hún var algerlega ónothæf," segir Margrét sem tók ekki eina einustu mynd á þessa forlata myndavél. „Þegar ég fór til að skila vélinni kannaðist afgreiðslumaður ekkert við mig."

GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Sigríðar Arnardóttir

Sirry er hætt að kaupa gos í flöskum. „Ég mæli með fólki taki fram gamla góða sóðastræm-tækið og blandi Ribena sólberjasaft saman við vatnið. Þetta er eins og gott frískandi gos nema það eru engin aukaefni en uppfyllt af vítamínum," segir Sirry. Sirry hefur gott ráð fyrir þá sem huga að hollustunni sérstaklega fyrir yngstu kynslóðina. „Ég geri mikið af því að frysta vinber í öllum litum og þetta er eins og besta brjóstsykur. Þetta er líka mjög skemmtilegt út í djús sem klaki," segir Sirry en hún telur að lítil börn hafi mjög gaman af þessu. „Frosin vinber eru líka miklu betri og sætari frosin en fersk," segir Sirry og bætir við að eins sé hægt að frysta rífsber og nota sem klaka og skraut í sólberjagosið.



KJÖTBORÐIÐ Í NÓATÚNI Kjötkaupmönnum sem rætt var við bar saman um að flestir þeir sem keyptu innmat væru í eldri kantinum.

Innmatur er hollur og ódýr

Á haustin fyllast kjötbörð verslana af hjörtum, nýrum og lifur úr nýslátruðu sauðfé. Innmatur getur verið veruleg búbót því hann kostar ekki nema brot af því sem jafnan er á boðstólum í kjötbörðunum.

„Innmatur er sælkerum samboðinn sé hann rétt matreiddur og kostar nánast ekki neitt," segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík.

Algengt verð á hjörtum er um 285 til 300 krónur kílóíð, víða kostar lifur tæpar 200 krónur kílóíð og hægt er að fá nýru á verðbilinu 120 til 170 krónur kílóíð. Kjötkaupmenn sem Fréttablaðið ræddi við segja að innmatur seljist jafnan vel en þeim ber saman um að kaupendur séu oftast ekki í eldri kantinum.

Margrét hefur líka tekið eftir þessari þróun og segir að samkvæmt sinni reynslu sé ungt fólk búið að bíta í sig þá bábilju að innmatur sé vondur og tengi hann fyrst og fremst við fátækt og hokur fyrri alda þegar flest var étíð burtséð frá bragði. „Þetta er hins

vegar af og frá. Víða í heiminum er innmatur brúkaður í margs konar rétti, til dæmis nota Bretar nýru í marga af sínum bestu réttum."

Klassíska matreiðslan á innmat er að skera hjörtun og nýrun niður í smærri bita, velja þeim upp úr hveiti og kryddi og pönnusteikja ásamt lauk. Þetta er síðan soðið í potti í 45 mínútur en hveitið þykkir sósuna og gerir hana bragðsterka. Maturinn er borinn fram með kartöflumús. „Þetta er alveg ferlega gott," segir Margrét, „en fólk verður að muna að lifrina má ekki sjóða í meira en

þrjár til fjórar mínútur, því annars verður hún bragðvond."

Barnafólk ætti að taka lifrinni fagnandi hendi að mati Margrétar. „Börn eru sölgin í lifur. Góð uppskrift er að skera hana í þunna strimla og steikja með kryddi á pönnu og bera fram með spagettí og tómatsósu. Krakkarnir sporðrenna því."

Margrét bendir á að innmatur sé ekki aðeins heppilegur í hvunn dagsmáltíðir, heldur líka fullboðlegur í finar matarveislur og lætur tvær uppskriftir fylgja máli sínu til stuðnings.

bergsteinn@frettabladid.is

Lambanýru í rauðvíni

800 g lambanýru
2 laukar
1 msk.smjör
2 msk. olífuolía
2 msk. hveiti
1 dl vatn
Salt og pipar
4 stórir tómatar
1 búnt steinselja
1/2 dl rauðvín

Skerið nýrun í tvennt, fjarlægjið himnu og leggið í kalt vatn í eina klst. Þurrkið

Korma lambalífur

1 kg lambalífur
3 dl jógúrt
5 cm engifer saxað smátt
6 heilar kardimomur
11/2 tsk. malað cummin
1/2 tsk. túrmerik
100 g kókósmjöl
3 dl vatn (Má nota kókósmjól)
6 msk. olía
2 laukar saxaðir
2 hvítlausríf marinn
1/2 tsk. salt-malaður pipar
1/2 tsk. cayenne-pipar
1 kaneltöng
4 negulnaglar
3 tómatar afhýddir og skornir í fjóra hluta
1/2 sítróna

nýrun og skerið í fjóra hluta. Saxið laukinn. Hitið smjör og olíu á pönnu og kraumið laukinn þar til hann er glær. Hækkið hitann og steikið nýrun með. Stráðið hveiti yfir og blandið vel saman. Hellið vatni í, stráðið salti og pipar yfir og sjóðið við vægan hita í fimm mínútur. Afhýðið tómata og skerið niður, blandið saman við ásamt steinselju og rauðvíni og látið sjóða í 4-5 mínútur. Borið fram með kartöflumús og salati.

Lifrin skorið í bita. Blandið saman jógúrt, engifer, muldum kardimommum, cumini og túrmerik, setjið lifrina út í og látið standa í tvo til sex klukkutíma. Sjóðið kókósmjölíð í vatni í 15 mínútur og sigtið (geymið vökvann). Hitið olíuna, steikið lauk og hvítlauk, bætið lifrinni í og steikið áfram. Setjið marinerunguna út í ásamt vatninu af kókósmjölínu og öllu kryddinu. Sjóðið í um fjórar mínútur. Að lokum er sítrónusafa bætt við. Látið standa í um 10 mín. Borið fram með hrísgrjónum, kókósmjölí, hráum lauk, tómötum, mango chutney, bananasneiðum og brauði.



MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR Bábilja að innmatur sé vondur matur.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 22. sept. til sunnudags 25. sept. eða meðan birgðir endast

FROSINN LAMBABÓGUR

599 KR.



Komdu í Bónus!

159 KR.

500g



2 LÍTRAR
159 KR.



FERSKT ALI SVÍNAHAKK



524 KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 749kr.

Frosinn KS
lambabógur

Bónus býður betur!



40%
afsláttur
við kassann

209 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 349kr. 250g



HANGIBITAR
699 KR.



79 KR.

UPPVOTTALÖGUR 500 ml



KJÚKLINGAVÆNGIR
179 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.

KJÚKLINGALEGGIR/-LÆRI
359 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.

HANGIFRAMPARTUR Í
BITUM FRÁ KJARNAFÆÐI

FRANSKAR



99 KR.

Franskar 1 kíló



BEZT BAJONSKINKA
779 KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.



40%
afsláttur
við kassann

Ferskir
Holtabitar afsláttur
við kassann

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Marka þarf stefnu um minnismerki á torgum og opnum svæðum.

Styttur bæjarins

Í aðalútibúi Borgarbókasafns Reykjavíkur er brjóstmynd af einu fínasta skáldi okkar á öldinni sem leið, Tómasi Guðmundssyni. Sómir hún sér vel á þessum stað þar sem andinn og bókmenningin eru ræktuð. Myndin stóð áður á stalli í miðju Austurstræti, sem skáldið orti fræg ljóð um, en hún naut sín ekki þar og var þess vegna flutt. Nú vilja sjálfstæðismenn í borgarstjórn láta gera líkneski af Tómasi í fullri stærð sem komið verði fyrir „á áberandi stað í hjarta Reykjavíkur“. Kostnaðinn á að greiða úr borgarsjóði. Hermt er að við umræður um málið í borgarstjórn á þriðjudaginn hafi borgarstjórinn, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, tekið hugmyndinni þunglega „vegna þess hve margar styttnar væru nú þegar af körlum í borginni“. Töldu sjálfstæðismenn þau viðbrögð óvirðingu við minningu Tómasar og héldu tillögu sinni til streitu.

Tillaga sjálfstæðismanna er út af fyrir sig umræðuverð. Tómas Guðmundsson er í huga margra Reykvíkinga, ekki síst af eldri kynslóðinni, *borgarskáldið*. Hvort skáldskapur hans hafi náð sömu fótfestu meðal yngri kynslóða er óljóst. Af einhverjum ástæðum, sem líklega má rekja til arfleifðar kalda stríðsins, hafa sjálfstæðismenn tekið sérstöku ástfóstri við minningu Tómasar. Tillögu þeirra má kannski skoða sem viðleitni til að skrá bókmenntasöguna í anda bókmenntatúlkunar sem fellur að gamalgrónum hugmyndaheimi. Flutningsmenn verða ekki sakaðir um frumleika eða nýjungagirni. Margir munu einnig líta á hugmyndina sem enn eitt tilboðið á markaði prófkjöranna í aðdraganda borgarstjórnarkosninga.

Ástæðulaust er að taka efasemdir um tillöguna sem virðingarleysi við minningu Tómasar Guðmundssonar. Reykjavíkurskáldin eru fleiri en hann svo ekki sé minnst á ýmsa aðra afreksmenn í listum, menntum, atvinnulífi eða stjórnmálum sem hljóta að koma til álitu þegar stofnað er til umræðna um myndastyttur bæjarins. Það er rétt hjá Steinunni Valdísi borgarstjóra að flestar styttnar bæjarins eru af nafnfrægum körlum. Engin stytta er af nafngreindri konu, ef brjóstmynd Bjargar Þorláksson á háskólalóðinni er undanskilin; en nokkrar eru af konum sem táknmyndum.

En það er ekki skynsamlegt að láta umræður um styttnar bæjarins leiðast í þann meting sem í stefnir eftir borgarstjórnarfundinn á þriðjudaginn. Nær er að borgarfulltrúar sameinist um að reyna að marka vitræna stefnu til lengri tíma um gerð og staðsetningu opinberra listaverka sem þjóna eiga uppeldislegu eða sögulegu hlutverki. Styttnar af nafnfrægum mönnum eru áberandi í borgum um allan heim. Af þeim er víða staðarprýði. En á síðustu árum hafa komið fram efasemdir um þann söguskilning sem ráðið hefur og ræður enn vali þeirra einstaklinga sem steyptir eru í eir. Opinberar umræður um það efni hafa ekki verið fyrirferðarmiklar hér á landi en skynsamlegt er að skapa þeim farveg í tengslum við stefnumótun í þessum efnun. Það er gamaldags stjórnsýsla að láta ákvarðanir í þessu efni ráðast af tilviljanabundnum hugdettum einstakra stjórnmálamanna, þótt góðar og gildar geti verið.

FRÁ DEGI TIL DAGS		
Sóknarfæri Helgi Hjörvar alþingismaður segir á heimasíðu sinni, helgi.is, að sóknarfæri skapist nú fyrir Samfylkinguna þegar Davíð Oddsson hættir í stjórnarmálum. Hann rifjar upp tækifærin sem sköpuðust við brottför Davíðs úr stóli borgarstjóra: „Langvarandi hægri stjórn hafði alið af sér vaxandi þörf fyrir félagslegar áherslur og fjölskyldupólitik, ekki síst í leikskólamálum. Með því að efla trúverðugan valkost við Sjálfstæðisflokkinn tókst okkur að sigra í borginni þegar í næstu kosningum,“ segir hann.	Breyttar áherslur Helgi segir síðan: „Sama tækifæri skapist nú fyrir Samfylkinguna, undir forystu Ingibjargar Sólrúnar, eins og skapaðist fyrir Reykjavíkurlistann þá. En það tækifæri kallar á breyttar áherslur okkar í þingstörfum og þjóðmálaumræðu næstu tvo vetur. ... Nú er verkefni okkar að sýna með hvaða hætti við munum stjórna landinu frá vorinu 2007. Til þess erum við albúin og sú yfirgripsmikla og markvissa stefnumótunarvinna sem farið hefur fram sl. tvö ár kemur nú að góðum notum. Er þar bæði átt við vinnu svokallaðs Framtíðarhóps Ingibjargar Sólrúnar og stefnumörkun í heilbrigðismálum sem þeir Össur og Ágúst Ólafur höfðu forystu um“.	Taka forystuna Helgi Hjörvar er sigurviss: „Með þessa vinnu o.fl. að vopni verður það verkefni vetrarins að taka enn frekar en verið hefur hina hugmyndalegu forystu í þjóðmálaumræðunni, enda stjórnarmeirihlutinn orðinn svo þreyttur á langvarandi völdum sínum að honum dettur ekki lengur neitt í hug. Og eins og í Reykjavík 1994 munu margir kjósendur verið 2007 vilja fela félagshyggjuöflum undir forystu Ingibjargar Sólrúnar stjórnartamanna, enda sópa nýir vendir best“.

Margar víddir mannshugans

Trúðu mér, lesandi minn góður: ég fór til sálfræðings, áður en ég gekk frá þessari grein til birtingar. Ég reyni að víkja helzt aldrei frá þeirri reglu að ráðfæra mig við þá, sem gerst þekkja til hverju sinni, einkum og ekki sízt þegar ég fjalla um mál, sem liggja langt utan alfaraleiðar. Nú ætla ég að leyfa mér þann lúxus að hugsa upphátt um hagnýta sálarfræði og segja þér frá óvæntri uppgötvun – ef það er þá uppgötvun – á þeim vettvangi.

Byrjum á Mozart. Honum tókst, eða svo er a.m.k. sagt í Vín, að sannfæra Jósef II Austurríkiskeisara um yfirburði óperunnar umfram önnur leikhúsverk með þeim rökum, að þegar einn byrjar að syngja, þurfa hinir ekki endilega að hætta eins og í leikritum. Menn geta sungið saman, sagði Mozart við keisarann óður og uppvægur og átti við það, að mannshugurinn getur auðveldlega greint margar söngdráðir samtímis. Þetta skilja allir, sem þekkja muninn á einsöng og fjölradda kórsöng. Leiklistin gegnum aldirnar hefur á hinn bóginn hvílt m.a. á þeirri meginforsendu, að þegar einn byrjar að tala, þurfa hinir helzt að þagna. Kórarnir í grísku harmleikjunum eru einróma: allir í kórnum þýlja sama texta. Leikhúsin ganga enn sem fyrr út frá því sem sjálf sögðum hlut, að mannshugurinn geti ekki að nokkru gagni numið nema eina rödd í einu, án söngs. Ég man ekki eftir nokkurri undantekningu frá þessari almennu reglu. Það þykir víst ekki heldur góð latína í leikhúsinu að láta persónur talast við öðrum megin á sviðinu og aðrar persónur sýsla eitthvað – dansa, mjólka, spinna, teðja – í hljóði hinum megin sviðs, því að það er talið dreifa athygli áhorfenda, eða svo mun a.m.k. flestum leikstjórum finnst.

Nú ber samt svo við, að ný tækni bregður vonglaðri birtu á þetta mál. Ég á í fórum mínum nokkrar kvikmyndir á DVD-disk-

um, sem veita áhorfandanum kost á að hlusta á lærðan fyrirlestur um myndina um leið og horft er á hana. Mig rak í rogastanz, þegar ég þóttist komast að því, að óperurök Mozarts virðast einnig eiga við um kvikmyndir og þá hugsan-

Í DAG
HAGNÝT SÁLARFRÆÐI

PORVALDUR GYLFASSON

Mig rak í rogastanz, þegar ég þóttist komast að því, að óperurök Mozarts virðast einnig eiga við um kvikmyndir og þá hugsanlega með líku lagi um leikhúsverk. Það er með öðrum orðum hægt að fylgjast með samtölum í kvikmynd og hlýða samt um leið á fyrirlestur um myndina og hafa gagn og gaman af hvoru tveggja í senn.

lega með líku lagi um leikhúsverk. Það er með öðrum orðum hægt að fylgjast með samtölum í kvikmynd og hlýða samt um leið á fyrirlestur um myndina og hafa gagn og gaman af hvoru tveggja í senn. Fullt gagn? Það veit ég ekki; þar er efinn. Kannski textinn hjálpi. Hvað um það, hugurinn virðist nema texta á tveimur rásum í einu, öndvert því sem ég hafði ævinlega gengið út frá sem gefnum hlut. Sálfræðingarnir vinir mínir í Háskólanum segja mér, að málið hafi verið kannað fyrir hálfri öld og menn hafi þá ekki getað greint nema eina rás í einu að nokkru

gagni. Mér sýnist, að málið kunni að þarfnast frekari skoðunar.

Hugsum okkur svo fellda tilraun. Fyrst er lesinn texti fyrir hóp manna, og síðan er prófað, hversu vel þeir skildu textann. Úrslit prófsins sýna þá væntanlega, að sumir skildu allt og aðrir skildu næstum allt eins og gengur. Síðan er tilraunin endurtekin með þeirri breytingu, að tveir skyldir – eða óskyldir – textar eru lesnir samtímis fyrir sama hóp, og tilraunadýrin eru prófuð aftur til að at-huga, hvort og hversu vel þau skildu textann á báðum rásum. Kannski skildu þau textann á annarri rásinni, kannski hvorugri, kannski báðum, kannski bara hrafl. Tilgangurinn tilraunarinnar væri einmitt að fá úr þessu skorið. Þannig ætti að vera hægt að leggja raunhæft mat á það með mælingum, að hversu miklu leyti skilningur hlustandans á efninu dvín við það, að mannshugurinn reynir að nema texta í tveim víddum í senn frekari en einni. Síðan er hægt að athuga þriðju víddina og þannig áfram, ef menn vilja, en nógu fróðlegt fyndist mér – tómsundasálfræðingnum! – að bera í fyrstunni saman niðurstöðurnar um eina vídd og tvær. Hvað fyndist þér?

Menn sjá margt í senn eins og allir vita af eigin raun. Gangi maður inn í hús, þar sem hann hefur aldrei komið áður, getur hann eigi að síður á augabragði lýst í einstökum atriðum ýmsu af því, sem fyrir augu hans ber: blómi í glugga, mynd á vegg o.m.fl. Margir lesa einmitt með þessu lagi: þeir lesa með því að gleypa í sig blaðsíðurnar svo að segja í heilu lagi frekar en að lesa textann frá orði til orðs, og þeir lesa hratt fyrir vikið og fljúga í gegnum bækur og blöð eins og ekkert sé. Eru augun í okkur að þessu leyti frábrugðin eyrunum? Er munurinn kannski minni en menn hafa haldið? Hvaða skoðun ætli Jósef II hefði haft á málinu? Meira næst? Nei, varla. Kannski seinna. Við sjáum til.

Ævintýraheimur H.C. Andersen

Klaustar og Kóngsdætur

Miðasölusími: 551 1200
Miðasala á netinu: leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Mannekla á leikskólunum

Hvers virði eru þessi störf

Leikskólakennarar eiga betra skilið

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ADSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SIMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkunum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MARBERT

Gjöfin þín

Með kaupum á tveimur hlutum, þar af einu 50 ml kremi í MARBERT færð þú fallega gjöf* sem inniheldur:

- Fallega snyrtibuddu
- Wonderlash maskara sem lengir og þykkir augnhárin svo um munar.
- Lip & Eye Make Up Remover 50ml. Til að hreinsa burt allan farða af augum og vörum.
- Always Perfect Rich Moisture Foundation, rakagefandi andlitsfarði sem þekur allar misfellur í húðinni.
- Face & Eye maska sem gefur húðinni alla þá orku sem hún þarf.

*Tilboðið gildir vikuna 22.-28. september eða á meðan birgðir endast.

**Kynningar í Hagkaupum Akureyri, Kringlunni, Smáralind, Skeifunni og Spönginni
fimmtudag, föstudag og laugardag.**

Gildir til 28. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að leika sér í umferðinni

UMRÆÐAN

UMFERÐIN



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON
UPPLÝSINGAFULLTRÚI
UMFERÐARSTOFU

Eftirfarandi er saga sem hefur ít- rekað átt sér stað. Það er undir lesandanum komið hvort þessi saga endurtekur sig. Sögupersón- ur geta verið á öllum aldri og sögulok eru ófyrirsjáanleg og háð tilviljunum:

Nú fyrir nokkrum dögum síðan

fór rúmlega tvítugur maður út að leika sér. Hann var með nýja dýra leikfangið sem hann hafði dreynt lengi um. Kraftmikinn, sportleg- an, gljáfægðan og glansandi nýjan bíl. Leið hans lá um þröngar og misgreiðar götur þar sem 30 km hámarkshraði gildir. Hann lét bíl- inn fara upp í 60 km/klukkustund enda engin umferð í götunni. Hon- um fannst þetta reyndar mjög lít- ill hraði og beið þess spenntur að geta þeyst enn hraðar. Hann „fræsti“ hraðahindranirnar eins og félagar hans kölluðu það þegar þeir óku yfir þær án þess að slá af. Hann var gagnstekinn frelsistil- finningu. Fannst hann ekki þurfa að hafa áhyggjur af neinu nema sjálfum sér, enda engan bíl að sjá.

Hann gæti leyft sér nánast allt. Hann var líka ótrúlega góður öku- maður og taldi hann sig hafa mikla reynslu. Var búinn að keyra í rétt rúm þrjú ár.

„Úps!“ Hann snarhemaði. Þarna munaði litlu. Það hljóp kött- ur fyrir bílinn en hann slapp – sem betur fer. Unga manninum var brugðið enda var hann mikill katta- og dýravinur. Mátti ekkert aumt sjá.

Nú var hann kominn inn á götu þar sem honum fannst hann mega fara miklu hraðar. Þar var 50 km hámarkshraði og honum fannst sem honum væri alveg óhætt að fara miklu hraðar en það. Köttur- inn hafði sloppið þannig að nú var allt í góðu lagi. Bíllinn var kominn

upp í 115 km hraða og allt var bara „cool“.

Aðeins neðar í götunni stóð lítið sex ára gamalt barn við gang- stéttarbrún. Það var á bakvið kyrr- stæðan bíl. Barnið gerði nákvæm- lega eins og það hafði lært í Um- ferðarskólanum og hjá foreldrum sínum. Það gáði til beggja hliða. Horfði í dágóða stund. Sá bíllinn sem virtist langt í burtu. Það skynjaði ekki almennilega hraðann á bílnum vegna fjarlægðar hans en hann virtist langt í burtu. Öllu virt- ist óhætt og því steig barnið skref- ið út á gangbrautina.

Skýndilega heyrðist stutt, sker- andi og hvelld hljóð. Barnið stöðv- aði og sá hvar inn á götuna kom lögreglubíll með blá blikkandi ljós.

Um leið sá það hvar bíll unga mannsins snarhemaði og það skrítna var að nú var hann aðeins örfáa metra frá barninu og kom æðandi að því. Skelfingu lostið stökk það aftur upp á gangstéttina. Það fann þytinn og heyrði ærandi hemlahljóðin rétt fyrir aftan sig þegar bíllinn þaut hjá.

Lögreglan vissi ekki að hún hafði bjargað lífi barnsins. Ungi maðurinn sem í huga sér blótaði lögreglunni vissi ekki að honum hafði verið forðað frá því að verða banamaður barnsins. Barnið vissi ekki að bíllinn fór svona hratt.

Við vitum oft ekki hvað er framundan á vegi okkar. Gerðu ráð fyrir því óvænta og búðu þannig í haginn að þú getir brugðist við því.

Fjörutíu milljarðar hafðir af öldruðum og öryrkjum

UMRÆÐAN

KJÖR ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Grunnlífeyrir og full tekjutrygg- ing aldraðra og öryrkja væru 17 þús. kr. hærri á mánuði nú en þær bætur eru, ef þær hefðu hækkað í samræmi við hækkun lágmarkslauna frá 1995.

Á valdatímabili ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Fram- sóknarflokksins sl. 10 ár hafa stjórnvöld haft 40 milljarða af öldruðum og öryrkjum. Þetta er mikið fé og alger svívirða, að þetta skuli hafa viðgengist. Til þess að skila þessu fólki aftur því, sem ranglega hefur af því verið haft hefði því þurft að láta það fá meginhlutann af peningunum, sem fengust fyrir sölu Símans en það voru sem kunnugt er 67 mill- jarðar. En svo mikil var óskamm- feilni ríkisstjórnarinnar, að hún lét ekki aldraða og öryrkja fá eina krónu af þessu fé!

Árið 1995 ákváðu stjórnvöld að skera á tengsl milli lífeyris aldr- aðra og öryrkja frá almanna- tryggingum og lágmarkslauna á almennum vinnumarkaði. Fram

að þeim tíma höfðu lífeyris- greiðslur hækkað sjálfvirkir um leið og lágmarkslaun hækkuðu. Við þessa breytingu var ákveðið, að lífeyrisgreiðslur ættu frá þeim tíma að taka mið af launabróun. Þáverandi forsætisráðherra lýsti því yfir við þessa breytingu, að lífeyrisgreiðslur myndu ekki skerðast við breytinguna, heldur þvert á móti verða tryggar og rúmlega það. Það yrði bæði tekið mið af launabreytingum og verð- lagsbreytingum. Tryggingin yrði tvöföld. Reynslan hefur orðið önn- ur. Á þessu 10 ára tímabili, sem liðið er síðan, hefur kaupmáttur lífeyrisgreiðslna aldraðra og ö- ryrkja aðeins aukist um helming þess, sem hann hefur aukist hjá verkafólki með lægstu laun. Alls hefur ríkisstjórnin haft af öldruð- um og öryrkjum á þessu tímabili 40 milljarða króna. Með öðrum orðum: Ef lífeyrir aldraðra og ö- ryrkja, grunnlífeyrir og tekju- trygging, hefði áfram hækkað í samræmi við hækkanir á launum verkafólks og haldið raungildi sínu eins og þær bætur voru 1995 hefðu þessar lífeyrisgreiðslur verið 40 milljörðum hærri á tíma- bilinu en þær voru. Grunnlífeyrir og full tekjutrygging aldraðra og öryrkja væru 17 þús. kr. hærri á mánuði nú en þær bætur eru, ef þær hefðu hækkað í samræmi við hækkun lágmarkslauna frá 1995.

Á sama tíma og framangreind þróun hefur átt sér stað varðandi kaupmátt lífeyris aldraðra og ö-



ALDRAÐIR BORGARAR „Til þess að skila þessu fólki aftur því, sem ranglega hefur af því verið haft hefði því þurft að láta það fá megin- hlutann af peningunum, sem fengust fyrir sölu Símans,“ segir greinarhöfundur.

ryrkja hefur skattþíning þessa fólks aukist. Skerðing skattleysis- marka hefur bitnað þunglega á öldruðum og öryrkjum: Skerðing- in frá 1989, sem að mestu verður eftir 1995, er samkvæmt upplýs- ingum fjármálaráðuneytis 36,4 milljarðar (m.v. 2003). Ríkissjóður tók því 36,4 milljörðum meira til sín árið 2003 en verið hefði ef skattleysismörk hefðu fylgt launa- vísitölu eins og eðlilegt hefði verið. Ef miðað væri við neysluvísi-

tölu nemur upphæðin 16,3 millj- örðum, sem ríkið hefur tekið meira til sín en verið hefði ef skattleysismörk hefðu fylgt þeirri vísitölu. Hér er um háar fjárhæðir að ræða. Ríkisstjórnin hefur notað þessa fjármuni til þess að lækka skatta á fyrirtækjum. Það hefur haft forgang. Skattleysismörk eru kr. 71.296 í ár en ættu að vera kr. 114.015, ef þau hefðu fylgt launa- vísitölu en kr. 85.709, ef þau hefðu fylgt neysluvísitölu. Þessi þróun

hefur leitt til þess, að öryrkjar og aldraðir, sem áður greiddu enga skatta greiða nú háar fjárhæðir í skatta. 29 þús. manns með tekjur undir 100 þús kr. greidda á sl. ári 2 milljarða í skatta! Lífeyris- þegi, sem engar tekjur hefur aðrar en bætur almennatrygginga er nú farinn að greiða sem svarar einum og hálfum til tveggja mánaðabót- um á ári í skatta. Framkoma stjórnvalda við aldraða og öryrkja er til skammar.

Embætti í höndum óhæfra

UMRÆÐAN

EMBÆTTI RÍKIS- LÖGREGLUSTJÓRA



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
ALPINGISMAÐUR

Ákæruvaldið í gervi Jóns H. B. Snorrasonar glotti breitt einsog uppistandari á búllu þegar ljós- vakamiðlarnir kröfðust skýringa eftir að héraðsdómur hafði vísað málinu á hendur Baugi frá. Það var erfitt að skilja. Í frávisuninni fólst svo herfileg útreið fyrir emb- ætti ríkislögreglustjóra að ég man ekki eftir öðru eins hjá nokkurri ríkisstofnun. En það vottaði hvorki fyrir skömm né iðrun.

Efnislega sagði dómurinn að ákærunar hefðu verið ótæk mó- suða. Þetta er slíkt áfall fyrir emb- ættið eftir það sem á undan gekk að það er ófært að stjórn þess verði látin standa óbreytt. Nú er komið að því að dómsmálaráð- herra taki í taumana því það er á hans ábyrgð að stofnanir ráðu- neytisins séu ekki í höndum fúska. Stjórn embættisins er augljóslega í slíkum molum að það er ekki boðlegt í réttarríkinu.

Ríkislögreglustjóri hefur nú fengið harkalegan skell í tveimur málum. Embættið klúðraði stóra myndfölsunarmálinu – þar sem al- varleg afbrot voru framin – með

hreint ótrúlegum hætti eftir margra ára fokdýrar rannsóknir. Það var harður áföllisdómur yfir embættinu sem vakti strax alvar- legar spurningar um faglega getu þess, og þar með stjórnun embætt- isins.

Á þriðjudaginn voru svo allar verstu grunsemdir um vangetu embættisins staðfestar þegar hér- aðsdómur vísaði frá öllum ákær- um þess á hendur Baugi af því þær uppfylltu hreinlega ekki lág- marksskilyrði. Ákæruvaldið gat ekki sagt hverjir hefðu stolið, hve miklu né frá hverjum. Á mæltu máli þýðir þetta að dómurinn sagði að Haraldur Johannessen og Jón H.B.S. væru fúskarar sem kynnu ekki til verka og hefðu ekki dómgreind í lagi.

Ríkislögreglustjóri er til við- bótar svo gersneyddur veruleika- skyni að fulltrúi ákæruvaldsins í málinu, Jón H.B.S., hélt því blákalt fram að dómurinn væri síður en svo áfall yfir embættinu – heldur partur af ferlinu? Hvaða ferli, með leyfi að spyrja? Heldur ríkis- lögreglustjóri og cand. juris Jón H.B.S. að þegar ákært er í nafni embættisins séu þeir í einskönar Gettu Betur spurningakeppni þar sem menn fá að giska, og geta bet- ur, og giska aftur – þangað til þeir slampast hugsanlega á rétt svar?

Opinberar ákærunar snúast um líf fólks, um réttlæti og en fyrst og síðast um grundvallarreglur í rétt- arríkinu. Ég ber enga sérstaka virðingu fyrir Baugsfeðgum og

mér geðjast ekki að vinnubrögð- um þeirra. En ég ber virðingu fyr- ir réttarríkinu. Það gerir sér ekki mannámun. Það veitir öllum jafnt skjól. Líka þeim sem mér líkar ekki við. Þannig vil ég hafa það af því þannig tryggir réttarríkið rétt- indi allra, hárra sem lágra – líka harðdrægja og ósvífinna við- skiptamógula.

Ef ákærunar standast ekki – þá standast þær ekki. Það er eng- inn millivegur. Þá eru þær fúsk sem hefði betur verið sett ofan í skúffu í stað þess að gera fjölda manns miska, embættinu óbætan- legan skaða, bletta lögreglukerfið í landinu – og valda skattgreiðend- um tugmilljóna tjóni. Fúsk Jóns og Haraldar Johannessen kostaði skattgreiðendur í gær tæpar 40 milljónir. Þá er ótalin sú bótaá- byrgð sem ríkinu er hugsanlega bökud með gáleysi þeirra í starfi og kann að hlaupa á margfalt stærri upphæðum sem við skatt- greiðendur munum líka þurfa að greiða.

Baugsmálið og stóra myndföls- unarmálið leiða einfaldlega að þeirri niðurstöðu að embætti rík- islögreglustjóra er í höndum óhæfra manna. Í öllum eðlilegum réttarríkjum væru þeir nú settir til hliðar og í önnur verkefni með- an reynt er að tjasla því saman sem eftir er af embættinu.

Það er það verk sem nú bíður dómsmálaráðherra ef eitthvað blóð er í honum og sjálfsagt að Al- þingi hjálpi honum ef þarf.

www.visindi2005.is

11001111010011

Vísindin snerta þig

Visinda Vaka

Opið hús! Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu

Föstudaginn 23. september frá kl. 17:30 til 21:00

Kukkan 18:00 kveikjum við síðan á grillinu úti í porti og bjóðum öllum upp á pylsur, djús og kaffi, svo enginn þurfi að flyta sér heim í kvöldmat.

Allir velkomnir!

Hversu stórum jarðskjálfta getur þú valdið? Hvernig verður sprengigos til? Á eftir að fatta eitthvað? Geta blindir notað tölvu? Hvað er að gerast ofaní sjónum? Er hægt að spila EVE Online í lófátölvum? Hvað er að vera alveg kexruglaður?

Þátttakendur í Visindavöku 2005 eru:

Blábankinn • LSH • Hafnarsóknastofnunin • Háskóli Íslands Háskólinn í Reykjavík • Hex hugbúnaður ehf. • Hjartavernd • Lönteknistofnun Landspítali háskólasjúkrahús • Landbúnaðarháskóli Íslands • Marel hf. Orri lítækni ehf. • Örkustofnun • Stjórn-Óddi ehf. • Veburstofa Íslands Visindavefur H.J. • Össur hf. • Litandi vísindi • Visindaveröld í Húsdýragarðinum

RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Brefsími 552 9814 • www.rannis.is

2.0 GHz
örgjörvi

1 GB
minni

100 GB
harðdiskur

256 MB
skjákort



VL18
*Samtals kr. 186.223
9.994

SÚ ÖFLUGASTA

ACER 1694WLMi 2.0GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

INTEL DOTHAN 2MB

Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flytiminni



15,4" CRYSTALBRITE

15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD



256MB ATI X700

Öflugasta skjá kortið í dag! Gengur á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafik



TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, Bluetooth, kortalesara ofl.



ÞYNGD OG RAFHLAÐA

Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar



Örgjörvi	2.0GHz Pentium M Dothan760
Vinnsluminni	Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Harðdiskur	1GB Dual DDR2 533MHz
	Einfalt að stækka minnið í 2GB
Skrifari	100 GB 5400RPM diskur
	5400RPM hraður og hljóðlátur
Skjár	8xDVD± RW Dual Layer skrifari
	Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjákort	15,4" WXGA WideScreen skjár
	Breiddtjaldsskjár með CrystalBrite
Hátalarar	256MB ATI Radeon X700
	Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Netkort	Hljóðkerfi með 2 hátölurum
	Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	Gigabit 10/100/1000
	Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi	Einnig 56k mótað og Bluetooth
	54Mbps þráðlaust netkort
Annað	Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
	Windows XP Home - SP2
	Á íslensku eða ensku
	4 in 1 minnis-kortalesari
	Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 179.900



Vaxtalous tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreiftist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.588 +0,31% Fjöldi viðskipta: 183 Velta: 1.278 milljónir

MESTA HÆKKUN

Actavis
HB Grandi
Flaga

+1,73%
+1,10%
+1,09%

MESTA LÆKKUN

Össur
Icelandic Group

-0,58%
-0,50%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,10 +1,70% ... Bakkavör 43,30 +0,70% ... Burðarás 17,90 +0,00% ... FL Group 14,60 +0,00% ... Flaga 3,71 +1,10% ... HB Grandi 9,20 +1,10% ... Íslandsbanki 15,10 +0,70% ... Jarðboranir 20,00 +0,00% ... KB banki 589,00 +0,00% ... Kögun 54,00 +0,80% ... Landsbankinn 21,80 +0,00% ... Marel 61,50 +0,80% ... SÍF 4,80 +0,80% ... Straumur 13,70 +0,00% ... Össur 85,00 -0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Vegur lágvaxinna kvenna

Bílaframleiðandinn Volvo tapaði máli fyrir vinnuréttar-dómstóli í Svíþjóð sem höfðað var vegna óbeinnar kynjamismununar. Málsatvik voru þau að Volvo vildi ekki ráða konu nokkra til starfa þar sem hún væri aðeins 160 sentimetrar á hæð. Volvo varði þessa ákvörðun með því að lágmarkshæðin 163 sentimetrar væri sett vegna vinnuverndarsjónarmiða. Hámarkshæðin er 195 sentimetrar og eru hæðarmörkin miðuð við að lágmarka álagsskaða við vinnuna. Sænska jafnréttisstofan sótti málið og taldi að hæðarmörkin bitnuðu á 28 prósentum kvenna í Svíþjóð, en aðeins einu prósenti karla. Dómstóllinn féllst á þessar röksmdir og í framtíðinni má vænta þess að vegur lágvaxinna kvenna fari vaxandi hjá Volvo.

Blíði risinn

Frá lágvöxnum konum til hávaxinna karla. Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bretlandsfjárfestinga Baugs, er hávaxinn, þótt hann sé innan hæðarmarkna Volvo, og er af hinum lágvöxnu Bretum kallaður „the gentle giant“, eða blíði risinn. Miklar vangaveltur eru í Bretlandi um það hvort Baegur snúi aftur að samningaborði Somerfield eftir að Baugsmálinu var vísað frá héraðs-



dómi. Litlir fuglar hafa verið að hvísla því að innan Baugs sé talið að málið truflí nú ekki lengur framgang fyrirtækisins. Hins vegar er langt um liðið frá því að menn sátu við samningaborðið og ólíklegt að menn vilji hoppa inn núna. Hins vegar eru mörg mál óleyst og ómögulegt að segja hvernig fer. Er margir á því að staðan væri betri við samningaborðið ef Barclay's-banki hefði andað rólega og leyft Baugsmönnum að halda áfram.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Bandaríski Seðlabankinn hækkaði á þriðjudaginn stýrivexti sína í ellefta sinn frá því í júní á síðasta ári og eru þeir nú 3,75 prósent. Hækkunin var í takt við væntingar manna og hafði hún lítil áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Bandarísk skuldabréf hækkuðu þó í verði en sú hækkun gekk til baka.

Nokia tilkynnti í gær að félagið hefði selt milljarðasta farsím-ann og var hann keyptur í Nígeríu. Fyrirtækið ætlar að vaxa hratt á svæðum á borð við Brasilíu, Rússlandi, Indlandi, Kína og í Afríku.

Oliuverð náði 68 dölum á tunnuna þegar olíumarkaðir opnuðu í gær. Búist er við að fellibylurinn Ríta gangi yfir Flórída og veldur það þessari verðhækkun.

Afsláttartaxtar féllu niður

Ástæðan fyrir miklum hækkun-um rafmagnsreikninga hjá nokkrum málmiðnaðarfyrirtækjum í byrjun árs var vegna þess að ýmsir samningar, sem fyrirtækin höfðu gert um nýtingu raforku á tilteknum tíma sólarhringsins á lægra verði, höfðu fallið úr gildi þegar ný raforkulög tóku gildi. Þetta kemur fram í fréttablaði Samtaka iðnaðarins um málmiðnaðinn.

Í blaðinu kemur fram að raforkureikningar margra fyrirtækja, einkum þeirra sem stundi málmosteypu, hafi hækkað um tugi prósent og allt að sjötíu prósent. Kom í ljós að rafmagnsnotkunin var mæld eftir grunntaxta sem var mun hærri en afsláttartaxtarnir.

Í fréttinni eru menn innan greinarinnar hvattir til að leita tilboða og vera á varðbergi, því þeir geti átt viðskipti við fleiri en einn raforkusala með tilkomu nýju laganna.

- bg



HÁR REIKNINGUR Samningar málmiðnaðarfyrirtækja um afslátt af raforku féllu niður við gildistöku nýrra raforkulaga. Hækkunin varð mikil.

Verðstríðið búið?

Íslandsbanki spáir að verðlag muni hækka um 0,4 prósent milli september og október. KB banki spáir 0,5 prósent hækkun milli sömu mánaða.

Í fréttum Íslandsbanka segir að áhrif útsöluloka séu að stórum hluta þegar komin fram í vísitölu neysluverðs en það sem eftir er

muni hækka vísitöluna í október. Þá sé gert ráð fyrir áframhaldandi hækkun á matvöruverði, sem hafi hækkað töluvert frá því að verðstríðið stóð sem hæst á árinu. Íbúðaverð hækki áfram en dregið hafi úr hækkun húsnæðis að undanförunu. Því sé verðbólga minni nú en áður.

- bg

Segja heimildir Íbúða-lánasjóðs óbreyttar

Greiningardeildir KB banka og Íslandsbanka gagnrýna nýja reglugerð um Íbúðalánasjóð. Verið sé að útvíkka heimildir sjóðsins til að lána fyrirtækjum.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu er ekki verið að vikka heimildir Íbúðalánasjóðs að einu eða neinu leyti með nýrri reglugerð um fjárhag og áhættustýringu sjóðsins. Árni Magnússon félagsmálaráðherra undirritaði reglugerðina enda heyrir Íbúðalánasjóður undir hans ráðuneyti.

Í hálfimm fréttum KB banka segir að með nýju reglugerðinni séu heimildir sjóðsins til útlána víkkaðar frá því sem áður var. Útlán sjóðsins til fjármálastofnana, sem hafi verið hvað mest gagnrýnd í sumar, séu nú leyfð. Sjóðurinn fái nú einnig nýjar heimildir til að lána fyrirtækjum.

„Viðaukinn veitir sjóðnum viðtækar heimildir til að ráðstafa lausafé sínu,“ sagði í fréttum frá greiningardeild Íslandsbanka í gær. „Sjóðurinn hefur nú heimild til þess að lána fyrirtækjum, lána-stofnunum, sveitarfélögum og kaupa íbúðalán innanlands og erlendis.“

Starfsfólk Íslandsbanka telur athyglisvert að í heimildum sjóðsins til að kaupa íbúðalán sé engin kvöð um hámarkslán á íbúð eins og gildir um útlán Íbúðalánasjóðs sjálfs. Einnig sé kvöð á Íbúðalánasjóði að lána einungis í tengslum við fasteignaviðskipti en ekki gildi það sama ef sjóðurinn kaupir lán af fjármálastofnunum samkvæmt nýju reglugerðinni. Sjóðurinn geti beint viðskiptavini, sem þurfi herra lán en heimildir sjóðsins



Á FUND FÉLAGSMÁLANEFNDAR ALÞINGIS Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, þurfti að gera grein fyrir stöðu Íbúðalánasjóðs á fundi félagsmálanefndar Alþingis í sumar. Hann er hér á tali við Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda.

leyfa, til samstarfsaðila og keypt svo viðkomandi lán með lánasafni.

Í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu segir að nýtt ákvæði í reglugerðinni sé sett til að auka gagnsæi og kveða skýrlega á um svigrúm sjóðsins til áhættustýringar. Nú sé meðal annars kveðið skýrt á um heimildir Íbúðalánasjóðs til að gera lánasamninga við banka og sparisjóði í áhættustýr-

ingarskyni. Þannig sé tekinn af allur vafi um lögmæti slíkra samninga.

Greiningardeild Íslandsbanka segir varhugavert ef Íbúðalánasjóður fer í beina samkeppni við bankana. Íbúðalánasjóður borgi hvorki skatta né ríkisábyrgðargjald og hafi minni kröfur um bindingu eigin fjár en bankarnir.

bjorgvin@frettabladid.is

FIMMTUDAGS-TILBOÐ

DÖMUSKÓR



5.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú

litir: svart
stærðir: 36 - 42

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

Hluthöfum sent yfirtökutilboð

Gangi allir hluthafar að tilboðinu þarf Skipti að greiða þeim 832 milljónir króna.

Litlu hluthafanir í Símanum geta selt hut sinn til Skiptis ehf. samkvæmt yfirtökutilboði sem birt var í gær. Allir þeir 1.252 aðilar sem skráðir voru hluthafar samkvæmt hlutaskrá félagsins við lok 30. ágúst síðastliðinn fá sent tilboðsyfirlit, framsalseyðublað og svarsendingarumslag til samþykkis tilboði. Býðst Skipti til að kaupa hlut þeirra á sama gengi og félagið keypti hlut ríkisins á eða 9,6.

Skipti ehf. á tæp 99 prósent hlutafjár í Símanum og ber að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð samkvæmt lögum. Hluthafar verða þó ekki neyddir til að selja hlut sinn eins og heimilt er að gera. Það er í samræmi við kaupsamning Skiptis og ríkisins. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, sagði á hluthafafundi síðasta laugar-dag að hann vonaðist til að sem



HLUTHAFAFUNDUR SÍMANS Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Skiptis, sést hér til hægri á myndinni á tali við einn hluthafa Símans á hluthafafundinum síðastliðinn laugar-dag. Hluthafar hafa nú fengið sent yfirtökutilboð frá Skipti.

fæstir nýttu sér þetta yfirtökutilboð og fylgdu þeim eftir í framtíðinni.

Skipti greiddi 66,7 milljarða króna fyrir þessi tæp 99 prósent hlutafjár. Aðrir hluthafar eiga

tæplega 87 milljónir hluta. Gangi þeir allir að yfirtökutilboðinu þarf Skipti að greiða þeim samtals um 832 milljónir króna. Að meðaltali eru það 665 þúsund krónur til hvers hluthafa.

- bg



Haust 2005
Ný sending
Full búð af nýjum vörum fyrir haustið
treffar, húfur, vettlingar, sjöl

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póströfu

Linsutilboð
aðeins
3.500,-

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

Laugavegi 62 sími 511 6699 Garðatorgi sími 511 6696 www.sjon.is sjon@sjon.is

Flottir skór mikið úrval

Bankastræti 11 551 3930

Flísfóðraðir ullarvettlingar

Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is

TISKUVERSLUNIN Smart

Vorum að taka upp nýja jakka, buxur og peysur. Falleg handunnin þýsk belti.

Grímsbæ við Bústaðarveg • Ármúla 15 • Hafnarstræti 106
600 Akureyri Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010
Email: smartgina@simnet.is

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNSINS

osmo essence

FÁST Í LYF OG HEILSU, LYFJAVALI OG APÓTEKARANUM

Full búð af glæsilegum haustfatnaði Frábær verð

CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848



Túperað hár, jakkapeysan og augnfarðinn eru í anda sjötta áratugarins.



Fagurgrænn litur verður áberandi í vor- og sumarlinu Diane von Furstenberg.



Töskur og fylgihlutir eru í stíl við kjólana og pilsin.

Túperað hár og útvíðir kjólar

Diane von Furstenberg kynnir vor- og sumarlinuna fyrri árið 2006.

Diane von Furstenberg kynnti vor- og sumarlinu sína fyrir árið 2006 á nýafstaðinni tiskuviku í New York. Sjötti áratugurinn hefur augljóslega veitt henni mikinn innblástur þar sem sýningarstúlkurnar voru með túperað hár og í útvíðum kjólum og litlum jakkapeysum. Fylgihlutir og förðun var einnig í anda þess tímabils og voru sumar stúlkurnar með sixtís-sólgleraugu í stíl við túperað hár. Kjólar, pils og jakkar í rauðum og grænum litum voru allsráðandi og töskur og fylgihlutir í stíl. Mynstrin voru stór og einföld en á sama tíma lífleg og skemmtileg. Heildarsvipur línunnar er gamaldags, leikandi og kvenlegur.



Æðislegur kjóll með fallegu rauðu mynstri og grænn jakki í stíl.



Túperað hár og sólgleraugu. Mjög kvenleg.

Gefa Kate Moss upp á bátinn

Tískuframleiðandinn H&M ætlar ekki að nota Kate Moss í auglýsingaherferð sinni.

Ofurfyrirsætan Kate Moss komst heldur betur í fréttirnar á dögunum þegar myndir af henni að taka inn kókaín rötudu á forsíður blaðanna. Kate Moss er ein aðalfyrirsætan í auglýsingaherferð H&M fyrir veturinn og nú hafa ráðamenn hjá H&M sent frá sér tilkynningu þar sem þeir segjast ætla að hætta við allar auglýsingar með henni.

H&M hefur ævinlega lagt mikið upp úr heilbrigðum lífsstíl og þar á bæ eru gerðar þær kröfur að fyrirsætur sem sýni fatnað fyrirtækisins aðhyllist heilsusamlegt lífni. Þá hefur H&M einnig barist ötullega gegn fíkniefnum og í mörg ár verið styrktaraðili forvarnarsamtakanna Mentor Foundation. Að sögn fulltrúa



Kate Moss er ekki beinlínis þekkt fyrir að vera góð fyrirmynd fyrir ungur stúlkur.

H&M samræmist það ekki stefnu fyrirtækisins að hafa fyrirsætu í vinnu sem misnotar eitruð.

Kate Moss átti að sitja fyrir í auglýsingum fyrir fatnað, hannaðan af Stellu McCartney, sem er væntanlegur í verslanir H&M í nóvember.

Kalt á höndunum?

Dömu og herra leðurhanskarnir fást hjá okkur

- og allir þekkja gæðin!

Drangey

Smáralind 528 8800



Mussa á 5.490 kr. Bolur á 2.790 kr. Kvartbuxur á 5.590 kr.

Mussa á 5.490 kr. Kvartbuxur á 5.590 kr.

Hvít úlpa með hettu á 9.490 kr.

Köflótt pils með nælu og blúndu á 5.790 kr. Bolur á 2.790 kr.

Af öllum stærðum og gerðum

Verslunin Stasia í Kringlunni selur fallegan kvenfatnað í yfirstærðum.

Haustískan í Stasiu í Kringlunni er kvenleg og í brúnum, svörtum og antikbleik- um tónum. Mikið er um skart, fötin eru skreytt með nælum, blómum og blúndum og fylgihlutir eru áberandi. Verslunin, sem starfað hefur í sex ár í Kringlunni, selur fót á konur í öllum stærðum, frá 36 upp í 56. Eigendur verslunarinnar sáu að mikill skortur var á fatnaði í yfirstærðum, sem varð til þess að þeir fundu danska fatalínu í stórum stærðum sem bæði er falleg og smart. Ekki skemmir fyrir að verðið er einnig hagstætt. Mikið er lagt upp úr fjöl- breytni og góðu vöruverði og fötunum er ætlað að höfða til kvenna á öll- um aldri, af öllum stærðum og gerðum.



Pils með hvítum blómum á 6.490 kr. Peysa á 5.690 kr.

Heklað sjál á 3.290 kr.

Buxur á 6.990 kr.

Jakki á 11.990 kr. Skyrti á 3.990 kr.

Ómissandi í vetur

NOKKRAR FLÍKUR OG FYLGIHLOTIR SEM ALLAR KONUR ÆTTU AÐ EIGA Í FATASKÁPNUM Í VETUR.

Það er alveg ómissandi að eiga einn góðan **svartan kjól**. Ekki skemmir fyrir ef hann er úr góðu og hlýju efni og jafnvel með ermum.

Falleg **stígvél** ættu allar konur að eiga. Þau fást nú í miklu úrvali í tísku- vöruverslunum og eiga það flest sameiginlegt að vera kvenleg og glæsileg. Loðfóðruð stígvél koma líka sterk inn.



Falleg **húfa** og skrautlegir **vettling- ar** eru ómissandi á köldum dögum.

Stuttur jakki kórónar heild- arútlitið. Tvíhnepptur jakki í kósakkastíl er góður kostur og púf- fermar setja



punkt- inn yfir i-ið.



Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Brók í stíl

Fyrir nokkru uppgötvuðu snyrtivöruyfirtæki að karlmenn væru til- kippilegri en áður í snyrtivöruinnkaupum og hefur þessi markaður blómstrað síðustu misseri. Svo voru það nærfötin sem allt í einu skiptu meira máli en áður og framleiðendur neru saman höndunum í eftirvæntingu og settu á markað nýjar gerðir af nærum. Síðasta byltingin er svo háreyðingarmedferðir hvort sem um er að ræða rakstur, háreyðingarkrem eða jafnvel leysigeislameðferð, því nú eiga líkamshár að vera „tamin“ en ekki að vaxa villt í allar áttir.

Þegar öllu þessu er lokið er hægt að hugsa um fataskápinn. Herratíska tekur minni breytingum frá ári til árs en kventíska þó herrarnir verði sífellt áhugasamari um tískuna. Þess vegna eru það gallabuxur sem eru enn og aftur hátíska fyrir svala gæja í vetur. Litagleði ræður sömuleiðis ríkjum hjá karlmönnum ef marka má það sem hönnuðir senda frá sér. Hárault, grasgrænt, brúnt og kóngablátt eru meðal þeirra lita sem sjást hvað mest í vetur. Hjá Lacroix má finna hárauð sléttflaelsföt en sléttflauei verður áfram vinsælt í karlmanna fötum í vetur. Bill Tornado lætur sér duga hárauðan stakan flaueisjakka sem minnir á jakka sem Tom Ford klæddist á sinni síðustu tískusýningu fyrir Gucci á síðasta ári. Um- fram allt er köflótt í tísku, það gildir jafnt hjá Burberry, Vivienne Westwood, Sonia Rykiel, Kenzo og meira að segja hjá Diesel. Al- mennt er þó herratíska í heild frekar uppáklædd og fágúð.

Nærfatabyltingin heldur áfram í vetur og aldrei hefur verið meira úrval af litríkum brókum úr ýmsum efnum. Enn meira úrval af gegnsæju efni og þröngar stuttbuxur, svokallaðar „shorty“ eru það allra vinsælasta og reyndar svo að í kvennærfötum er G-streng- urinn á undanhaldi og kemur „shorty“ í staðinn. Toppurinn er að vera í nærbuxum sem passa við fötin. Teygjan í nærbuxunum verður sífellt mikilvægari. Það kemur til af því að gallabuxur og reynd- ar fleiri gerðir af buxum ná lægra upp í mittið og því sést teygjan. Teygjurnar eru nú breiðari en áður og merkið skrifað stórum stöf- um (Calvin Klein, Dim, Hom, Aussibum), í ýmsum litum og stundum með semeliusteinum.

Samkvæmt neyslukönnunum hér í landi kaupa sífellt fleiri herr- ar nú sjálfir nærföt sín í stað mæðra eða eiginkvenna og skiptir nú öllu máli að vera sexí í nærbuxnavali. Nýjasta skemmtun para er að fara saman í undirfatadeildir stóru verslananna eins og Galerie Lafayette og Printemps og velja nærur á herrann. Svo er farið heim og mátað!

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

FAGMENNSKA Í 11 ÁR

FEGRUNAR TATTÚ

LEYNDARMÁL MARGRA

FAGURRA KVENNA

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060

SNYRTISTOFAN

HELENA

FAGRA

S. 561 3060

LAUGAVEGI 163

Haust

2005

Ga **Guðrún**

tískuverslun

Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

www.karon.is

Betra kynlíf!

Frábær nýjung.

Pleasure Egg

Titrandi unaðsegg í hæsta gæðaflokki til að örva og auka ánægju í kynlífi

Pleasure Crème™

Pleasure Crème er náttúrulegt krem hannað til að auka unað í kynlífi

- Framkallar, styrkir og lengir fullnægingu
- Eykur kynhvöt og kynæsing
- Hjálpar konum að mynda edlilegan raka í leggöngum

Fæst í apótekum og í friðhöfninni

Ný sending

af glæsilegum úlpum, vestum og peysum

Sissa tískuhús

Glæsibæ, sími 562 5110

Opið virka daga frá 10 – 18

laugardaga frá 10 – 16

Krikketpeysur og fölnað munstur

Paul Smith vekur athygli á tískuvík-
unni í London.

Munstruð fót eru áberandi í haust- og vetrartískunni og oft líta flíkurnar út fyrir að vera margþvegnar svo munstrið er eilítið fölnað. Hönnun af þessu tagi er áberandi í fatnaði Paul Smith, sem sýndi nýjustu línuna sína á tískuvíkunni í London á dögunum. Paul Smith er breskur hönnuður og í nýjustu fatalínu sinni gerir hann breskri arfleifð hátt undir höfði. Á sýningunni mátti sjá krikketpeysur og léttu sumarkjóra sem hefðu hentað afar vel í bresku teboði. Litirnir eru ljósir og lálausir og efnin eru oft skreytt fallegu fölnuðu munstri.



Obba

Höfum hafið störf hjá
Heilsu og fegurð.
Gamli og nýir
viðskiptavinir
velkomnir



HEILSA OG FEGURÐ
Háaleitisbraut 58 s. 568 8850



Ása

Nýjar vörur - Ný sending



Laugaveg 53 s. 552 3737

Opið mán.- föst. 10 -18. Laugard. 10 - 16

RÝMINGAR- SALA

Verslunin
hættir

Allt á að
seljast !



Thymaternir
Verslun fyrir barnahafandi konur
Höfðamísa 17, s. 575-4500
Gættum í pósthúsi um allt land
Custómiðsaga til fíðubaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Full búð af nýjum vörum

DU PAREIL...au même

Laugavegi og Kringlunni

S: 552 6744

S: 588 6750



Nýjar vörur!
Buxur, blússur, toppar, vesti

CARU

Vajollet Opið virka daga
kl. 11:00-18:00 AXIOM

Opið laugardaga 11:00-14:00
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776



Skemmtilega litríkur bolur. 3.590
krónur í Englabörnum, Laugavegi.

Oilily prjónapeysa.
11.890 krónur í Engla-
börnum, Laugavegi.

Flottur prjónaður trefill.
1.290 krónur í Exit,
Smáralind.

Purpuralitur er mjög heitur og þessi kjóll
myndi sóma sér vel á hvaða konu.
2.995 krónur í Adams, Smáralind.

Alvöru regnjakki með blómamunstri.
1.695 krónur í Adams, Smáralind.

Áttu þetta í stærra númeri?

1.995 krón-
ur í Adams,
Smáralind.

Stundum eru barnaföt hin mestu listaverk. Fullorðnir
renna þá hýru auga til klæða þeirra sem yngri eru og
bölsótast út í búðirnar fyrir að eiga þau ekki stærri.

Um leið og þú eldist verður þú leiðinleg(ur). Það eru að minnsta kosti skilaboðin sem fataframleiðendur senda okkur sem eldri erum því stundum er eins og litir og gleði í klæðaburði eigi bara við um blessuð börnin. Börnum þarf að vera hlýtt og þess vegna eru framleidd falleg, þægileg og hlý fót fyrir þau. Á meðan þurfum við hin að huka í köldum skræpöttum lufsum eða hlýjum fötum sem eru undantekningarlítið ljót. Litríkar dúnulpur og regnkápur eru til dæmis til í massavís á yngri kynslóðina. Fínar bómullarsokkabuxur eru það líka og vekja öf- und hjá okkur sem þekkjum ekkert annað en óþægilegar einlitar nælonsokkabuxur. Nóg er til af skræpöttum bíkinum á konur en litríkir sundbolir eru bara til á börn. Og svona má lengi telja. Einhverjir yrðu að minnsta kosti glaðir ef þessar flíkur væru til í stærra númeri.

Æðisgengnar Oilily-
sokkabuxur. 3.380
krónur í Englabörn-
um, Laugavegi.

Babúkusokka-
buxur frá Oilily.
3.380 krónur í
Englabörnum,
Laugavegi.

Custo Barcelona sigrar heiminn

Spænska fatamerkið Custo
Barcelona hefur vaxið á ljós-
hraða síðustu ár og er komið
með útibú í öllum helstu borg-
um heimsins. Vetrarlínan er
væntanleg í verslanir.

Bræðurnir Custodio og David
Dalmau stofnuðu Custo
Barcelona árið 1996 en þá höfðu
þeir verið í spænska tiskubrans-
anum í rúm tíu ár. Þeir hlutu strax
athygli fyrir litagleði og teikni-
myndaprentækni enda voru þeir
öðruvísi en allir aðrir á þessum
tíma.

Þeir sýndu fyrstu línuna sína í



Skemmtilegt dress fyrir veturinn.



Vetrartískan frá Custo Barcelona er kven-
leg og glæsileg.



Vor- og sumartískan fyrir 2006 var sýnd í
New York á dögunum.



Tískan fyrir næsta sumar er litrík og
skemmtileg.

Ameríku þar sem mótorhjólaferð
til Kaliforníu tíu árum fyrr hafði
verið þeim mikill innblástur í
hönnuninni.

Ekki var að því að spyrja að öll
helstu nöfnin í Hollywood fóru að
klæðast hinum margfrægu Custo-
bolum og talað var um hálfgerða
Custo-maníu á þessum tíma í borg
englanna.

Bræðurnir taka ávallt þátt í
tiskuvíkunni í New York, sem er
einmitt nýafstaðin. Þar báru þeir
á borð girnilegar flíkur fyrir
næsta sumar.

Nýja vetrarlínan er væntanleg
von bráðar í verslanirnar Evu á
Laugavegi og Centrum í Kringl-
unni.

Hægt er að fylgjast með flott-
heitunum frá Custo Barcelona á
www.custo-barcelona.com



Mjúk dýr fyrir gott málefni

Bangsar til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands.

Mjúkir og sætir bangsar hafa verið til sölu síðustu ár til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Í haust koma þeir í svörtum lit sem er einmitt tískulitur vetrarins. Norræna fyrirtækið Friendtex kom með hugmyndina að böngsunum fyrir nokkrum árum eftir að tveir sölufulltrúar þess veiktust af krabbameini og hefur það á tveimur árum safnað rúmri milljón króna á Íslandi. Hægt er að nálgast mjúkdýrin í búð Friendtex í Síðumúla 13 eða í Krabbameinshúsinu, Skógarhlíð 8, og kostar stykkið 500 krónur.



Hægt er að fá þrenns konar bangsa.



Verslunin Yggdrasil við Skólavörðustíg hlaut viðurkenningu frá þekktasta lífræna framleiðanda Evrópu.

Viðurkenning frá lífrænum framleiðanda

Fyrirtækið Rapunzel veitti versluninni Yggdrasil viðurkenningu fyrir vel unnin störf.

Rúnar Sigurkarlsson og Hildur Guðmundsdóttir eru eigendur verslunarinnar Yggdrasis. Verslunin sérhæfir sig í lífrænt ræktuðum vörum og hafa meðal annars selt vörur frá þýska framleiðandanum Rapunzel. Á þrjátíu ára afmælishátíð Rapunzel sem fram fór um síðustu helgi hlutu Rúnar og Hildur viðurkenningu frá framleiðandanum fyrir öflugt starf og var Yggdrasil kjörinn besti sölufulltrúi ársins 2005. Rapunzel selur vörur sínar til 42 landa og miðað við höfðatölu eru Íslendingar sú þjóð sem kaupir hvað mest af vörum þess. Rapunzel framleiðir eingöngu lífrænt ræktaðar vörur og hefur átt mikið frumkvæði að því að kenna lífræna ræktun á matvælum. „Rapunzel er þekkt fyrir sína starfsemi og er þekktasta fyrirtæki Evrópu í þessum bransa,” segir Rúnar. „Fólk kaupir vörur fyrirtækisins vegna gæðanna og einnig vegna þess sem það stendur fyrir og hvernig starfsemiinni er háttað.” Rapunzel er í náinni samvinnu við þýsku þróunarhjálpina og er með samvinnuverkefni í þriðja heiminum og fer hluti af hagnaði fyrirtækisins í að byggja þar upp skóla og aðra grunnþjónustu.



Við mælum beinþéttni

Pantaðu tíma

í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

Flott í vetur

Ný tæki - Betra verð!



SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - 5. 568 1717

Frá Dr. Gillian McKeith

Living Food Energy duft

súperfæða fyrir betri heilsu

20%
AFSLÁTTUR
AF 330 GR.
KRUKKUM

Duftið er unnið úr hreinu lífrænu súperfæði, spiruðum fræjum og heilandi jurtum. Hlaðið ensimum, vítamínum, steinefnum og góðum fitusýrum.



Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaup og Fjarðarkaup

PRODERM

Vörn gegn klórvatni

- Lagar strax, þurrk, sviða og kláða.
- Fyrir mjög þurra og viðkvæma húð.
- Engin fituáferð.

€ € Skráð lækningavara
Vörn í 6 klst.

Fæst í apótekum www.celsus.is



HRÁFÆÐIS NÁMSKEIÐ SOLLU

Á námskeiðinu kennum við:

- að útbúa einfalda, fljótlega, holla & bragðgóða hráfæðisrétti
- himneska eftirrætti
- frábæran fróðleik um hráfæði - mismunandi matreiðsluáferðir
- meðferð á hnífum & öðrum áhöldum
- næringar & notagildi

Þetta námskeið hentar öllum með áhuga á hráfæði og er einnig frábært framhald fyrir þá sem hafa verið á byrjenda grænmetisnámskeiði

Kennari er Sólveig Eiríksdóttir



Námskeiðið er eitt kvöld frá kl 18.50 - 23.00.

Námskeiðsdagur í boði:

29. sept. / 5. okt.

Verð 5.900 kr.

Skráning í síma 821 4608 á solla@himneskt.is eða á www.himneskt.is



HREYFI GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning



Viltu bæta sveifluna?

Golfsveiflan og formið bætt

Golfþími

11 vikna námskeið fyrir golfara. Líkamlegt ástand mælt í upphafi og lok námskeiðs. Liðleikapróf, fitumæling, vigtn og sveiflугreining. Kennsla hefst 3. október.

Líkamsþjálfun

Í upphafi er líkamlegt ástand þátttakenda metið og líkamsþjálfun í aðalhlutverki. Áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar í samræmi við þarfir golfara. Síðan eru golfkyllurnar teknar fram og þátttakendur fá leiðsögn til að bæta sveifluna.



Þorfinnur Andreassen
sjúkrahjálpari



Þorsteinn Hallgrímsson
IPGA leiðbeinandi

Sveiflугreining

Golfsveiflan er tekin upp á myndband og greind með aðstoð greiningarforrits. Hver þátttakandi fær skýrslu um sína greiningu þar sem kostir og gallar sveiflunnar eru skýrðir. Kennari sýnir hvernig bæta má sveifluna og hvernig best er að vinna í henni. Í lok námskeiðs er sveiflan greind öðru sinni og þróunin skoðuð.

Á meðan á námskeiðinu stendur hafa þátttakendur ótakmarkaðan aðgang að tækjasal og opnum tímum.

Tími

Þriðjudaga og fimmtudaga 19:30 – 20:30, laugardaga 10-11.

Kennarar: Þorfinnur Andreassen, sjúkrahjálpari og Þorsteinn Hallgrímsson, IPGA leiðbeinandi.

HREYFI GREINING
HÓFÐABAKKA

Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is



birta

ALLTAF Á FÖSTUDÖGUM

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond

STRÖND KHF.

Haust-Vetur 2005



www.bergis.is



Þórdís lætur fara vel um sig heima í hægindum eftir danska hönnuðinn Børge Mogensen og tíkin Ransý á líka sitt horn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HAUST
2005
KOMIÐ**

Opið frá 11-18 virka daga,
11-15 laugardaga.
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504

SERICA

Vill að hlutir skapi þægindi og vellíðan

Þegar farið var fram á að fá að skoða heimili Þórdísar Zoëga, húsgagna- og innanhússarkitekts, nú í vikunni vandaðist málið. Húsgögnin hennar voru nefnilega flest á leiðinni upp í Gerðuberg.

Heimilið hennar Þórdísar er frekar tómlegt þegar Fréttablaðsfólk ber að enda sendiferðabíll að renna úr hlaði með húsgögnum til að stilla upp í Gerðubergi. Þar verður opnuð sýning á verkum Þórdísar á laugardaginn, auk þess sem hún situr fyrir svörum á Sjónþingi. Eitt gott horn er þó alveg óhreyft. Í því er sófasett eftir danska hönnuðinn Børge Mogensen og þar kveðst Þórdís oft láta fara vel um sig. „Ég legg áherslu á að hlutirnir sem maður hefur í kringum sig veiti þægindi, gleði og vellíðan og líka að þeir séu þannig að þeir geti fylgt manni það sem eftir er,“ segir hún og kveðst aðhyllast húsmuni sem hafi eitthvern persónuleika og séreinkenni sem gefi þeim gildi.

Þórdís kom heim frá námi í Danmörku 1981 og hefur starfað hér á landi við sína iðn síðan, mest

fyrir innlendan markað. „Ég hef unnið á teiknistofum þar sem stórar byggingar hafa verið í hönnun og séð um innréttingar í þeim. Síðan hef ég verið með eigin teiknistofu og komið nokkrum húsgögnum í framleiðslu, bæði hér á landi og erlendis, þó meira hér heima.“

Hún kveðst hafa unnið með alls konar efni. „Mér finnst alltaf gaman að nota náttúrulegt hráefni eins og tré og ég hef notað steinbítsroð og selskinn sem stólaáklæði. Slíkir stólar fóru í fjöldaframleiðslu og ég held þeir fáiast enn í Sólóhúsgögnum,“ segir hún brosand. Hún lýkur lofsorði á uppsetningu sýningarinnar í Gerðubergi sem haldin er í tilefni af fimmtíu ára afmæli Félags húsgagna- og innanhússarkitekta. „Þarna eru ekki bara verkin sýnd, heldur líka grunnurinn, hvaðan hugmyndirnar koma og hver manneskjan er á bak við verkin. Það finnst mér mjög skemmtilegt fyrirkomulag,“ segir hún að lokum.

gun@frettabladid.is



Uggi.



Sess er úr steinbítsroði.

Barnastóllinn Hnokki sem Þórdís hlaut verðlaun fyrir.



Módel eftir Þórdísi. Sum hafa orðið að framleiðsluvöru og önnur ekki.



Mímir heitir þessi hvíti höfðingi.



Stóllinn mosi eftir Þórdísi. MYND: KRISTÍN BOGADÓTTIR

**Hinar vinsælu
dönsku bókahillur
komnar aftur**

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553 1400





Sæt blómaglós í bleiku og grænu. Fást í Glugganum.



Lífleg glös úr IKEA.

Líflegt drykkjarmál

Vekur heimilið til lífsins.

Ekki eru öll glös glær. Í verslunum bæjarins er mikið úrval af litríkum og mynstruðum glösum sem lífga upp á heimilið og tilveruna. Falleg glös eru góð gjöf, hvort sem hún er sjálfum manni til handa eða ætluð öðrum. Einföld athöfn eins og að drekka vatn getur orðið að góðri stund ef glasið vekur áhuga manns, auk þess sem falleg glös verða oft að skemmtilegu umræðuefni við matarborðið.



Marimekko-glas sem fæst í Marimekko-versluninni í Iðu.



Röndótt glös sem fást í Glugganum.



Dansandi doppur á glasi úr Kokku.

Grænt Leonardo-kampavinsglas úr versluninni í húsinu.



Þetta skemmtilega glas fæst í Kokku.

Keramik fyrir alla

Dömukvöld



Í kvöld 22.sept.
kl 20-23.
Opið hús með mat.
Verð kr. 850 + keramik.
Bókið núna.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

Mikið úrval af
vönduðum og
fallegum silkitrjám



Soldis
Silkitré og silkihlóm
Laugavegi 43 (Vínstígumegin) sími 551 8048

Hreinlega...



...ótrúleg verð!!!!

Sturtuklefar og
baðker í úrvali!



www.sturta.is

allan sólarhringinn!

Símabjónusta frá 10-19: 899-4567
Öll viðgerða/varahluta og
uppsetningaþjónusta fyrir hendi

Í t ö l s k g æ ð a v a r a

HAUSTTILBOÐ!

Scanbath
Collection

STURTU
KLEFAR

Verð frá:

36.900 stgr.

Stærðir:

80x90 sm og
90x90 sm

6 mm öryggisgler
með listum úr
hvítu eða króm
Vatnslás + botn

Fjölbreytt úrval af
sturtuklefum
sturtuveggjum
og hurðum

INNRETTINGAR
& TÆKI

W-0714

www.i-t.is

OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

um heimilið }

Fótspegill

INNAN Á SKÁPHURÐ

Peir sem hafa ekki pláss fyrir mannháan spegil í íbúðinni sinni og eiga því örðugt með að sjá fótabúnað sinn eða neðri hluta líkamans geta fengið sér svokallaðan skóspegil innan á skáphurð eða við útidyrarhurðina, eða nánast hvar sem er. Þá er hægt að virða fyrir sér kjölfaldinn og skóna og ef dýr er á heimilinu getur það skoðað sig í þeim spegli.



Innbyggðir klósettkassar og
hreinlætistæki í úrvali

BADHEIMAR

Fossháls 1 • sími 525 0800 • www.badheimar.is



AMERÍSKIR
GLUGGAHLERAR

glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756



Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.

Sófalist,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is

Póstsendum



NÝJAR VÖRUR

Lene Bjerre®
Scandinavian Country Collection

Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kópavogi • S: 534 7470
Opíð virka daga frá 10-18 • Laugardaga frá 10-16 • www.feim.is

Salatskál og áhöld
Tilboðsverð: 2.990 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni

Sérverslun með
kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Systurnar Fjóla og Ingibjörg Marinósdætur eiga og reka verslunina Lene Bjerre.

Góð efni og gamaldags rómantík

Lene Bjerre er danskur hönnuður sem hefur fest sig í sessi í Evrópu en vörur frá henni fást í samnefndri verslun í Bæjarlindinni.

Lene Bjerre er danskur hönnuður sem byrjaði á því á áttunda áratugnum að handgera lampaskerma úr fallegum efnum. Lampaskermarnir slógu rækilega í gegn og nú er hönnun Lene Bjerre til sölu víða um Evrópu. Systurnar Ingibjörg og Fjóla Marinósdætur reka verslunina Lene Bjerre í Bæjarlind í Kópavogi. „Helstu vörur okkar eru frá danska fyrirtækinu Lene Bjerre, sem framleiðir hágæðavörur sem passa inn á öll heimili,“ segir Ingibjörg. Þær systur heilluðust af framleiðslunni á sýningu sem þær fóru á í Danmörku í febr-



Lene Bjerre hóf hönnunarferil sinn með því að gera lampaskerma og von bráðar bættust lamparnir sjálfir í hópinn.



Þessi bangsi laumaðist til að leggja sig á handklæðin mjúku en í versluninni má fá ýmislegt fyrir yngstu kynslóðina.

úar, biðu ekki boðanna og opnuðu verslunina um mánaðamótin aprílmaí. „Ég sá strax að þetta var nokkuð sem ég hafði áhuga á, flottar vandaðar vörur úr mjög góðum efnum.“

Þessi verslun er sú fyrsta á Íslandi sem sérhæfir sig í hönnun Lene Bjerre og þar má meðal annars fá borðbúnað, dúka, gardínur, púða, lampa og allt fyrir svefnherbergi og baðherberg svo eitt hvað sé nefnt. Hægt er að hafa allt heimilið í stíl, sama mynstrið sem kallast á milli herbergja en gamaldags rómantík og glæsileiki er ráðandi í hönnuninni. Ingibjörg segir að nú sé haustlínan að streyma inn. „Núna eru brúnt og svart ráðandi litir en annars kemur eitthvað nýtt á hverju hausti og línurnar sem við erum með eru alltaf til.“ Í versluninni er einnig hægt að fá sæta bangsa og ýmsar aðrar vörur fyrir börn, eins og diska, glös og hnífapör. Ingibjörg segir að versluninni hafi verið tekið mjög vel, einkum þó af fólki sem þekki hönnun og varning Lene Bjerre annars staðar að. „Fólk sem hefur búið í Danmörku hefur komið hingað mikið að kaupa hluti eins og handklæði því það segir að handklæðin séu úr svo góðu efni að það sé leitun að öðru eins.“ ■



Hægt er að fá allt í stíl á baðherbergið, meira að segja handklæðin og sloppana.



Stellin í Lene Bjerre eru afar falleg og óvenjuleg að lögun.



Dúkar og munnþurrkur fást í miklu úrvali í versluninni og allt í þessum gamaldags rómantíska stíl.

Útsala
frá 40% afsláttur
RÝMINGARSALA



IL TUCANO

lífstílsverslun
í miðbænum

Sérverslun með húsgögnum og gjafavörum

Tryggvagata 11, 101 Reykjavík

Sími: 534 6100



ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ FINNA UPP HJÓLIÐ

Íslenski Fjallahjólaklúbburinn hvetur Íslendinga til að nota reiðhjól allan ársins hring. [SJÁ BLS. 8](#)



[SÉRBLAÐ UM SKOTVEIÐI, HEILSU OG ÚTIVIST - FIMMTUDAGUR 22. SEPTEMBER 2005]

útiverublaðið



EFNISYFIRLIT



Stórauðinn áhugi á kajakróðri

BLS. 12 Félögum í Kayak-klúbbnum sem verður 25 ára í vetur hefur fjölgað mikið síðustu ár.

Yfir 800 gönguleiðir á netinu

BLS. 14 Á www.ganga.is er kominn gagnagrunnur með fjölda mörgum gönguleiðum um Ísland.



Aldrei meiri laxveiði en í sumar

BLS. 2 Sumarið 2005 er metár í laxveiði. Búið er við að 54-55 þúsund laxar verði komnir á land.

Reykingar unglinga hér á landi fara minnkandi

BLS. 6 Verkefnisstjóri skólafræðslu segir reykingar grunnskólanema hafa minnkað síðustu ár.

Skýr smoothie
SKÝR DRYKKUR





Klængshóll er í botni Skíðadal, sem gengur inn úr Svarfaðardal.

Áreitið skilið eftir fyrir utan dalinn

Á Klængshóli í Skíðadal er rekin heilsutengd ferðabjónusta sem felst í gönguferðum með náttúrutúlkun, jóga, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð og heimilislegu fæði með áherslu á lífrænt hráefni.

Haustlitirnir klæða Skíðadalinn vel og kyrrðin er allt að því áþreifanleg þegar komið er inn í botn hans. Þar er bærinn Klængshóll umlukinn háum fjöllum Tröllaskagans. „Hér er ekkert GSM-samband þannig að gestir okkar skilja áreitið eftir utan dalsins og geta sofnað við hjál bæjarlækjarins,“ segir Anna Dóra Hermannsdóttir brosandí. Hún er hús-ráðandi á staðnum ásamt manni sínum Erni Arngrímsyni. Anna Dóra er jógakennari og leggur áherslu á hugleiðslu og Örn tekur fólk í höfuðbeina-og spjaldhryggjarmeðferð, sem þykir góð leið til efla heilsuna eftir veikindi eða önnur áföll í lífinu. „Við erum bara með gistingu fyrir ellefu manns og yfir þennan árstíma einbeitum við okkur að einstaklingum, pörum og litlum hópum,“ segir Anna Dóra og upplýsir líka að þau hjón vinni að því að fá umhverfisvottorð fyrir jörðina sína. „Við notum mikið af jurtum í fæðið, bæði sem við ræktum sjálf og söfnum í fjallinu,“ segir hún og tekur sem

dæmi að öll brauð séu heimbökuð meðal annars með ýmsum grösum úr náttúrunni. Að Klængshóli er fimmtíu kílómetra leið frá þjóðvegi 1 og 22 frá Dalvík. „Stundum finnst mér þetta vera of stuttur krókur en þó held ég að hann sé bara hæfilegur,“ segir Anna Dóra hugsandi. Hún segir þau hjón hafa byrjað með venjulega gistingu og morgunverð. „Svo fannst okkur það ekki nógu skemmtilegt og vildum nýta okkar bakgrunn betur og þennan einstaka stað,“ segir hún og er nú beðin um að lýsa frekar því sem hún kallar náttúrutúlkun í gönguferðunum. „Þetta er aðferð sem landverðir beita gjarnan í þjóðgördum. Hjá mér felst hún í því að ég fræði fólk ekki aðeins um örnefni í dalnum og mannlíf liðinna alda heldur hjálpa því að upplifa náttúruna og sjálf sig á dýpri hátt en það á að venjast. Þar myndast oft tengsl sem verða ekki rofin. Þetta er meðal þess sem fólk er að sækjast eftir þegar það ákveður að dvelja hér í nokkra daga.“



Örn og Anna Dóra tvinna saman heimilislega stemningu, heilsuefingu og útivist á Klængshóli.



haglabyssur rifflar
rifflilsjónaukar & ótalmargt fleira



BROWNING
Savage
Howa
Benelli
BREDA
SAIGA AK47
Stoeger

komdu og skoðaðu á...
www.sjobudin.is

SJÓBÚÐIN
LAUFÁSGATA 1 - 600 AKUREYRI - Sími 462 6120

Laxveiði aldrei meiri en í sumar

Sumarið 2005 er metár í laxveiði og því er spáð að endanleg veiði verði 55 þúsund laxar. Síðasta met var sett 1978. Þá gerðist það í fyrsta skipti í sumar að yfir 4.000 laxar veiddust í sömu ánni.

„Menn eru orðnir meðvitaðri um það en áður að veiðin er ekki sjálfgefin,“ segir Haraldur Eiríksson hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur. Hann segir að umgengni um laxveiðiár hafi batnað mikið undanfarin ár og álag á stofnana sé að minnka. „Til að mynda hafa menn notað kvóta og friðað fiskinn á ákveðnum svæðum. Einnig er meira um að menn sleppi veiddum laxi og þá hefur maðkveiði að hausti víða verið hætt, en hún hjó mest í skörðin.“ Haraldur fullyrðir þó ekki að það sé



Veiðimaðurinn Stefán Cramer bitur hér veiðuggann af sex punda hrygnu sem hann veiddi í Breiðdalsá.

meginástæðan fyrir betri afla. „Það hlýtur eiginlega að vera að aðstæður í sjó hafi verið hagstæðar þessum árgöngum. Þetta gæti verið út af hlýjum sjó og hlýjum sumrum undanfarin ár.“ Hann segir lítið hafa veiðst af stórlaxi í sumar og því virðist sem nú hafi komið mjög sterkur árgangur af fiski sem hefur verið eitt ár í hafi. Það er ólíkt því sem var á síðasta metári árið 1978, en þá blönduðust saman tveir sterkir árgangar af löxum sem höfðu verið eitt og tvö ár í sjó, sem er mjög sjaldgæft. Í dag veiðist hins vegar jafnan lítið af tveggja ára stórlaxi. Haraldur segir árið í ár ekki endilega vera samanburðarhæft við metárið 1978 þar sem ýmsir þættir skekki myndina. „Það eru ekki margar ár að skila neinni metveiði,“ segir hann. „Flestar árnar eru svipaðar og árin á undan en nokkrar ár að gera mun betur.“ Sérstaklega bendir hann á Rangármar þar sem yfir sex þúsund laxar hafi veiðst í ár, en þar hafi engir laxar verið á þeim tíma. Afgerandi meiri veiði hefur þó verið í tveimur ám, Norðurá og Þverá-Kjarará, en í þeim hefur veiðin meira en tvöfaldast og meira veiðst



Haraldur Eiríksson sér um markaðs- og sölumál hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur.

í þeim en nokkurn tíma fyrr. Þá hefur það aldrei gerst fyrr en í sumarið að yfir 4.000 laxar veiðist í einni á hér á landi eins og nú hefur gerst í Þverá-Kjarará. Þá segir Haraldur að það hafi verið sérstaklega gaman að sjá Elliðaána stökkva upp. „Hún er jú ein af okkar ám. Hún hefur átt undir högg að sækja en það eru teikn á lofti um meiri laxagöngur en við höfum séð síðustu níu ár.“ Hún á þó enn nokkuð í land að ná sinni eðlilegu veiði eins og hún var áður en kylaveikin kom upp. Haraldur segir fátt hafa verið meira rætt milli laxveiðimanna en mikla veiði í sumar og að menn spái því að heildarveiðin þegar sumri lýkur verði 54.000-55.000 laxar.

LAXVEIÐI Í STÆRSTU ÁNUM Í SUMAR						
Laxveiðiá	14. sept í ár*	veiði 2004	breyting	magnbreyting	meðalveiði 1995-2004	
Þverá-Kjarará	4.044	1.364	196%	2.680	1.614	
Norðurá	3.138	1.386	126%	1752	1.727	
Elliðaárnar	948	644	47%	304	638	
Selá í Vopnafirði	2.252	1.691	33%	561	1.208	
Eystrí-Rangá	3.889	3.152	23%	737	2.237	
Grímsá og Tunguá	1.310	1.101	19%	209	1.322	
Haffjarðará	1.291	1.133	14%	158	773	
Laxá í Dölum	1.717	1.537	12%	180	1.022	
Laxá í Leirársveit	1.088	984	11%	104	1.044	
Laxá í Aðaldal	1.014	937	8%	77	1.087	
Vatnsdalsá	1.025	965	6%	60	717	
Blanda	1.611	1.538	5%	73	984	
Laxá í Kjós	1.520	1.502	1%	18	1.134	
Hofsá í Vopnafirði	1.846	1.864	-1%	-18	1.142	
Víðidalssá	1.682	1.770	-5%	-88	910	
Ytri-Rangá	2.452	2.930	-16%	-478	1.417	
Langá	1.809	2.242	-19%	-433	1.661	
Midfjarðará	1.466	2.268	-35%	-802	996	
				34.102	29.008	
HEIMILD: WWW.ANGLING.IS						
*ATH: VEIÐI ER EKKI LOKIÐ Í FLESTUM ÁNNA OG BÚAST MÁ VIÐ EINHVERRI AUKNINGU Í HAUST.						

120.000 gestir heimsóttu Nauthólsvík í sumar

ÁLÍKA MARGIR GESTIR KOMU TIL NAUTHÓLSVÍKUR Í SUMAR OG UNANFARIN SUMUR.

„Sumarið var mjög fint í Nauthólsvík,“ segir Óttar Hrafnkelsson, sem var annar umsjónarmanna Ylstrandarinnar í Nauthólsvík í sumarið. Hann segir að aðsóknin hafi verið svipuð og síðastu sumur, um 120.000 manns. Óttar tekur þó fram að ekki sé um neitt kerfi að ræða sem geri mönnum kleift að fylgjast með aðsókninni. Starfsmennirnir telji hins vegar



Óttar Hrafnkelsson í Nauthólsvíkinni.



Nauthólsvíkin á góðum degi í sumar.

ar saman gestina á ströndinni tvisvar á dag og því viti menn gestafjöldann nokkuð nákvæmlega. Að sögn Óttars er það ekki markmið í sjálfu sér að fá sem flesta gesti í Nauthólsvík, enda ekki innheimt gjald fyrir komuna. „Það hefur þó verið rúkkad í búningssklefa, en það

var ekki gert í sumar.“ Það eina sem fólk er rúkkad fyrir er geymsla á fötum. „Það sem við bjóðum upp á er sandur og vatn. Þetta er þarna og fólk getur komið ef það vill,“ segir Óttar. „Síðan bjóðum við líka upp á allt það sem íslensk veðráttá hefur upp á að bjóða.“

VELDU **BETRA**
BRAGÐ



Verðum að viðhalda rjúpnastofninum

Um miðjan næsta mánuð hefjast veiðar á rjúpu aftur eftir tæpra tveggja ára hlé. Stofninn hefur rúmlega þrefaldast en þó biður umhverfisráðherra veiðimenn að gæta hófs.

„Mín tilmæli til skotveiðimanna eru þau að þeir vandi sig í umgengni við rjúpuna og landið og láta ekki græðgina ráða för,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra. Hún hefur sem kunnugt er gefið út reglugerð sem felur í sér leyfi til veiða á rjúpu á tímabilinu 15. október til 30. nóvember. Það er þremur vikum styttri veiðitími en áður var. Einnig er sölubann í gildi á rjúpu og rjúpna-afurðum og þar með er veiðimönnum óheimilt að skjóta rjúpu í atvinnuskyni og selja fuglinn til

verslana og veitingastaða. Sigríður Anna segir sölubannið sett til að koma í veg fyrir magnveiði og hefur hún sterka trú á að það skili árangri í að viðhalda rjúpnastofninum. „Ég hef hvatt veiðimenn til að gæta hófs. Við leggjum mikla áherslu á að veiðarnar verði sjálfbærar, sem þýðir að það má ekki ganga á stofninn. Það skiptir öllu máli,“ segir hún. Náttúrufræðistofnun Íslands telur veiðina ekki mega fara yfir 70.000 fugla og ráðherrann segir nauðsynlegt að fara eftir þeim ráðleggingum. „Það



Ein er upp til fjalla.

byggist að sjálfsöğðu á viðhorfi veiðimannanna sjálfra og að þeir fari eftir lögum og reglum,“ segir Sigríður Anna og nefnir líka að fleira tengist veiðunum eins og akstur utan vega sem vissulega sé hannaður. Hún er hjartsýn á að aðgerðir stjórnsvalda skili tilætluðum árangri svo rjúpan hvíta fái áfram að eiga sinn sess í íslenskri náttúru. „Þau viðbrögð sem ég hef fengið fyrir okkar ákvörðunum í sambandi við veiðarnar eru mjög góð enda höfum við vandað til verka,“ segir hún að lokum.



FRETTABLAÐIÐ/PIEÚR

Sigríður Anna biður rjúpnaveiðimenn að gerast ekki of stórtækir og ganga um náttúruna af virðingu.

allt

atvinna

Alla sunnudaga

ShapeWorks™

Sáreniðinn lífeyfill



Díana 18 kg

Halldóra 20 kg

Rósarlind 16 kg

Viltu... minna hungur, meiri fitubrennslu, meiri líkamsmótun... Árangur... ??

www.heilsufrettir.is/hm

Aloe Vera heilsunar vegna



Er um með þennan frábæra heilsudrykk sem gefur aukið úthald og vellíðan. Aloe vera styrkir ónæmiskerfið og hefur reynst vel við húð og maga vandamálum

www.aloe.verslunin.net sjálfstæður dreifingaraðili á Forever Living Products sími: 8696448

Guðrún hvetur Reykvíkinga til að nýta sér betur kyrrðina á útivistarsvæðum í eða við borgina, eins og til dæmis í Heiðmörk, sem hér sést, Elliðaárdal og Grasagarðinum.

Hreyfing skiptir miklu máli fyrir geðheilsuna

Hreyfing bætir ekki aðeins þolið heldur líka geðheilsuna. Svo virðist sem hreyfing hafi áhrif á boðefna-kerfið í heilanum sem þunglyndi á rætur sínar í.

„Hreyfingin skiptir mjög miklu máli fyrir geðheilsuna og útívera er mjög góð,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Geðræktar – Lýðheilsustöðvar. „Við áttum okkur ekki alltaf á því hve stutt er að fara til að komast í kyrrðina og rólegheitin hérna rétt við borgarmörkin og reyndar innan þeirra líka. Við höfum mjög fin útivistarsvæði við bæjardyrnar, til dæmis Grasagarðinn, Elliðaárdalinn og Heiðmörk.“ Guðrún rifjar upp ráðstefnu sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hélt í samstarfi við Landlækniseimbættið, menntamálaráðuneytið og Lýðheilsustöð í vor. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Heilbrigð sál í hraustum líkama. Áhrif hreyfingar á andlega líðan. „Meðal þess sem kom fram þarna var að hreyfing, þó ekki sé nema í litlum mæli á hverjum degi, hefur mjög góð áhrif á andlega líðan.“ Þó það sé ekki vísindalega sannað segir Guðrún vísindingar vera til um það að

FRETTABLAÐIÐ/EOÚ

Guðrún Guðmundsdóttir hjá Geðrækt segir hreyfingu skipta öllu máli fyrir geðheilsuna.

hreyfingin hafi áhrif á boðefna-kerfið í heilanum sem þunglyndi á rætur sínar að rekja í. „Við vitum líka öll að þegar við hreyfum okkur liður okkur betur.“ Hún minnir á að fimmta geðorðið af geðorðunum tíu er: „Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.“ Þá segist Guðrún vera skotin í hugtakinu „ávisun á hreyfingu“ sem felur í sér að fagfólk í þessum geira ávísi á hreyfingu sem hluta af meðferð, rétt eins og vísað er á lyf. „Við

endurhæfingu eftir til dæmis innlagnir á geðdeildir er alltaf lögð áhersla á hreyfingu sem hluta endurhæfingarinnar.“ Guðrún segir hreyfinguna alls ekki þurfa að vera mikla, þó það henti sumum. „Öll hreyfing er góð svo lengi sem þér liður vel með það,“ segir hún. „Það er betra að byrja hægt og taka lítil skref í einu því það má alltaf bæta við, frekar en að setja markið of hátt og gefast upp.“ Hún segir gott að hafa það í huga að nota aðstæðurnar hverju sinni til að hreyfa sig. „Það má leggja bilnum lengra frá og labba þaðan í vinnuna frekar en að leggja honum rétt hjá. Það má nota stigann frekar en lyftuna. Og það er hreyfing að ryksuga.“ Sjálf fer Guðrún í sund alla morgna og er þar í hópi fólks sem kemur reglulega. „Mikið af þessu er eldra fólk sem þrátt fyrir að vera hætt að vinna rifur sig upp á morgnana til að mæta í sund. Einn þeirra er rúmlega níraður maður sem kemur á hverjum degi af því honum finnst þetta hafa svo góð áhrif á sig.“ Guðrún segir að þarna sé félags-skapur og það sé líka hluti af þessu. „Við getum aldrei aðskilið hið andlega, líkamlega og félagslega. Það spilar allt saman og ef brestir koma í einn þessara þátta er það fljótt að hafa áhrif á hina.“

Eitt líf – njótum þess



Queen

152x203 cm.

Gafl

Botn

Lappir

Dýna

AÐEINS KR

134.900,-



THE
NeverTurn
MATTRESS



Viking Base



3 litir af botnum og SquareAlu fætur



Signature Brown



Lady white



THE
NeverTurn
MATTRESS

Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II“.

806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).

Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.

100% náttúruleg gæðaeefni.

Laserskorin ConformaFoam yfirdýna.

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér

að finna réttu dýnuna fyrir þig á tilboði með gafl og öllu tilheyrandi!

Signature rúm með Spring Air heilsudýnu

Þrjár gerðir af göflum í boði (Signature, Lady og Viking),

þrír litir og þrír stífleikar á dýnu.

Ath! aukahlutir á myndum ekki innifaldir í verði.

Tilboðsverð

Signature gafl, botn og Spring Air Natures Comfort heilsudýna

Heiti	Stærð	Verð kr
SIGNATURE NATURES COMF. Queen	153 x 203	134.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. Cal. King	183 x 213	164.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. King	193 x 203	164.900 kr



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Verðmæti veiða í Skaftárhreppi kann að vera milljarður króna

Nýleg hagfræðirannsókn bendir til þess að verðmæti sjóbirtingsveiða í Skaftárhreppi sé 575-1.150 milljónir króna fyrir samfélagið. Upplýsingar voru fengnar frá bæði veiðimönnum og veiðileyfasölum.

Niðurstaða hagfræðirannsóknar á verðmæti veiða á sjóbirtingi í Skaftárhreppi er sú að veiðin sé 575-1.150 milljóna virði fyrir samfélagið. Samanlagður ábati veiðimanna og landeiganda af þeim á hverju ári er 46 milljónir. Ragnheiður Jónsdóttir, nemandi við hagfræðiskor Háskóla Íslands,

vann rannsóknina með Sigurði Jóhannessyni hagfræðingi. Skaftárvæðið er einstakt hér á landi vegna sjóbirtings sem gengur upp árnar að vori og niður þær að hausti. Um þrjátíu veiðisvæði eru í sveitarfélaginu og í sumum tilvikum selja landeigendur veiðileyfi á þau en á stærri svæðunum

eru aðrir aðilar með þau. „Við ákváðum að reikna út frá hugmyndinni um notagildi,“ segir Ragnheiður. Hún ræddi við alla veiðileyfasala í hreppnum og fékk upplýsingar um fjölda seldra stangardaga, fjölda veiðimanna á stöng, verð á veiðileyfum og kostnað. Hagnaður þeirra af veiðunum reyndist vera um þrjátíu milljónir á ári. Þá var spurningalistum dreift í veiðihús í hreppnum þar sem veiðimenn voru spurðir um fjölda í bíl, tilgang ferðarinnar og heildarkostnaðinn við ferðina. Til að meta ábata veiðimannanna af veiðunum notaðist Ragnheiður við það sem hún kallar ferðakostnaðaraðferð. „Við skiptum markaðnum fyrir veiðarnar í svæði og reiknum út ferðakostnað fyrir hvert svæði fyrir sig.“ Svæðin miðuðust við fjarlægðina frá veiðisvæðinu. „Síðan teljum við gesti frá hverju svæði fyrir sig og fáum fjölda þeirra miðað við hverja þúsund íbúa á því svæði. Þá sjáum við ferðatíðnina miðað við ferðakostnað og getum mælt eftir-



Það er fleira verðmætt í Skaftársveit en margur hyggur.

spurnina út frá því, og þannig metið neytendaábatann.“ Hann reyndist vera um sextán milljónir á ári og samanlagður ábati neytenda og landeigenda og veiðimanna er því um 46 milljónir króna á ári. Verðmætið er síðan reiknað út frá þeirri tölu. Á hádegisfundinum sýndi Ragnheiður niðurstöðu sem er miðuð við 4, 6, og 8 prósentareiknivexti og samkvæmt því er verðmæti veiðanna 1.150, 767 eða 565 milljónir króna fyrir samfélagið, þannig að fyrirtæki sem væri 1150 milljóna króna virði og eigendur þess gerðu 4 prósentarösemiskröfu ætti þá að greiða 46 milljónir út í arð á ári.



Þessum sjóbirtingi var landað í Tungufljóti í Vestur-Skaftafellssýslu.



Ragnheiður Jónsdóttir hagfræðinemi útskýrði rannsóknina og kynnti niðurstöður hennar á hádegisfundi í Odda í síðustu viku.

VERÐMÆTI VEIÐANNA Í MILLJÓNUM KRÓNA			
Reiknivextir	Ábati veiðimanna	Ábati landeigenda	Alls
4%	400	750	1150
6%	267	500	767
8%	200	375	575

Allt sem þarf

[er magic tan]

Fyrir þá sem kjósa brúnku án sólar þá er MagicTan frábær kostur.

MagicTan er án UV (útfjólublárra) geisla og er fljótleg, auðveld og örugg aðferð til að öðlast fallega og jafna brúnku.

Loksins geta allir notið heilbrigðs útlits, sem falleg brúnka sannarlega gefur, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af skaðlegum geislum sólar eða ljósalampa.

Það tekur aðeins eina mínútu að verða fallega brún(n) í MagicTan klefa.


magic
T A N

Vorum að opna nýjan Magic Tan klefa í Smárasól í Dalsmára, Kópavogi.

www.magictan-iceland.com

Magic Tan Reykjavík

Smárasól, Sporthúsinu
Dalsmára 9-11,
201 Kópavogur
Sími 567 8780

Magic Tan Reykjanesbæ

Nuddst. Betri líðan
Hafnargötu 54,
230 Keflavík
Sími 421 70 10

Magic Tan Akureyri

Snyrtist. Vita Liberata
Sunnuhlíð 12,
603 Akureyri
Sími 468 1588



Reykingar unglunga í grunnskólum fara minnkandi hér á landi

Síðustu árin hefur dregið mikið úr reykingum unglunga í grunnskólum hér á landi. Aðeins tólf prósent nemenda í tíunda bekk reyktu daglega á síðasta ári. Dregið hefur úr hræðsluáróðri og meira er lagt upp úr sjálfsstyrkingu unglunga og þeim kennt að taka afstöðu og standa við hana.

„Mikill meirihluti unglunga reykir ekki. Við eigum svo mikið af flottum krökkum,“ segir Hildur Björg Hafstein, verkefnisstjóri skólafræðslu hjá Lýðheilsustöð. Hún segir marga unglunga í dag vita vel hver skaðsemi reykinga geti verið, en hópprýstingurinn sé oft mjög mikill. Hún telur fulla ástæðu til að byrja fræðsluna snemma. „Nikótín-íð er mjög ávanabindandi og hefur enn sterkari áhrif á líkama sem enn eru að stækka og þroskast. Það getur því gerst mjög hratt hjá unglingum að fikt breytist í ávana-bindandi reykingar,“ segir Hildur. „Hvert einasta ár sem þú frestar því að byrja dregur það úr líkunum á því að þú byrjir á einhverju öðru. Um leið og þú ert kominn yfir einn þroskuld verður svo miklu auðveldara að fara yfir þann næsta.“ Mikið hefur dregið úr reykingum unglunga hér á landi. Til að mynda reyktu tólf prósent unglunga í tíunda bekk daglega árið 2004 sam-anborið við fjórtán prósent árið 2003. Einnig má nefna að íslenskir unglingar voru í fjórða neðsta sæti í samevrópskri könnun á reykingum unglunga árið 2003. Lýðheilsustöð tók á síðasta ári við tóbaksfræðslu í grunnskólum af Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Fræðslan er að mörgu leyti byggð á sama áróðri og Krabbameinsfélagið hafði verið að flytja en það var með námsefni að norski fyrirmynd sem hét „Sköpum reyklausa kynslóð“. Þar er stílað inn á unglunga í 6.-10. bekk í grunnskólum landsins. Ýmsar breytingar hafa



Nokkur ungumenni sjást hér reykja á kaffihúsi.

sem b.ður uppá flest það sem stærri netþjónar bjóða upp á. Hann hentar vel fyrir minni fyrirtæki sem aðalnetþjónn eða í stærri fyrirtæki fyrir einstök verkefni. „Hot-Plug“ harðir diskar og RAID diskast ringar auka áreiðanleika og minnka viðhald. Það er hægt að setja TX150 netþjóninn í skáp með aukabúnaði. Honum fylgir hugbúnaður til uppsetningar og umsjónarhugbúnaður sem fylgist með ástandi netþjónsins og lætur vita komi eitthvað uppá. **Einnig bjóðum við uppá ókeypis vöktun á netþjóninum í gegnum fjarvinnslu.**

Tæknival er eini viðurkenndi sölu- og þjónustua ili Fujitsu Siemens á Íslandi

Tæknival

-sterk heild

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolva.is

SKEIFUNNI 17

SÍMI: 550 4000

www.taeknival.is

menning

menning@frettabladid.is



Kl. 19.30

Fyrri tónleikar Sigrúnar Hjálmtýs-dóttur með Sinfóníuhljómsveit Íslands verða í Háskólabíói í kvöld. Hún syngur þar margar safarikustu aríur óperubókmenntanna. Seinni tónleikarnir verða annað kvöld.

Þjóðbúningarnir kynntir

Kynning á íslenska þjóðbúningnum verður haldin í kvöld á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands í húsnæði félagsins á Laufásvegi 2. Kynningin hefst klukkan 20 og verður sagt frá karlmannabúningnum og faldbúningnum frá um 1800. Einnig verður sýning á vinnubrögðum sem tengjast þjóðbúningunum og gefnar upplýsingar um það hvernig rétt er að klæðast búningunum. Gestum og gangandi er boðið að líta inn, þiggja kaffiveitingar, fræðast og spjalla við fulltrúa Heimilisiðnaðarfélagsins. Á síðustu árum hefur áhugi aukist mjög á eldri gerðum íslensku þjóðbúninganna, það er að segja faldbúningnum, skautbúningnum, kyrtlinum, 19. aldar upphlutnum og nú íslenska herrabúningnum. Í nokkur ár hefur Heimilisiðnaðarfélagið boðið upp á námskeiðaröð í því að sauma þessa búninga og í kvöld verður hægt að fá upplýsingar um þessi námskeið. Heimilisiðnaðarfé-



lag Íslands er eini aðilinn sem veitir þessa þjónustu.

> Ekki missa af ...

... morgunverðarfundir um skipulagsmál Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag, sem haldinn er í tengslum við sýninguna Hvernig borg má bjóða þér?

... tónleikum kontrísveitar Baggalúts á Grand Rokki í kvöld, þar sem sjálfur Rúnar Júlíusson verður „leynigestur“.

... sjónþingi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á laugardaginn, þar sem ferill Þórdísar Zoëga hönnuðar verður skoðaður ofan í kjölinn.

Þórarinn þýðir Völuspá

Hið forna kvæði Völuspá er komið út í nýjum búningi, sem er aðgengilegur fyrir börn á öllum aldri. Þórarinn Eldjárn hefur endursagt kvæðið í leikandi vísu og Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndskreytir bókina með litríkum hætti.

Segja má að útgáfa Þórarins sé þýðing á kvæðinu yfir á auðskiljanlegt nútímamál, en Þórarinn segist frekar líta á sitt framlag sem endursögn heldur en þýðingu.

„Ég reyndi fyrst og fremst að hafa það að leiðarljósi að gera orðin sjálf skiljanleg,“ segir hann og tekur fram að hér á landi geti útgáfa af þessu tagi verið „dálítið viðkvæmt mál því Íslendingum finnst oft að það þurfi ekkert að þýða þessar gömlu bókmenntir.“

Margt hefur þó breyst í þeim efnum. Á síðustu árum hafa til dæmis komið út barnaútgáfur af Njálu og Egils sögu og þykir vart tiltökumál lengur að hrófla við þessum gömlu bókmenntum með þessum hætti.

„Ég held að þetta geri þessum bókum ekki annað en gott.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Þórarinn leggur sitt af mörkum til þess að auðvelda yngri kynslóðinni hér á landi að tileinka sér Völuspá. Fyrir fimm árum frumsýndi Möguleikhúsið leikritið Völuspá, sem er eftir Þórarinn og hefur sú sýning farið víða. Þórarinn segir þó engin önnur tengsl vera milli þessa leikrits og endursagnarinnar á Völuspá, sem nú er komin út á bók, heldur en hið forna kvæði.

„Í leikritinu var ramminn úr Völuspá notaður, það er Óðinn leitar til völunnar til að leita

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA



ÞÓRARINN ELDJÁRN Hefur fært Völuspá í nýjan búning, aðgengilegan yngri kynslóðinni.

fregna, en síðan voru dregnar inn í það ótal frásagnir úr Snorra-Eddu og víðar, en það ber svo sem ekki mikið á Völuspá sjálfri þar.“

Myndir Kristínar Rögnu setja sterkan svip á bókina, en Þórarinn segir þær ekkert sérstaklega vera sniðnar að sínum texta.

„Myndirnar eru fyrst og fremst auðvitað hennar frumsköpun og gætu alveg staðið með hinni upphaflegu Völuspá. Þær eru ávöxtur mikilla þælinga hennar í þessu kvæði.“ ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

18 19 20 **21** 22 23 24
Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- ☐ 19.30 Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Stjórnandi er Kurt Kopecki.
- ☐ 20.00 Hljómleikar til minningar um Örn Washington verða haldnir á Nasa við Austurvöll. Fram koma
- ☐ 22.00 Benni Hemm Hemm leikur á Grand Rokki. Fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar kom út á

Páll Óskar og Monika, Bubbi Morthens, Ragnhildur Gísladóttir með Sigtryggi Baldurssyni og Davíð Þór pianóleikara, Andrea Gylfadóttir með gítarleikurunum Guðmundi Péturssyni og Eðvarði Lárusyni, gospelhópur Haralds Burr, Hjörtur Howser, Diana Monzon og félagar, Lights on the highway, Stella Haux með Tomma Stuðmanni, Magnúsi Einarssyni, Önnu Möggu og Disu Dredd, Rúnar Júlíusson, Hjálmar og Jagúar. Kynnir er Andrea Jónsdóttir.

dögnum, og hefur fengið mjög góða dóma í fjölmiðlum.

OPNANIR

- ☐ Sýning á verkum 38 ungmenna verður opnuð í bókasafni Seltjarness. Sýningin er afrakstur Norrænna listabúða sem ungmennin sóttu í ágúst síðastliðnum.

FUNDIR

- ☐ 08.30 Árni Þór Sigurðsson, Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður, Tryggvi Jónsson, verkfræðingur og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir umferðarverkfræðingur taka til máls á morgunverðarfundir um skipulagsmál Reykjavíkur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson.
- ☐ 17.00 Samtök um betri byggð kynna starfsemi sína og stefnumál í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

SÝNINGAR

- ☐ 20.00 Heimilisiðnaðarfélag Íslands kynnir í kvöld íslenska þjóðbúninga í húsnæði félagsins að Laufásvegi 2. Gestum og gangandi er boðið að líta við, spjalla við okkur, fræðast og þiggja kaffiveitingar. Ókeypis aðgangur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ávaxtakarfan
I AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Selma
Eva Eppelsinov
Ef spegillinn gæti talað
þá myndi hann segja við mig
að ég væri fegurst
flottust og finust.
Það myndi hann
segja við mig.

SPARISÞÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin
alla daga frá kl.13 til kl.17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 25. sept. kl: 13:30
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF

Í kvöld fim. 22/9 nokkur sæti laus, fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fim. 29/9 nokkur sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 nokkur sæti laus, fös. 7/10, lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 25/9 kl.14:00 nokkur sæti laus, sun. 2/10 kl.14:0, sun. 9/10 kl.14:00

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN

Fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 nokkur sæti laus, sun.. 2/10, fim. 6/10, fös. 7/10, lau. 8/10. Takmarkaður sýningafjöldi.

KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00
MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabrat 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Su 25/9 kl 14, Lau 1/10 kl. 14,
Su 2/10 kl. 14, Su 9/10 kl. 14

WOYZECK - 5 FORSYNINGAR Í SEPT.
Frumstýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð á forsyningu aðeins kr. 2.000,-
Fö 23/9 kl 20, Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**,
Fö 30/9 kl 20, Lau 1/10 kl 20
(sýning á ensku)

HÍBÝLI VINDANNA
Örfáar aukasýningar í haust.
Lau 24/9 kl. 20, Su 2/10 kl. 20,
Fö 7/10 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðvikur-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Lau 22/10 KL. 20, Fö 28/10 kl. 20,
Lau 29/10 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20, Lau 5/11 kl. 20
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

BELGÍSKA KONGÓ
Örfáar aukasýningar í haust.
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20, Su 30/10 kl. 20

MANNTAFL
Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 24/9 kl. 20 **UPPSELT**, Má 26/9 kl. 20, **UPPSELT**,
Fi 29/9 kl. 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl. 20 **UPPSELT**,
Lau 1/10 kl 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT**,
Fi 6/10 kl. 20 **UPPSELT**,
Lau 8/10 kl. 16 aukasýning, Su 9/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á
Híbýli vindanna og Lífsins tré
fæst sérstakur afsláttur

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Jónsen

3. sýn fös. 23 kl. 20 **UPPSELT**
4. sýn lau. 24 kl. 20 Örfá sæti laus
5. sýn fös. 31 kl. 20 Örfá sæti laus
6. sýn lau 1. okt kl. 20 Nokkur sæti laus.
7. sýn fös 7 okt
8. sýn lau 8 okt **UPPSELT**

LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

allt
brúðkaup
Alla miðvikudaga

Kynntu sér baksvið Flateyjargátu

Núna í vikunni kom þýskt sjónvarpsfólk til landsins til þess að kynna sér baksvið glæpasögu Viktors Arnars Ingólfssonar, Flateyjargátu. Viktor Arnar fór með þeim í kynnisferð til Flateyjar á þriðjudaginn var og sýndi þeim helstu sögustaði.

Bókin kom út í Þýskalandi nú í sumar undir nafninu Das Rätsel von Flatey. Hún hlaut strax afburðagóðar viðtökur og sat á þýska metsölulistanum í fimm vikur í sumar.

Mikla athygli vakti að fyrsta bók höfundar á þýskum markaði skyldi ná þessum árangri og sunnudaginn 2. október verður sýndur á NDR-sjónvarpsstöð-

inni afrakstur Íslandsferðar þýska sjónvarpsfólksins. Um fjöllumun verður í þættinum Nordsee-Report.

Fleiri lönd hafa sýnt Flateyjargátu áhuga. Margir erlendir forleggjarar voru staddir á landinu í tengslum við Bókmenntahátíð Reykjavíkur í síðustu viku og var þeim boðið af Eddu útgáfu til Viðeyjar í morgunmat ásamt nokkrum höfundum. Eftir velheppnaða ferð gerðust þau gleðilegu tíðindi í bátum til baka að Réttindastofu Eddu útgáfu barst holenskt tilboð í Flateyjargátu.

Það er forlagið Signature sem tryggði sér réttinn en aðrir ís-

lenskir höfundar þess eru Arnaldur Indriðason, Ævar Örn Jós-epsson og Kristín Marja Baldursdóttir.

Í haust er svo væntanleg splunkuný glæpasaga frá Viktori Arnari sem ber nafnið Aftur-elding.



HAUKUR MORTHENS Haukur Morthens syngur fjölmörg lög á plötunum Svona var.

Fimmtán ár í íslenskri dægurtónlist

Nýverið komu út á vegum Senu fimmtán plötur í nýrri útgáfuröð sem nefnist Svona var. Á hverri plötu er einblínt á eitt ár íslenskrar dægurtónlistarsögu og í fyrsta skammtinum eru tekin fyrir árin 1952 til 1966.

Á meðal laga sem er að finna á plötunum eru Litla flugan, Óli Lokbrá, Nú liggur vel á mér, Síðasti vagn í Sogamýri, Hafið bláa, Heyr mína bæn, Vor í Vaglaskógi, Hún er svo sæt og Á sjó. Á meðal flytjenda eru Haukur Morthens, Þorvaldur Halldórsson, Ingibjörg Smith og Raggi Bjarna.

„Við fórum í ákveðna hugmyndavinnu fyrir á árinu um nýjar útfærslur á því að endurútefja þetta gamla efni. Við höfum aðallega einbeitt okkur að ákveðnum flytjendum og hins vegar að hafa plöturnar mjög blandaðar en við ákváðum að fara aðeins dýpra og prófa að velja lög fyrir hvert ár,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfu-

stjóri Senu. „Þetta er algjörlega bundið við árið sem lagið er vinsælt og við komumst að því að við gátum gert þetta árlega frá 1952.“

Að sögn Eiðs er um þriðjungur laganna að koma í fyrsta skipti út á geislaplötum, en alls eru yfir 200 lög á plötunum. Næsti skammtur er síðan væntanlegur næsta vor. Þess má geta að Trausti Jónsson, veðurfræðingur og sérfræðingur í íslenskri dægurtónlist, sér um laga valið á plötunum. Mun hann velja lög á allar þær plötur sem ná til ársins 1970. Þá mun Ásgeir Tómasson blaðamaður taka við til ársins 1980 og eftir það sér Eiður sjálfur um lagavalið. ■

Megasarlög á Jazzhátíð

Á miðvikudaginn í næstu viku hefst Jazzhátíð Reykjavíkur og stendur hún fram á sunnudag með fjölmörgum tónleikum, oftast þrennum á degi hverjum, þar sem rjóni íslenskra djasstónlistarmanna kemur fram ásamt úrvali góðra gesta frá útlöndum.

Meðal annars kemur hingað kvartett bandaríska saxófónmeistarans Kennys Garrett, sem leikur á Nasa laugardagskvöldið 1. október. Kenny Garrett er einhver heitasti saxófónleikarinn í dag og hefur áður verið reynt að fá hann hingað á djasshátíðina.

Hingað koma einnig japanski víbrafónleikarinn Tako Saito og þýski píanóleikarinn Niko Meinhold, og halda þeir tónleika hér í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudagskvöldið 29. september.

Af íslenskum hljómsveitum má nefna Bebop septett Óskars Guðjónssonar, Stórsveit Reykjavíkur og Oktett Ragnheiðar Gröndal.


Tónlist Megasar verður einnig í brennipunkti laugardagskvöldið 1. október þegar Póstberarnir flytja valin verk eftir Megas í djassútsetningu á Kaffi Reykjavík. Póstberarnir eru þeir Ólafur Stolzengwald, Agnar Már Magnússon, Andrés Þór Gunnlaugsson, Eyjolfur Þorleifsson og Erik Qvick. ■



KENNY GARRETT Brátt fer að stytast í hina árlegu Jazzhátíð Reykjavíkur.

NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út bókinn **Frost** eftir Roy Jacobsen, mögnuð saga byggð á Íslendingasögum og var hún tilnefnd til Norrænu bókmenntaverðlaunanna. Þýðandi er Stefán Hjörleifsson.



Hjá Máli og menningu er komin út í kilju glæpasagan **Dansað við engil** eftir Áke Edwardson. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi. Bókin var valin besta glæpasaga ársins í Svíþjóð. Hún hefur slegið í gegn víða um heim og gerð hefur verið kvikmynd eftir henni.

Hjá Máli og menningu er komin út bókinn **Hermann** eftur Lars Saaby Christensen í þýðingu Sigrúnar Magnúsdóttur. Lars Saaby Christensen er um þessar mundir í norræni rithöfundur sem nýtur hvað mestra vinsælda í heiminum.



Hjá Máli og menningu er aftur komin út hin vinsæla bók Roalds Dahl, **Kalli og sælgætisgerðin**, í þýðingu Böðvars Guðmundssonar. Bókin er fyrir löngu orðin sigild, enda er hún bráðfyndin og frumleg og nú hefur snillingurinn Tim Burton gert eftir henni fjölskyldmynd með Johnny Depp, Helenu Bonham Carter og Christopher Lee í aðalhlutverkum.



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftast á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess. Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400 ÍSLENSKA ÓPERAN

Sopranar: **Therese MEYER, Doreen STROOS & Maria CHAPPEL**

Annie
í Austurbæ

16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

midl.is
551 4700 & 551 0200

Leikþopurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett
í Íslensku óperunni

Fös. 23. september uppselt
Fös. 30. september
Lau. 1. október
Lau. 8. október

Íslan í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Híbyli vindanna

Misstir þú af Híbýlum vindanna?

Örfáar aukasýningar í haust, sú fyrsta laugardaginn 24. september. Sýningin var tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem besta leiksýning síðasta leikárs.

Leikgerð Bjarna Jónssonar byggð á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.

Kynntu þér tvennutilboð á Híbyli vindanna og Lífsins tré á www.borgarleikhus.is eða í miðasölu s. 568 8000.

BORGARLEIKHÚSIÐ

KBBANKI
- leggur leiðstjórnina lú



„Look... I am not stupid, you know. They cannot make things like that yet.“

Sarah Connor tekur bjargvætt sinn, Kyle Reese, ekki trúanlegan í fyrstu myndinni um Tortimandann.

bíó

bio@frettabladid.is

Hver er eiginlega þessi Steve Carell?

Tvennt hefur komið á óvart í sumar. Annars vegar kvennagullin í **Wedding Crashers** sem reyndu að komast yfir konur í brúðkaupum. Hins vegar hreini sveinninn **Andy Stitzer** í **The 40 Year Old Virgin**. Vinsældir myndarinnar eru ekki síst leikaranum **Steve Carell** að þakka. Það sem margir spyrja sig hins vegar; hver er þessi **Steve Carell**?

Það væri í raun óeðlilegt ef einhver kannaðist við hann. **Carell** lék lítið hlutverk í **Bruce Almighty** þar sem **Jim Carrey** fór með aðalhlutverkið. Hann bjóst allan tímann við að atriði hans yrðu klippt út en honum til mikillar ánægju varð sú ekki raunin. Í kjölfar velgengni nýjustu myndar hans hefur verið ákveðið að gera framhald af **Bruce Almighty** með persónu **Carell** í aðalhlutverki.

Þótt hann hafi ekki verið áberandi á hvíta tjaldinu hefur **Carell** verið að skapa sér nafn sem gamanleikari í spunabáttum vestra. Það var þó ekki fyrr en honum var boðið hlutverk **Rickys Gervais** í bandarísku útgáfunni af **Office** sem hjólin fóru að snúast fyrir al-

vöru. Þættirnir fengu góða dóma og stjarna **Carells** fór að rísa fyrir alvöru.

Nú þegar **The 40 Year Old Virgin** hefur slegið svona eftirminnilega í gegn hefur leikaranum verið boðið gull og grænir skógar. Eins og svo oft vill verða með eftirsóttar stjórnur á að hamra járníð meðan það er heitt. Það er bara vonandi að hann verði ekki bara minningin ein eftir tíu ár og spurning dagsins í dag orðin „Hver var **Steve Carell**?“



> Ekki missa af ...



Bill Murray í **Broken Flowers**. Hann er frábær í hlutverki einmana piparsveins sem leggur land undir fót til að finna son sinn og barnsmóður. Þó að leikstjórinn **Jim Jarmusch** sé vissulega ekki allra stendur þessi hugljúfa mynd fyllilega fyrir sínu.

Hetjuskapur dúfnanna

Teiknimyndir njóta æ meiri vinsælda og hinar tölvuteiknuðu kvikmyndir standa leiknum myndum ekki langt að baki. Þessu er ekki síst að þakka öllum þeim stjórnnum sem hafa viljað taka þátt og tala inn á myndirnar.

Það er sami framleiðandi og sá um að koma **Skrekk-myndunum** á koppinn sem stendur að baki nýjustu teiknimyndinni, **Valiant**. Hún segir frá samnefndri dúfu sem dreymir um að verða hetja í seinni heimstyrjöldinni. Dúfan og vinir hennar sækja um að komast

í heimavarnarliðið. Öllum að övörum kemst hópurinn í gegnum prófið og skilur marga hæfa eftir í sárum. Hópnum er síðan falið að fljúga með skilaboð yfir óvinalínur þar sem þarf að verjast árásum fálka og annarra óvina.

Að hætti teiknimynda nútímans hafa margar af stærstu stjórnnum hvíta tjaldsins verið fengnar til að tala fyrir persónurnar. **Ewan McGregor** er **Valiant** auk þess sem **Ricky Gervais** og **John Cleese** fara með stór hlutverk. ■




HÆTTURNAR VÍÐA Á flugi sínu með skilaboð frá Englandi lendir dúfnaskarinn í margvislegum hættum og þarf meðal annars að berjast gegn hinum illu fálkum

FRUMSYNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



The 40 Year Old Virgin
Internet Movie Database: 7,7 / 10
Rottentomatoes: 84% / Fersk
Metacritic: 8,2 / 10



Valiant
Internet Movie Database: 5,7 / 10
Rottentomatoes: 22% / Rotin
Metacritic: 4,0 / 10



HREINI SVEINNINN Andy er fertugur og hefur ekki verið við konu kenndur. Vinir hans grípa því til óþrifaráða og reyna koma honum í kynni við konur sem gætu leyst þetta vandamál

Hvað gerir hreinn sveinn á fertugsaldri?

Hugmyndin um sveindóm og meydóm hefur verið bandarískum kvikmyndagerðarmönnum hugleikin. Yfirleitt hafa þessir tveir hlutir verið tengdir unglingarárunum. Hver man ekki eftir **Jason Biggs** og amerísku bókunni? Unglingamyndir ganga oftast út á að einhver vilji losna við sveindóminn og það gerist iðulega eftir lokaballið. Að missa sveindóminn er eitthvað sem er bandarískri dægurmenningu jafn samgróði og **McDonald's**.

Þetta sannast kannski best á vinsældum bandarísku myndarinnar **40 Year Old Virgin**. Hún tekur á þessari merkilegu athöfn sem hefur verið hafin til skýjanna. Bandaríkjamenn hafa flykkst í bíó til að sjá þennan lúða, njörð og hálfgerða aumingja sem enn hef-

ur ekki misst sveindóminn kominn á fertugsaldurinn. Skellt upp úr, hnippið í félaga sinn og hvíslað. „Hann er ekki búinn að...þú veist.“

The 40 Year Old Virgin segir frá Andy sem hefur átt fjöldann allan af kærustum. Í heimi karlmennsku og bjórdrykkju fljúga sögur úr svefnherberginu og þá kemst upp um hið „hrikalega“ leyndarmál. Hann hefur enn ekki haft mök við konu. Andy hefur haft tækifæri til þess en klúðrað þeim á einhvern undarlegan hátt. Þegar þetta skelfilega leyndarmál kemst upp á yfirborðið leggjast vinir hans á eitt og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma honum í fullorðinna manna tölu. Hæfileikar Andys eru þó betur til þess fallnir að hræða konur á brott en að tálðraga þær.

Það er **Steve Carell** sem fer með hlutverk Andys en hann er hvað þekktastur fyrir leik sinn í **Anchorman** og **Bruce Almighty**. Það var **Carell** sem fékk hugmyndina að hinum vinallega Andy en hjólin fóru ekki að snúast fyrr en hann komst í kynni við handritshöfundinn **Judd Aptow**. **Aptow** hafði séð **Carell** stela senunni í **Anchorman** og **Bruce Almighty**.

Aðrir leikarar í myndinni eru ekki þekktir hér á landi en hafa getið sér góðs orðs fyrir gamanleik í spunabáttum vestra. Þó ættu kvikmyndaáhugamenn að leggja nafn **Catherine Keener** á minnið. Hún fer með eitt aðalhlutverkanna í **Capote** ásamt **Phillip Seymour Hoffman** en þeirri mynd er spád góðu gengi á komandi hausti. ■

Oliver Stone sett skilyrði

Eins og greint hefur verið frá ætlar hinn umdeildi leikstjóri **Oliver Stone** að leikstýra mynd um árásir hryðjuverkamanna á **World Trade Center 11. september 2001**. Það var vitað fyrirfram að styr myndi standa um **Stone** enda er hann ekki þekktur fyrir að fara troðnar slóðir í verum sínum.

Nú hefur **New York-borg** sett honum ströng skilyrði fyrir því hvað hann megi sýna og hvers slags sjónbrellur hann geti notast við. Samkvæmt dálkahöfundinum **Cindy Adams** má **Stone** ekki gera stræti borgarinnar skitug, hvorki aska né persónu-

legar eigur fólks mega vera sýnileg og þá vill borgin ekki að myndir af fólki sem henti sér út úr brennandi byggingum verði hluti af innihaldinu.

Þegar hafa **Maria Bello** og **Nicolas Cage** samþykkt að leika í myndinni en hún segir sögu tveggja lögreglumanna sem festast undir braki **Tvívuraturanna**. ■

9/11 2001 Fáar árásir hafa vakið jafn sterk viðbrögð og þær sem hryðjuverkamenn gerðu á **World Trade Center** og enn sér ekki fyrir endalok áhrifa þeirra.



X-ite

unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

!

Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7



IDOL-STJÖRNULEIT
BYRJAR 30. SEPTEMBER



> Gott vín góð olía!

Margir bestu vínframleiðendur Ítalíu framleiða jafnframt há-gæða ólívuolíur. Ef fólk þekkir vínin að góðu er um að gera að kíkja á olíurnar. Einn besti vín- og ólívuolíuframleiðandi Sikilíeyjar er Planeta. Olían frá þeim er eins og vínin, bragðmikil og massív. Jómfrúarolían frá Planeta fæst í Kokku og Yndisauka og kostar 1.220 kr.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN ÞÓRDÍS HAUKSÓTTIR, AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI Á SÓLGARÐI:

Selspik og siginn fiskur er það versta sem ég fæ

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Grænmetis yfir höfuð. Svo er lambkjöt einnig í miklu upphaldi hjá mér því það er svo hollt og gott.

Fyrsta minningin um mat? Grautarnir hennar ömmu. Hún sá alltaf um eftirmatinn á heimilinu þegar ég var lítill og bjó til ýmsar tegundir af grautum, þar á meðal grjónagraut og ávaxtagraut.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Jólamáltíðin hennar mömmu. Það er ham-borgarhryggur með öllu tilheyrandi en mamma er snilldarkokkur í eldhúsinu. Hún býr allt til sjálf, líka meðlætið.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Já, selspik og siginn fiskur. Það er það versta sem ég fæ. Ég get heldur ekki borðað súrmat og finnst hrossakjöt frekar ógæðslegt. Það byrjaði á því að ég vildi ekki borða vini mína en svo komst ég að því að mér finnst það bara vont.

Leyndarmál úr eldhússkápnum? Ef ég á ítölsk krydd eins og rósmarín, oregano, timjan, steinseltu og fleira tekst mér yfirleitt að búa til eitthvað gott.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur? Ég borða ekki neitt. Ég hef aldrei tamið mér að borða neitt þegar mér líður illa. Það er kannski að ég fái mér gos því ég er algjör gossjúklingur.

Hvað áttu alltaf til í iskápnum? Ég á alltaf til mjólk og skyr. Svo á ég líka yfirleitt til grænmeti og ávexti.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Það voru einhverjir litlir kolkraubar sem ég fékk úti á Ítalíu. Þeir voru í pastasalat sem ég keypti mér og ég hef ekki hugmynd um hvað þetta eiginlega var. Þetta lá þarna með löppum og öllu saman og bragðaðist ógæðslega.



GLENFIDDICH:

Vinsælasta maltvíski veraldar

William Grant's var fyrsta fyrirtækið til að setja maltvíski á almannan markað utan Skotlands, hið heimskunna viski Glenfiddich sem er mest selda maltvíski veraldar. Mestallt viski sem er framleitt er blandað viski, oft frá ýmsum brugghúsum. Betri brugghúsin höfðu hins vegar alltaf búið til gæðamaltvíski en þau fengu ekki utan Skotlands fyrr en Grant's setti Glenfiddich á markaðinn árið 1963. Þótti það ákaflega djarfur leikur en það reyndist svo sannarlega markaður fyrir gæðaviski. Í dag er Glenfiddich

vinsælasta maltvíski veraldar og má til gamans geta að hvergi er það vinsælla en í Frakklandi en Frakkar eru mestu viskineytendur heims.

Græna þríhyrnda flaskan, Glenfiddich tólf ára Special Reserve, er þekktasta vörumerkið og fæst í öllum vínbúðum en ýmsar aðrar útgáfur eru til í Heiðrúnu og Kringlunni, svo sem 18 ára og 21 árs en 15 ára og 30 ára verða fáanlegar innan skamms.

Glenfiddich tólf ára Special Reserve kostar í vínbúðum 4.390 kr.



ÁRNI STEFÁN GYLFASON er yfirmatreiðslumeistari Iðnó

Heit eplarúlla með vanilluís

Þann 30. september verður einleikurinn *Ég er mín eigin kona* frumsýndur í Iðnó. Aðalleikari sýningarinnar er enginn annar en hinn þjóðþekkti Hilmir Snær Guðnason og leikstjóri sýningarinnar er Stefán Baldursson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri.

Ég er mín eigin kona, byggir á sannsögulegum atburðum og gerist í Berlín á stríðsárunum. Hún fjallar um mann sem ákveður einn góðan veðurdag að gerast klæðskiptingur. Hilmir Snær leikur aðalpersónu sýningarinnar sem og alla aðra sem í leiksýningunni birtast. Matseðill sýningarinnar er athyglisverður en hann samanstendur af girnilegum þýskum réttum. Ástæða þessa þýska yfirbragðs sem einkennir matseðilinn er að sjálf-

sögðu sú að sagan gerist í Berlín og því var ákveðið að tengja þessa tvo hluti saman.

Boðið er upp á forrétt, sem er rjómalöguð kóngasveppasúpa, í aðalrétt er grísnatsel með kryddsíld, kapers og parísarkartöflum og eftirrétturinn er svo heit eplarúlla með vanilluís.

Árni Stefán Gylfason, yfirmatreiðslumeistari Iðnó, segir að til þess að hægt sé að búa til góðan mat sé nauðsynlegt að hafa fyrsta flokks hráefni. Hann sviptir hér með hulunni af dýrindis uppskrift að heitri eplarúllu sem borin er fram með ís. Eplarúllan er vítaskuld á matseðli sýningarinnar og heitir Warmer Apfelstrudel mit Vanille-Eis eða Heit eplarúlla með vanilluís. Verði ykkur að góðu.



HEIT EPLARÚLLA „STRUDEL“

Fyrir 6 manns

- 6 blöð blaðdeig (filodeig)
- 4 st epli, gul
- 1 1/2 dl saxaðar valhnatur eða furuhnetur
- 3 msk rífið súkkulaði
- 2 msk sykurl
- 1 tsk kanill
- 1 dl brauðrasp
- 2 msk smjör (bráðið)
- 1 lítri vanilluís

Leggið blaðdeigsblöðin á dúk og penslið brúnirnar með smjöri. Stráið brauðraspi á helminginn af blaðdeiginu. Afhýðið eplin og skerið í litla bita. Setjið þau í skál og blandið saman við rúsinum, hnetum, súkkulaði, kanil og sykri. Dreifið þessu yfir brauðraspið, rúllið upp og setjið á bökunarplötu. Penslið með smjöri, stráið kanilsykri yfir og bakið í ca 20 mínútur við 180° C.

Berið fram með vanilluís.

sveppir

með hvítlauk og kryddjurtum

500 g íslenskir sveppir
3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 msk. ólífuolía
1 msk smjör
ferskt timjan, nokkrar greinar
nýmalaður pipar
salt
2 msk. brandí
1/2 knippi, fersk steinselja, sóxuð

Sveppirnir skornir í sneiðar eða fjórðunga.
Olía og smjör hitað á stórrí pönnu.
Sveppir og hvítlaukur sett á pönnuna, timjani, pipar og salti stráð yfir og látið krauma við meðalhita í 8–10 mín. eða þar til sveppirnir hafa tekið góðan lit.
Hrært oft í á meðan. Brandíinu er svo hellt yfir og hrært stöðugt á meðan það gufar upp. Steinseljunní stráð yfir, hrært vel og síðan er pannan tekin af hitanum.
Borið fram sem meðlæti með steiktu eða grilluðu kjöti, eða bara með brauði og salati.

ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFNANSLIJS GEA 2005 80/2005

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is

Vinsæl vinnámskeið

Að sögn stofnendanna var vinnflutningsfyrirtækið Eðalvín stofnað á sínum tíma með markmiðið „fræðsla og fagmennska“ í huga. Í ljósi þessara háleitu markmiða stofnaði Eðalvín vinskóla og stendur fyrir athyglisverðum námskeiðum um vín. Námskeiðin eru haldin á Vesturgötu 5 í jaðri Grjótaþorpsins. Vinskólinn hefur greinilega svarað eftirvæntingum



Íslendinga um vínfræðslu, því það hefur verið fullt á flest námskeið á fyrsta starfsári og fyrstu námskeiðin í haust eru mjög vel setin. Haldið verður áfram með vinsælustu námskeiðin, eins og „matur og vín“, sem er fyrsta skrefið inn í vínheiminn, en geymir líka nýja nálgun fyrir þá sem eru lengra komnir. Vín og villibráð verður einnig á dagskrá með aðstoð sérfræðinga (veiðimanna og starfsmanna Ostabúðarinnar á Skólavörðustíg). Náms-

SEPTEMBER

- 22. Matur og vín
- 29. Vín frá Ítalíu

OKTÓBER

- 6. Vín með villibráð
- 13. Blindsökkun
- 20. Matur og vín
- 27. Vín með villibráð

NÓVEMBER

- 3. Matur og vín
- 10. Blindsökkun
- 17. Matur og vín
- 24. Vín frá Ítalíu

DESEMBER

- 1. Sérri
- 8. Kampavín
- 15. Jólámat og vín

skeiðið Vín frá Ítalíu er haldið í samstarfi við La Primavera sem býður í framhaldinu sérstakan matseðil á tilboðsverði. Eftir áramót verður bryddað upp á nýjungum og boðið upp á námskeið um vínsvæði, eins og Alsace og Ástralíu – einnig mjög spennandi námskeið um sérri sem hefur komið mönnum í opna skjöldu – sérri er nefnilega meira en bara sérri! Nánari upplýsingar má finna á www.vinskoli.is en eftirfarandi námskeið eru fyrirhuguð á næstunni:

NORTON: *Söluhæstu vínin frá Argentínu*

Rauðvínin frá Bodega Norton sem byrjað var að flytja inn fyrir um ári hafa slegið í gegn á Íslandi og eru nú orðin söluhæstu vínin frá Argentínu í vínbúðum. Þar eru fimm vín á boðstólum; Norton Malbec og Norton Cabernet Sauvignon sem eru bæði í kjarnasölu, Norton Chardonnay sem er í reynslusölu og svo að lokum Norton Malbec Reserve og Norton Cabernet Sauvignon Reserve, en bæði þessi vín hafa gengið það vel í reynslusölu að þau flytjast yfir í kjarna 1. október næstkomandi og munu þá fást í flestum vínbúðum.

Vínin hafa fengið mjög góða

dóma og hefur Þorri Hringsson valið Norton Cabernet Sauvignon sem bestu kaup í Gestgjafanum og Norton Cabernet Sauvignon Reserve sem vín mánaðarins. „Annar mánuðinn í röð er argentínskt rauðvín vín mánaðarins hjá mér og ef það segir ykkur ekkert um þá möguleika sem ég tel Argentínu búa yfir þá hafið þið ekki verið að fylgjast með!“ segir Þorri. Í um-sögn sinni um Norton Cabernet Sauvignon Reserve segir hann að vinið sé „mjúkt og sérlega vel gert vín sem er á einstaklega góðu verði miðað við gæðin“.

Auk þess að fá útnefninguna

bestu kaupin hjá Þorrra fékk Norton Cabernet Sauvignon einkunnina 17/20 hjá Steingrími Sigurgeirssyni, vínrýni Morgunblaðsins.

Bodega Norton í Argentínu á sér langa sögu sem eitt af helstu víngerðarhúsum Argentínu. Húsið er þekkt fyrir að framleiða gæðavín á einkar hagstæðu verði. Víngerðin var stofnuð árið 1895 af Englendingnum Edmund Norton en hann hafði komið til Argentínu til að smíða járnbraut sem tengdi Mendoza-svæðið við Chile.

Verð í vínbúðum: Reserve-vínin kosta 1.390 kr. og hin vínin 990 kr.



VEITINGASTAÐURINN

GRILLHÚSIÐ

TRYGGVAGÖTU 20,
101 REYKJAVÍK



Amerískt
yfirbragð



Hvernig er stemningin:

Stemningin á Grillhúsinu er létt og skemmtileg með amerísku yfirbragði. Á veggjunum eru myndir af gömlum stjörnum á borð við Elvis Presley og Marilyn Monroe og þar er spilið hressandi og skemmtileg tónlist. Inni eru básar sem skapa ákveðið andrúmsloft en fyrir stóra hópa eru löng borð sem hægt er að sitja við. Það er opið frá klukkan 11.30 til 22 á virkum dögum og sunnudögum, en frá 11.30 til 23 á föstudögum og laugardögum. Grillhúsið er staður fyrir alla sem vilja gera sér glaðan dag með vínunum eða fjölskyldu.

Matseðillinn:

Á Grillhúsinu er nánast hægt að fá allt nema pitsur. Þar er mikið úrval af alls konar bragðgóðum forréttum eins og hvítlauksbrauði, laukhringjum, kjúklingavængjum og fleiru. Á aðalmatseðli má finna nánast allt sem hugurinn girnist. Mikið úrval er af góðum fiski, steikum, hamburgurum, samlokum og fleiru. Franskar fylgja öllum hamburgurum og samlokum en súpa fylgir flestum fiskiréttunum. Eftirréttirnir eru eins gírnilegir og þeir eru margir og þar má nefna bananasplitt, sjeik og sælgætisköku. Barnamatseðill er á staðnum og með honum fylgja verðlaun. Þar ættu allir krakkar að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á Grillhúsinu er hádegismatseðill frá klukkan 11.30 til 14 og með honum fylgir súpa. Frá klukkan 16 tekur svo kvöldmatseðillinn við.

Vinsælast:

Lambalundirnar eru með því vinsælasta sem hægt er að fá á Grillhúsinu. Þeim fylgir bökud kartafla, franskar, ferskt salat og heimatilbúin bernaiese-sósa. Fiskurinn með frönskunum og steiksamlokun eru réttir sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Verðið á Grillhúsinu er mjög viðráðanlegt og þar er vel útilátið á hvern disk.

Réttur dagsins:

Á Grillhúsinu er alltaf boðið upp á ferskasta fiskrétt dagsins hverju sinni.

Loksins á Íslandi á Amerískum dögum

Nýtt

... í salatsósuna
... á samlokuna
... í matargerðina

50% minni fita en í majónesi

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Burton gerir aðra brúðumynd

Tim Burton er einhver óvenjulegasti og skemmtilegasti leikstjóri Hollywood. Hann kom ánægjulega á óvart með brúðumyndinni *The Nightmare Before Christmas* og hefur nú endurtekið leikinn með brúðuteiknimyndinni *The Corpse Bride*.

„Ástæðan fyrir því að ég hætti afskiptum af teiknimyndum var sú að ég hafði ekki þolinmæði til að vinna þær,“ sagði leikstjórinn Tim Burton eitt sinn. Hann hafði reynslu af slíkri vinnu eftir að hann byrjaði feril sinn hjá Disney. Hugmyndir hans þar þóttu hins vegar of framúrstefnulegar fyrir kvikmyndarisann. Hann skildi því engar myndir eftir sig, aðeins undarlegar hugmyndir. Burton ól þó með sér þann draum að búa til nokkurs konar brúðumynd um persónur sem hann hafði skapað í upphafi níunda áratugarins. Þótt stjórnnendum Disney fyndust brúðurnar flottar og hugmyndin skemmtileg hafði enginn kjark til að setja verkefnið í framleiðslu. Samkvæmt ráðningarsamningi eignaðist Disney þó öll hugverk Burtons og brúðurnar fengu því að rykfalla í kjallarageymslu fyrirtækisins í tæpan áratug.

Pee Wee Herman skýtur upp kollinum

Burton sneri sér að leiknum myndum og gerði mynd um furðufuglinn Pee Wee Herman. Hann vakti síðan verðskuldaða athygli fyrir *Beetlejuice* þar sem Michael Keaton fór á kostum. Samstarf þeirra tveggja var ekki síðra í *Batman*-myndinni sem opnaði Burton allar dyr í Hollywood. Leðurblökumaðurinn veitti honum það frelsi sem hann þurfti og næst fékk hann lítt þekktan leikara að nafni Johnny Depp til að túlka furðuverkið Edward Scissorhands. Velgengni þeirrar myndar var þó ekki síst að þakka hálfundarlegu umhverfi sem minnti mest á teiknimynd.

Burton saknaði þó brúðanna sem hann hafði hannað á árum áður hjá Disney. Leikstjórinn gekk á fund forstjóra teiknimyndadeildar Disney, Jeffrey



THE CORPSE BRIDE Viktor dregur óvart giftingarhringinn á finger látinnar brúðar sem ris upp frá dauðum og vill kynast sannri ást.

Katzenberg, og það um að fá aðgang að brúðunum. Honum var neitað því þær væru hugmyndir fyrirtækisins. Katzenberg, sem hingað til hefur haft gott nef fyrir hæfileikum, vissi vel hvað hann var að gera. „Við framleiðum myndina,“ sagði hann. Burton lét til leiddast með því skilyrði að puttarnar möppudýranna og markaðsfræðinga yrðu víðsfjarri. Burton var í aðstöðu til að setja fram slíkar kröfur. Hann var í lykilaðstöðu vegna þess að það yrði þínlegt fyrir Disney ef það kvísaðist út að þeir hefðu neitað björtustu von Hollywood.

Martröð á jólanótt

The Nightmare Before Christmas varð því að veruleika. Burton fékk Danny Elfman til að semja söngva við söguna en þeir áttu að mynda heild utan um söguna af Jack Skellington. Burton fékk síðan góðvin sinn, Henry Selick, til að leikstýra myndinni.

Í kjölfar *Mars Attacks!* og *Planet of the Apes* óttuðust margir að brunnur Burtons væri nú tæmdur. Hann sneri þó á aðdáendur sína, gerði snilldarverkið *The Big Fish* og það þarf ekki að fjölýrða um velgengni Charlie and *The Chocolate Factory* sem er að slá í gegn úti um allan heim þessa



TIM BURTON Eftir velgengni fylgir oft brúðumynd. Þetta á við um Tim Burton en nýja brúðumyndin hans hefur heldur betur slegið í gegn hjá gagnrýnendum

dagana. Og enn á ný fylgir Burton velgengninni eftir með brúðumynd.

The Corpse Bride var frumsýnd bæði í Feneyjum og á Toronto. Hún fékk frábæra dóma og á netmiðlum er hún sögð vera betri en *The Nightmare Before Christmas*. Burton verður að éta ofan í sig þau orð að hann hafi ekki þolinmæði til að vinna við teiknimyndir því hann leikstýrir *The Corpse Bride* í samstarfi við

Mike Johnson sem var í tækni-brelluliði Martraðarinnar. Þetta gerir myndina enn forvitnilegri fyrir vikið og Danny Elfman gerir einnig tónlistina við þessa mynd. Það sem aðgreinir *The Corpse Bride* frá fyrri brúðumyndinni er að í aðalhlutverkum eru stór-stjörnur úr kvikmyndaheiminum. Góðvinur Burtons, Johnny Depp, talar fyrir aðalpersónuna Viktor, Emily Watson er Viktoría og Helena Bonham Carter ljáir líkbrúðinni rödd sína.

Myndin gerist í litlu þorpi á miðju Viktoríutímabilinu. Hún segir frá Viktori sem er ungur þvingaður til að giftast hinni ofurfeimnu Viktoríu. Undir og stórmerki gerast þegar Viktor og Viktoría verða ástfangin þvert ofan í skilgreiningar Viktoríutímabilsins um hjónaband. Nóttina fyrir hjónavígsluna er Viktor að æfa heitin sín og leggur giftingarhringinn á jörðina. Það sem hann veit hins vegar ekki er að Viktor hefur dregið hring á finger dauðrar stúlku sem nú ris upp frá dauðum og leitar hins nýja heitmanns síns.

The Corpse Bride verður frumsýnd um helgina í Bandaríkjunum og má eitthvað mikið út af bregða ef hún trónir ekki á toppnum þegar miðasalan verður gerð upp. ■



JACK OG SALLY Myndin um martröðina fyrir jólin vakti mikla athygli þótt dómar um hana hafi verið æði misjafnir. Hugmyndin og persónur myndarinnar höfðu rykfallið í kompu hjá Disney-fyrirtækinu þar til Tim Burton gaf sögunni líf.



BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500



Ella Lilja Sigursteinsdóttir
Lögg. fasteignasali



Þorarinn Kópsson
Framkv. stjóri



Kjartan Kópssó
Sölumaður



Sigríður Sigmundsdóttir
Sölumaður



Þorbjörn Þ. Pálsson
Sölumaður

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR



Skaftahlíð

Bráðskemmtileg 7 herbergja 156 fm. efri hæð og risibúð, ásamt góðum bílskúr á þessum eftirsóttastað. Íbúðin er rúmgóð og björt með góðum svölum. Stutt í alla þjónustu og miðbæinn.

Verð...kr. 37.8 millj.



Skipasund.

Virkilega góð 5 herbergja 134 fm. íbúð - hæð og ris með góðum bílskúr á þessum vinsæla stað. Góð sólverönd á lóð. Eignin er töluvert endurnýjuð m.a. gluggar / gler, rafmagn, ofnalagnir.

Verð...kr.31.9 millj.



Jörfabakki.

Falleg, rúmgóð og vel skipulögð 4ra herbergja 97 fm. íbúð á efstu hæð með frábæru útsýni til norðurs í góðu fjölbýlishúsi á þessum eftirsóttasta stað.

Verð...17.9 millj.



Gyðufell.

Mikið endurnýjuð 3ja herb. 83 fm. íbúð á annari hæð með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni í góðu fjölbýlishúsi. Mjög góð fyrstu kaup. Stutt í alla þjónustu. Laus strax.

Verð...kr.13.9 millj.



Njörvasund

Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 40 fm. íbúð með séringngangi á fyrstu hæð á þessum eftirsóttasta stað. Búið er að endurnýja rafmagnstöflu og þakjárn.

Verð...kr.11.3 millj.

www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is

Kærasti Keiru er kvensamur

Kærasti Keira Knightley, Kaz James, er búinn að segja henni upp aðeins nokkrum vikum eftir að þau byrjuðu saman. Kaz James er nú þegar farinn að leita sér að nýrri kærustu og sést hefur til hans með söngkonunni Mariuh Carey og frænku Donatellu Versace, Fransescu.

Kaz James hitti Mariuh Carey í partíi í London á dögunum. Þau spjölluðu saman í smástund og í lokin gaukaði Mariah að honum símanúmerinu sínu. Þegar Kaz reyndi svo að hringja í númerið seinna um kvöldið var slökkt á símanum hennar.

Þá tók Kaz upp á því að daðra við hina 23 ára gömlu Fransescu. Þau skemmtu sér vel saman í partíi þar sem Kaz skenkti henni Dom Perignon-kampavín. Sjónarvottur sagði í viðtali við Daily Mirror að þau hefðu ekki tekið hendurnar hvort af öðru. Einn af vinum Kaz spurði hann hvort Fransesca væri nýja kærastan hans og Kaz glotti við tönn og sagði: „Ég held það, hún er það að minnsta kosti í kvöld.“ Þau yfirgáfu klúbbinn svo klukkan 2.30 um nóttina, eflaust til að geta kynnst hvort öðru örlítið betur. ■



KEIRA KNIGHTLEY hefði líklega aldrei getað haft taumhald á fyrrverandi kærastanum sínum, hinum óstöðuga Kaz James.

[TÓNLIST] UMFJÖLLUN

Flottar pælingar

Hljómsveitin Leaves var sjóðandi heitt nafn í tónlistarbransanum fyrir nokkrum árum. Sveitin gerði stóran útgáfusamning við Dreamworks áður en fyrsta platan, Breathe, kom út. Hljómsveitinni var mikið líkt við bæði Radiohead og Coldplay á þessum tíma og þótt sá samburður eigi enn nokkurn rétt á sér, til dæmis miðað við lögin Silver Night og Killing Flies, hefur hljómsveitin Leaves breyst töluvert síðan þá.

The Angela Test er að mörgu leyti margslungnari plata en sú síðasta. Meira er unnið með ýmiss konar hljóð- og taktpælingar, þar á meðal í hinu prýðilega smáskífulagi The Spell, loklaginu Should Have Seen It All og upphafslaginu Shakma, besta lagi plötunnar. Það byrjar rólega en hraðinn eykst síðan jafnt og þétt og seinni hluti lagsins er hreint út sagt frábær með flottum trommutakti. Titillagið er einnig mjög frambærilegt þar sem bakraddirnar setja skemmtilegan



LEAVES THE ANGELA TEST

Niðurstaða: The Angela Test er nokkuð þung plata, en vinnur á við hverja hlustun. Það hefði verið skemmtilegra að heyra fleiri pælingar eins og eru í gangi í The Spell og Shakma en þær koma vonandi betur fram á næstu plötu sveitarinnar.

svip á útkomuna. Inni á milli hljómar svo nokkuð hefðbundið kassagítarpopp, sem er vissulega vandað en hreyfir lítið við manni.

The Angela Test er nokkuð þung plata, en vinnur á við hverja hlustun. Það hefði verið skemmtilegra að heyra fleiri pælingar eins og eru í gangi í The Spell og Shakma en þær koma vonandi betur fram á næstu plötu sveitarinnar.

Freyr Bjarnason



BABYSHAMBLES Hljómsveit Petes Doherty spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í næsta mánuði.

Grapevine Airwaves kemur út

Skipuleggjendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves, sem hefst 19. október, og útgefendur blaðsins Reykjavík Grapevine ásamt Icelandair hafa tekið höndum saman um að standa að daglegri blaðaútgáfu yfir hátíðina.

Blöðin munu heita Grapevine Airwaves 2005 og koma út þrisvar sinnum. Hvert tölublað verður 24 blaðsíður og gefið út í 15.000 eintökum. Blöðin verða að sjálfsgöðu á ensku, svo að allir hátíðargestir geti lesið þau.

Í blaðinu verður fjallað um hátíðina í máli og myndum, t.a.m. með viðtölum við hljóm-sveitir og listamenn sem koma fram á hátíðinni og tónleikaumfjöllun. Einnig verður fjallað um þá möguleika sem gestum hátíðarinnar standa til boða í mat, verslun og afþreyingu.

Þetta er í fyrsta skipti sem lagt er í blaðaútgáfu í tengslum við tónlistarviðburð hérlandis, en slíkt er algengt á erlendum hátíðum. ■



FRAMKOMU&FYRIRSÆTUNAMSKEIÐ

SJÓ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST
27. OG 29. SEPTEMBER.

SJÁLFSSTYRKING FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR INNSYN Í FYRIRSÆTUSTÖRF FÖRÐUN UMHIRDA HÚÐAR OG HÁRS UNDIRBÚNINGUR FYRIR MYNDATÖKU MYNDATAKA (16 SV/HV MYNDIR) TÍSKUSYNINGARGANGA FÍKNI EFNAFRÆÐSLA FRÁ GÖTUSMÍÐJUNNI MYNDBANDSUPPTÖKUR LEIKRÆN TJÁNING NÆRINGARRÁÐGGJÖF

Umjónarkennari námskeiðsins er Kristín Ásta Kristinsdóttir framkvæmdarstjóri Ford keppinnar, auk gestakennara. Kennit verður einu sinni í viku, einn og hálft tíma í senn.

